



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

Rafhönnun h.f.
Verkfræðistofa

VINNSLA OG FLUTNINGUR RAFORKU TIL ALDAMÓTA

Samanburður virkjunarleiða

III Flutningskerfi

OS81001/VOD01

Reykjavík, febrúar 1981

**Rafhönnun h.f.
Verkfræðistofa**

VINNSLA OG FLUTNINGUR RAFORKU TIL ALDAMÓTA

Samanburður virkjunarleiða

III Flutningskerfi

**OS81001/VOD01
Reykjavík, febrúar 1981**

Fjölritað af
OFFSETFJÖLRITUN HF.

EFNISYFIRLIT

	bls.
TÖFLUSKRÁ	5
VIÐAUKASKRÁ	5
1 INNGANGUR	7
2 ÁGRIP AF NIÐURSTÖÐUM	9
3 YFIRLIT YFIR VIRKJUNARLEIÐIR	10
4 ÞRÓUN FLUTNINGSKERFISINS VIÐ MISMUNANDI VIRKJUNARLEIÐIR	14
4.1 Almenn notkun, án nýrrar stóriðju	15
4.1.1 Virkjunarleið I, almenn notkun	15
4.1.2 Virkjunarleið II, almenn notkun	20
4.1.3 Virkjunarleið III, almenn notkun	25
4.1.4 Virkjunarleið IV, almenn notkun	27
4.1.5 Virkjunarleið V, almenn notkun	36
4.1.6 Virkjunarleið VI, almenn notkun	39
4.2 Almenn notkun og ný stóriðja á Grundartanga	42
4.2.1 Virkjunarleið I, stóriðja á Grundartanga	42
4.2.2 Virkjunarleið II, stóriðja á Grundartanga	48
4.2.3 Virkjunarleið III, stóriðja á Grundartanga	54
4.2.4 Virkjunarleið IV, stóriðja á Grundartanga	60
4.2.5 Virkjunarleið V, stóriðja á Grundartanga	66
4.3 Almenn notkun og ný stóriðja við Eyjafjörð	69
4.3.1 Virkjunarleið I, stóriðja við Eyjafjörð.....	70
4.3.2 Virkjunarleið II, stóriðja við Eyjafjörð	75
4.3.3 Virkjunarleið III, stóriðja við Eyjafjörð	81
4.3.4 Virkjunarleið IV, stóriðja við Eyjafjörð	88
4.3.5 Virkjunarleið V, stóriðja við Eyjafjörð	93
4.4 Almenn notkun og ný stóriðja á Reyðarfirði	97
4.4.1 Virkjunarleið I, stóriðja á Reyðarfirði	98
4.4.2 Virkjunarleið II, stóriðja á Reyðarfirði	104
4.4.3 Virkjunarleið III, stóriðja á Reyðarfirði	109
4.4.4 Virkjunarleið IV, stóriðja á Reyðarfirði	116
4.4.5 Virkjunarleið V, stóriðja á Reyðarfirði	121
4.5 Þróun flutningskerfisins fyrir mismunandi borárangur við Kröflu. Virkjunarleið I, almenn notkun	125
4.5.1 Tilvik 01, Krafla vex í 30 MW árið 1985 og er 33,3 MW árið 2000	125
4.5.2 Tilvik 02, Krafla vex í 30 MW árið 1983 og í 60 MW árið 1993	127

	bls.
4.5.3 Tilvik 03, Krafla vex í 30 MW árið 1983 og í 60 MW árið 1989	129
4.5.4 Tilvik 04, Krafla vex í 30 MW árið 1982 og í 60 MW árið 1991	130
4.5.5 Tilvik 05, Krafla vex í 60 MW árið 1986	131
4.5.6 Tilvik 06, 07, 08 og 09, Krafla vex í 60 MW árið 1985	131
4.5.7 Tilvik 11, Krafla vex í 30 MW árið 1985 og er orðin 33,3 MW árið 2000. Næstu virkjun ekki frestað	131
4.5.8 Tilvik 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18 og 19, Krafla = 60 MW árið 2000. Næstu virkjun ekki frestað	132
5 FORSENDUR	133
5.1 Grunnkerfi	133
5.2 Grundvallaruppbygging flutningskerfisins	135
5.3 Rekstraröryggi	136
5.4 Álag	138
5.5 Leyfilegt spennufall og töp	139
5.6 Varaafli	140
5.7 Kostnaðarútreikningar	141
6 NIÐURSTÖÐUR	143
HEIMILDASKRÁ	151
VIÐAUKAR 1 - 4	153-345

TÖFLUSKRÁ

	Bls.
3.1 Innsetningarár virkjana í virkjunarleið I	11
3.2 Innsetningarár virkjana í virkjunarleið II	11
3.3 Innsetningarár virkjana í virkjunarleið III	12
3.4 Innsetningarár virkjana í virkjunarleið IV	12
3.5 Innsetningarár virkjana í virkjunarleið V	13
3.6 Innsetningarár virkjana í virkjunarleið VI	13
5.4.1 Orku- og aflspá R/O-veitna	139
6.1 Núgildi kostnaðar við vinnslu og flutning raforku til aldamóta	150

VIÐAUKASKRÁ

1 Álagsflæðimyndir	153
2 Skammhlaupsafl	329
3 Hitunarmörk vírs	337
4 Línu- og vélustuðlar	339

1 INNGANGUR

Að tilhlutan Orkustofnunar hefur verkfræðistofan Rafhönnun h.f. gert áætlun um flutningskerfi raforku til næstu aldamóta. Birtist hún hér sem hefti III í heildarskýrslu um vinnslu og flutning raforku til aldamóta. Áætlunin er gerð til þess að finna megi heildarkostnað hinna ýmsu virkjunarleiða, sem til greina koma. Virkjunarleiðirnar krefjast mismunandi mikilla flutningsvirkja og á mismunandi tímum. Þau geta því haft umtalsverð áhrif í kostnaðarsamanburði.

Á undanfórnum árum hafa á vegum Orkustofnunar verið gerðar frumathuganir á framtíðarflutningskerfi raforku í landinu. Má því segja, að ekki hafi verið um óþlæðan akur að ræða, þegar hafist var handa um það verk, sem þessi skýrsla fjallar um. Nú lá hins vegar fyrir í fyrsta sinn samræmd orkuspá fyrir almenna notkun og húshitun, og tók hún til alls landsins. Gerði það verkið mun auðveldara.

Til þess að flutningskerfi séu samanburðarhæf, að því er kostnað varðar, þurfa flutningsgeta þeirra og rekstraröryggi að vera sem næst því hin sömu. Gerðir voru aflflæðisreikningar á öllum valkostum í þessu skyni. Þess var og krafist að kerfið þyldu að einhver ein lína væri ekki í rekstri án þess að það hindraði orkuflutning til notenda. Í skýrslunni er þetta nefnt (n-1)-regla. Gengið er útfrá, að framkvæmdir á flutningsvirkjum, á árunum fram til 1986 séu óháðar þeirri virkjunarleið, sem valin er.

Verkið var unnið í náinni samvinnu við Raforkudeild Orkustofnunar og Jakob Björnsson, orkumálastjóra. Einingarverð á háspennulínunum 132 kV og 220 kV voru ákvörðuð af línudeildum Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar. Haldnir voru reglulegir fundir með starfsmönnum Orkustofnunar og orkumálastjóra meðan á verkinu stóð og ákvarðanir um forsendur teknar sameiginlega. Þessa fundi sóttu einnig fulltrúar Landsvirkjunar og Rarik sem fylgdust með framgangi verksins. Verkfræðistofa Helga Sigvaldasonar h.f. annaðist þann hluta verksins er að virkjununum lýtur, svo og samanburð heildarkostnaðar virkjana og flutningskerfis og fjallar hefti II um þær athuganir. Í hefti I, sem var unnið á Orkustofnun, er gerður heildarsamanburður og niðurstöður kynntar.

Af hálfu Rafhönnunar var verkið að mestu unnið af Jóni Bergmundssyni, verkfræðingi. Aflflæðisreikningar voru unnir á Data-General tölvu Ítala h.f. og notuð forrit í eigu Rafhönnunar.

2 ÁGRIP AF NIÐURSTÖÐUM

Í ágrípi því sem hér fer á eftir er leitast við að draga fram allra mikilvægustu niðurstöður athugunarinnar.

Í töflu 6.1 á bls. 147 er sýnt núvirði kostnaðar við vinnslu og flutning raforku fram til aldamóta miðað við verðlag í júlí 1979 og 8% reiknivexti. Í raun sýnir taflan umframkostnað miðað við virkjunarleið I og enga aukningu í stóriðju umfram þá sem nú er.

Ef velja á þann kostinn sem hefur minnstan heildarkostnað í för með sér sést glögggt að virkjunarleið I er ódýrust, verði ekki um frekari stóriðju að ræða. Verði hins vegar stóriðja aukin er hagkvæmasta virkjunarleið mjög háð staðsetningu hennar. Virkjunarleið I er ódýrust ef ný stóriðja verður staðsett á Akureyri eða Grundartanga en virkjunarleið IV verði Reyðarfjörður fyrir valinu. Í kafla 3 er gerð nánari grein fyrir hinum ýmsu virkjunarleiðum.

Ef litið er á kostnað við flutningskerfið eitt sér þá er hann lægstur í virkjunarleið VI, en þar er gert ráð fyrir að reistar séu aflstöðvar af þeirri stærð sem hæfir almennri notkun í þeim landshluta, sem þær eru. Mestur verður kerfiskostnaður ef virkjað er fyrir stóriðjunotkun í fjarlægum landshluta, t.d. Fljótsdalsvirkjun, fyrir orkufrekan iðnað á Grundartanga.

3 YFIRLIT YFIR VIRKJUNARLEIÐIR

Teknar voru til athugunar sex mismunandi virkjunarleiðir eftir virkjun Hrauneyjafoss. Þó voru aðeins athugaðar fjórar virkjunarleiðir í því tilvikki að Krafla næði 60 MW afköstum árið 1986.

Tímasetning virkjananna fer mjög eftir því hvort um aukna stóriðju verður að ræða eða ei; einnig hvort Krafla verður lögð niður. Í meðfylgjandi töflum, 3.1 ... 3.6, er gerð nánari grein fyrir hinum ýmsu virkjunarleiðum.

TAFLA 3.1

Innsetningarár virkjana í virkjunarleið I

Virkjunarleið I	Innsetningarár			
	Krafla = 0		Krafla 60 MW	
	Engin stóriðja	Stóriðja 150 MW	Engin stóriðja	Stóriðja 150 MW
Blönduvirkjun 1. áf	1986	1986	1990	1987
Blönduvirkjun 2. áf.	1987		1991	
Sultartangavirkjun	1993	1988	1995	1990
Fljótsdalsvirkjun 1. áf.	1997	1990	1999	1992
Fljótsdalsvirkjun 2. áf.	1998	1992	2000	1994
Fljótsdalsvirkjun 3. áf.	1999	1996		1998
Fljótsdalsvirkjun 4. áf.				
Stórisjór og Búrfell II		1999		

TAFLA 3.2

Innsetningarár virkjana í virkjunarleið II

Virkjunarleið II	Innsetningarár			
	Krafla = 0		Krafla 60 MW	
	Engin stóriðja	Stóriðja 150 MW	Engin stóriðja	Stóriðja 150 MW
Blönduvirkjun 1. áf.	1986	1986	1990	1987
Blönduvirkjun 2. áf.	1987		1991	
Fljótsdalsvirkjun 1. áf.	1993	1988	1996	1990
Fljótsdalsvirkjun 2. áf.	1994	1989	1997	
Fljótsdalsvirkjun 3. áf.	1996	1991	1999	1994
Fljótsdalsvirkjun 4. áf.	1999			
Stórisjór og Búrfell II		1994		1997
Sultartangavirkjun		1997		

TAFLA 3.3

Innsetningarár virkjana í virkjunarleið III

Virkjunarleið III	Innsetningarár			
	Krafla = 0		Krafla 60 MW	
	Engin stóriðja	Stóriðja 150 MW	Engin stóriðja	Stóriðja 150 MW
Sultartangavirkjun	1986	1986	1990	1987
Blönduvirkjun 1. áf.	1991	1988	1994	1989
Blönduvirkjun 2. áf.	1992		1995	
Fljótsdalsvirkjun 1. áf.	1997	1990	1999	1992
Fljótsdalsvirkjun 2. áf.	1998	1992	2000	1994
Fljótsdalsvirkjun 3. áf.	1999	1996		1998
Stjórissjór og Búrfell II		1999		

TAFLA 3.4

Innsetningarár virkjana í virkjunarleið IV

Virkjunarleið IV	Innsetningarár			
	Krafla = 0		Krafla 60 MW	
	Engin stóriðja	Stóriðja 150 MW	Engin stóriðja	Stóriðja 150 MW
Fljótsdalsvirkjun 1. áf.	1986		1990	1987
Fljótsdalsvirkjun 2. áf.	1989	1986	1992	1988
Fljótsdalsvirkjun 3. áf.	1991	1988	1994	1990
Fljótsdalsvirkjun 4. áf.	1994		1997	
Blönduvirkjun 1. áf.	1997			
Blönduvirkjun 2. áf.	1999	1990	1999	1991
Stórisjór og Búrfell II		1994		1997
Sultartangavirkjun		1997		2000

TAFLA 3.5

Innsetningarár virkjana í virkjunarleið V

Virkjunarleið V	Innsetningarár			
	Krafla = 0		Krafla 60 MW	
	Engin stóriðja	Stóriðja 150 MW	Engin stóriðja	Stóriðja 150 MW
Sultartangavirkjun	1986	1986		
Stórisjór og Búrfell II	1991	1988		
Blönduvirkjun 1. áf.	1995			
Blönduvirkjun 2. áf.	1997	1990		
Fljótsdalsvirkjun 1. áf.	2000	1993		
Fljótsdalsvirkjun 2. áf.		1996		
Fljótsdalsvirkjun 3. áf.		1999		

TAFLA 3.6

Innsetningarár virkjana í virkjunarleið VI

Virkjunarleið VI	Innsetningarár			
	Krafla = 0		Krafla 60 MW	
	Engin stóriðja	Stóriðja 150 MW	Engin stóriðja	Stóriðja 150 MW
Bessastaðaárvirkjun	1986			
Blönduvirkjun 1. áf.	1987			
Blönduvirkjun 2. áf.	1990			
Sultartangavirkjun	1995			
Stórisjór og Búrfell II	1998			

4 ÞRÓUN FLUTNINGSKERFISINS VIÐ MISMUNANDI VIRKJUNARLEIÐIR

Í þessum kafla er tekin fyrir þróun flutningskerfisins til aldamóta og sýnt hvernig hún er háð þeirri virkjunarleið sem valin er. Í kafla 4.1 er eingöngu miðað við almennan markað og þá stóriðjunotkun, sem þegar er umsamin. Þar er fjallað um þær virkjunarleiðir sem athugaðar voru bæði með og án Kröfluvirkjunar í rekstri.

Í köflum 4.2, 4.3 og 4.4 er fjallað um þróun línukerfisins fyrir hinar ýmsu virkjunarleiðir, á grundvelli þess að auk almennu notkunarinnar og umsaminnar stóriðju komi 150 MW stóriðja í þremur jafnstórum áföngum á einum af þremur mismunandi stöðum á landinu. Í kafla 4.2 er þessi nýja stóriðja á Grundartanga, í kafla 4.3 er hún við Eyjafjörð og í kafla 4.4 er nýja stóriðjan á Reyðarfirði. Þessi tilvik eru athuguð fyrir virkjunarleiðir með og án Kröflu.

Í kafla 4.5 er fjallað um þróun flutningskerfisins fyrir mismunandi borárangur við Kröflu, sbr. kafla 4, hefti II.

4.1 Almenn notkun, án nýrrar stóriðju

Í þessum hluta er tekin fyrir þróun í línukerfum hinna ýmsu virkjunarleiða. Hér er aðeins miðað við þá aukningu í orkueftirspurn sem fram kemur í orkuspá. Ekki er um neina stóriðja að ræða, aðra en þá sem þegar er umsamin. Teknar voru fyrir allar sex virkjunarleiðirnar án Kröflu en aðeins þær fjórar fyrstu með Kröflu í rekstri.

4.1.1 Virkjunarleið I, almenn notkun

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið I koma eftirtaldar virkjanir:

1986	Blönduvirkjun 1. áf. 90 MW
1987	Blönduvirkjun 2. áf. 90 MW
1993	Sultartangavirkjun 120 MW
1997	Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 82,5 MW
1998	Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 82,5 MW
1999	Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 82,5 MW

1986 - 1992. Í byrjun er Blönduvirkjun eingöngu tengd með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar. Í eðlilegu rekstrarástandi með Blönduvirkjun á fullum afköstum skiptist framleiðsla hennar nokkuð jafnt til austurs og vesturs.

Hættulegasta bilun í landskerfinu er þá slit á línunni austur frá Blöndu, en þá þarf að flytja mjög mikið afl um Suðausturlínu til Austfjarða og þaðan áfram til Norðurlands. Þetta er mögulegt með því að gangsetja tiltækar varastöðvar á Austurlandi og Norðurlandi eystra og með því að skipta R/O-veitum þar yfir á olíu. Þó verður fljótlega að styrkja flutningsgetu kerfisins til Akureyrar og er það gert hér með því að byggja nýja 132 kV línu frá Blöndu til Varmahlíðar árið 1989, þaðan koma hún um Heljardalsheiði til Dalvíkur og áfram til Akureyrar árið 1990.

Landskerfið þolir á þessu stigi slit á hvaða línu sem er, en þó er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu Blönduvirkjunar ef línun vestur frá Blöndu slitnar. Ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á málafli er ekki þörf á að setja varastöðvar í gang.

Undir lok þessa tímabils koma fram erfiðleikar í að halda uppi nægilega hárrí spennu á Landsvirkjunarsvæðinu við slit á einni 220 kV línu, þó svo varastöðvar séu settar í gang. Til lausnar þeim vanda er gert ráð fyrir 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi 1992.

Önnur helsut vandamál á þessum tíma varða spennustýringu kerfisins á Austurlandi við slit á annaðhvort Austurlínu eða Suðausturlínu. En með því að skipta R/O-veitum yfir á olíu og nota þéttavirkið á Hryggstekk má ráða við það vandamál.

1993 - 1996. Sultartangavirkjun tengist kerfinu árið 1993 með 220 kV línu að Hrauneyjafossi, en þó svo að hún bætist við á Þjórsársvæðinu er ekki þörf á nýrri línu þaðan. Með því að setja þéttavirki á Geitháls er hægt að fresta nýrri línu þangað um nokkur ár. Þéttavirkinu á Hryggstekk er sama ár breytt í thyristorstýrt þéttavirki (SVS) til spennustýringar og þá sérstaklega í bilunartilvikum. Á þann hátt á að vega hægt að tryggja gott rekstrarástand í Austurlandskerfinu við slit á Austurlínu eða Suðausturlínu.

1997 - 2000. Árið 1997 kemur nú 220 kV lína frá Sultartangavirkjun að Geithálsi. Álag er þá orðið það mikið á Reykjavíkursvæðinu og Reykjanesinu að kerfið þolir ekki slit á Búrfellslínu I, þó varastöðvar séu gangsettar.

Sama ár tengist 1. áfangi Fljótsdalsvirkjunar inn á kerfið með 132 kV tengingu inn á Austurlínu. Árið eftir kemur síðan 2. áfangi virkjunarinnar í gagnið og bætist þá við ný 132 kV lína að Hryggstekk. Framleiðsla virkjunarinnar fer aðallega í að metta orkumarkaðinn á Austurlandi, en þó fer nokkuð eftir Austurlínu til Norðurlands og eftir Suðausturlínu inn á Þjórsársvæðið.

Árið 1999 kemur síðan þriðji áfangi Fljótsdalsvirkjunar og bætist þá við 220 kV lína frá Fljótsdal að Akureyri, en línan er rekin á 132 kV til að byrja með. Við þessa framkvæmd aukast mjög orkuflutningar frá Fljótsdalsvirkjun til Norðurlands og sér þá Fljótsdalsvirkjun mest öllu Norðurlandi fyrir raforku.

Framleiðsla Blönduvirkjunar þarf nú að fara meira vestur á bóginn inn á Vesturland og Vestfirði. Er þá álag á línuna vestan Blöndu orðið mjög mikið þar sem framleiðsla Blönduvirkjunar (180 MW) fer að mestu um þá línu. Er álagið komið nálægt þeim hitunarmörkum sem gilda fyrir slíkar línur. Spennufall og launaflstöp í línunni eru því mjög mikil og er erfitt að halda uppi nægilega góðri spennu. Einnig myndi Blönduvirkjun nýtast illa við slit á þessari línu. Af þeim sökum, er gert ráð fyrir því, að árið 1999 verði byggð ný lína frá Blönduvirkjun að Hrútatungu. Sú lína er byggð fyrir 220 kV en rekin á 132 kV.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- 1987
- 1988
- 1989 Blönduvirkjun - Varmahlíð, 132 kV lína.
- 1990 Varmahlíð - Dalvík - Akureyri, 132 kV lína.
- 1991
- 1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
- 1993 Sultargangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun 220 kV lína.
- "- Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR.
- 1994
- 1995
- 1996
- 1997 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- "- Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
- 1998 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
- 1999 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
- "- Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
- 2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið I koma eftirtaldar virkjanir:

1990	Blönduvirkjun	1. áf.	90 MW
1991	Blönduvirkjun	2. áf.	90 MW
1995	Sultartangavirkjun		120 MW
1999	Fljótsdalsvirkjun	1. áf.	82,5 MW
2000	Fljótsdalsvirkjun	2. áf.	82,5 MW

1986 -1994. Tilvist Kröflu gerir allan rekstur 132 kV byggðalínukerfisins mun auðveldari. Ekki er nú lengur þörf á að styrkja flutningskerfið að Akureyri, þar sem Kröfluvirkjun getur vel séð fyrir markaðnum á Norðurlandi við slit á línum norðan Hrutatungu og flutningsgeta Suðausturlínu verður ekki takmarkandi í slíkum tilvikum. Einnig bætir Kröfluvirkjun rekstrarástandið á Austurlandi við slit á Suðausturlínu. Má segja að Kröfluvirkjun sé mjög vel staðsett í kerfinu og nýtist vel bæði Norðurlandi og Austurlandi.

Fyrri áfangi Blönduvirkjunar kemur í rekstur árið 1990 og tengist með tveimur 132 kV línum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Vamahlíðar. Seinni áfangi Blönduvirkjunar kemur síðan í gagnið árið eftir.

Blönduvirkjun sér nú að mestu fyrir markaðnum á Norðurlandi, en stór hluti framleiðslunnar fer inn á Vesturland og Vestfirði. Framleiðsla Kröfluvirkjunar fer nú aðallega til Austurlands. Við slit á línum vestan Blöndu er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu virkjunarinnar, þar sem flytja þarf stóran hluta framleiðslu hennar ásamt framleiðslu Kröfluvirkjunar austur á land og þaðan um Suðausturlínu upp á Þjórsársvæðið.

Fyrstu árin eftir tilkomu Blönduvirkjunar er þó uppsett afl það mikið í landskerfinu, að ef keyra má aðrar virkjanir á málafli þá er notkunar varastöðva ekki þörf við slík línuslit. Ný lína frá Blönduvirkjun að Hrutatungu kemur því ekki fyrr en árið 1994. Sú lína verði byggð fyrir 220 kV spennu, en rekin á 132 kV.

Árið 1992 yrði ekki lengur hægt að halda viðunandi spennu á Geithálsi við slit á Búrfellslínu I, þó varastöðvar væru í gangi. Það ár kemur því 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

Árið 1993 er þéttavirkinu á Hryggstekk breytt í thyristorstýrt þéttavirki. Á þann hátt má tryggja gott og stöðugt spennuástand á Austurlandi við slit á Austurlínu.

1995 - 2000. Sultartangavirkjun kemur í rekstur árið 1995 og tengist við kerfið með 220 kV línu að Hrauneyjafossi.

Ekki er þörf á frekari styrkingu línukerfisins fyrr en 1997 þegar ný 220 kV lína kemur frá Sultartangavirkjun að Geithálsi. Þá er álag orðið það mikið á Reykjavíkursvæðinu að kerfið þolir ekki slit á Búrfellslínu I. Þessi lína verði af sömu gerð og Hrauneyjafosslína að Brennimel.

Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur síðan í rekstur árið 1999. Virkjunin tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Austurlínu og ný 132 kV lína kemur árið 2000 frá virkjuninni að Hryggstekk. Það ár kemur annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar í rekstur. Flutningar verða nú nokkrir frá Austurlandi og kemur því 220 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Akureyri árið 2000. Línan er þó rekin á 132 kV spennu í fyrstu.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986

1987

1988

1989

1990 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.

1991

1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

1993 Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR.

1994 Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

1995 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafoss, 220 kV lína.

1996

1997 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

1998

1999 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.

2000 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.

-"-

Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, rekin á 132 kV.

4.1.2 Virkjunarleið II, almenn notkun

a) Krafla - 0

Í virkjunarleið II koma eftirtaldar virkjanir:

- 1986 Blönduvirkjun 1. áf. 90 MW
- 1987 Blönduvirkjun 2. áf. 90 MW
- 1993 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 82,5 MW
- 1994 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 82,5 MW
- 1996 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 82,5 MW
- 1999 Fljótsdalsvirkjun 4. áf. 82,5 MW

1986 - 1992. Í byrjun er Blönduvirkjun eingöngu tengd með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar. Í eðlilegu rekstrarástandi með Blönduvirkjun á fullum afköstum skiptist framleiðsla hennar nokkuð jafnt til austurs og vesturs út frá virkjuninni.

Hættulegasta bilun í landskerfinu er slit á línunni austur frá Blöndu, en þá þarf að flytja mjög mikið afl um Suðausturlínu til Austfjarða og þaðan áfram til Norðurlands. Þetta er mögulegt með því að gangsetja tiltækar varastöðvar á Austurlandi og Norðurlandi eystra og með því að skipta R/O-veitum þar yfir á olíu. Þó verður fljótlega að styrkja flutningsgetu kerfisins til Akureyrar og er það gert hér með því að byggja nýja 132 kV línu frá Blöndu til Varmahlíðar árið 1989 og þaðan um Heljardalsheiði til Dalvíkur og síðan áfram til Akureyrar árið 1990.

Landskerfið þolir nú orðið slit á hvaða línu sem er, en þó er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu Blönduvirkjunar ef línan vestur frá Blöndu slitnar. Ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á málafla er ekki þörf á að setja varastöðvar í gang.

Undir lok þessa tímabils koma fram erfiðleikar í að halda uppi nægilega hárrí spennu á Landsvirkjunarsvæðinu við slit á einni 220 kV línu, þó svo varastöðvar séu settar í gang. Til lausnar þeim vanda er gert ráð fyrir 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi 1992.

Helstu önnur vandamál á þessum tíma varða spennustýringu kerfisins á Austurlandi við slit á annaðhvort Austurlínu eða Suðausturlínu. En með því að skipta R/O-veitum yfir á olíu og nota þéttavirkið á Hryggstekk má ráða við það vandamál.

1993 - 1995. Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur inn á kerfið árið 1993. Virkjunin er tengd inn á Austurlínu með tveimur 132 kV línunum, en einnig bætist við ný 132 kV lína frá virkjuninni að Hryggstekk. Nauðsynlegt er að hafa tvær línur að Hryggstekk eða gera aðgerðir til spennustýringar Austurlandskerfisins til að tryggja gott rekstrarástand við slit á línunni frá virkjuninni. Framleiðsla virkjunarinnar fer að mestu leyti á markað fyrir austan, en lítill hluti fer eftir Austurlínu og Suðausturlínu.

Árið 1994 bætist síðan við 2. áfangi Fljótsdalsvirkjunar. Sú framleiðsla þarf að fara á markað utan Austurlands. Því er gert ráð fyrir nýrri 220 kV línu frá Fljótsdalsvirkjun til Akureyrar árið 1995. Sú lína yrði í fyrstu rekin á 132 kV, aðallega til að fresta byggingu 220 kV tengivirkis á Akureyri.

Um leið og 2. áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur inn á kerfið tekur virkjunin að miklu leyti við markaðnum á Norðurlandi. Framleiðsla Blönduvirkjunar þarf því að fara meira inn á Vesturland og Vestfirði. Til að tryggja þá flutninga er gert ráð fyrir nýrri línu frá Blönduvirkjun að Hrútatungu árið 1994. Sú lína er byggð sem 220 kV lína, en rekin á 132 kV.

1996 - 2000. Þriðji áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í gægnið árið 1996. Sama ár er rekstrarspenna á línunni til Akureyrar hækkuð í 220 kV. Aukast þá til muna flutningar að austan inn á Norðurland.

Árið 1997 er nauðsynlegt að byggja nýja línu frá Hrauneyjafossi að Geithálsi vegna þess að spennuástand á Geithálsi við slit á Búrfellslínu er mjög lélegt.

Við slit á 220 kV línunni frá Fljótsdalsvirkjun til Akureyrar er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu Fljótsdalsvirkjunar, en hins vegar er uppsett afl það mikið á kerfinu, að ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á málafla er ekki þörf á að gangsetja neinar varastöðvar.

Samfara 4. áfanga Fljótsdalsvirkjunar árið 1999 kemur ný 220 kV lína frá henni að Hrauneyjafossi. Kerfið er þá í góðu jafnvægi og þolir þá slit á hvaða línu sem er.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
1987
1988
1989 Blönduvirkjun - Varmahlíð, 132 kV lína.
1990 Varmahlíð - Dalvík - Akureyri, 132 kV lína.
1991
1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
1993 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
-"- Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
1994 Blönduvirkjun - Hrutatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
1995 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, er rekin á 132 kV spennu.
1996 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri sett á 220 kV spennu.
-"- Byggð upp 220 kV tengivirki á Akureyri og í Fljótsdal.
1997 Hrauneyjafossvirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
1998
1999 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
-"- Lokið 220 kV tengivirki við Fljótsdal og spennaafli aukið.
2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið II koma eftirtaldar virkjanir:

- 1990 Blönduvirkjun 1. áf. 90 MW
1991 Blönduvirkjun 2. áf. 90 MW
1996 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 82,5 MW
1997 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 82,5 MW
1999 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 82,5 MW

1986 - 1995. Tilvist Kröflu gerir allan rekstur 132 kV byggðalínukerfisins mun auðveldari. Ekki er nú lengur þörf á að styrkja flutningskerfið að Akureyri, þar sem Kröfluvirkjun getur vel séð fyrir markaðnum á Norðurlandi við slit á línunum norðan Hrutatungu og flutningsgeta Suðausturlínu verður ekki takmarkandi í slíkum tilvikum. Einnig

bætir Kröfluvirkjun rekstrarástandið á Austurlandi við slit á Suðausturlínu. Má segja að Kröfluvirkjun sé mjög vel staðsett í kerfinu og nýtist vel bæði Norðurlandi og Austurlandi.

Fyrsti áfangi Blönduvirkjunar kemur í rekstur árið 1990 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar. Seinni áfangi Blönduvirkjunar kemur síðan í gagnið árið eftir.

Blönduvirkjun sér nú að mestu fyrir markaðnum á Norðurlandi, en stór hluti framleiðslunnar fer inn á Vesturland og Vestfirði. Framleiðsla Kröfluvirkjunar fer nú aðallega til Austurlands. Við slit á línunum vestan Blöndu er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu virkjunarinnar þar sem flytja þarf stóran hluta framleiðslu hennar ásamt framleiðslu Kröfluvirkjunar austur á land og þaðan um Suðausturlínu upp á Þjórsársvæðið.

Fyrstu árin eftir tilkomu Blönduvirkjunar er þó uppsett afl það mikið í landskerfinu, að ef keyra má aðrar virkjanir á málafli er notkun varastöðva ekki þörf við slík línuslit. Ný lína frá Blönduvirkjun að Hnútatungu kemur því ekki fyrr en árið 1994. Sú lína verði byggð fyrir 220 kV spennu, en rekin á 132 kV.

Árið 1992 yrði ekki lengur hægt að halda viðunandi spennu á Geithálsi við slit á Búrfellslínu I, þó varastöðvar væru í gangi. Það ár kemur því 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

Árið 1993 er þéttavirkinu á Hryggstekk breytt í thyristorstýrt þéttavirki. Á þann hátt má tryggja gott og stöðugt spennuástand á Austurlandi við slit á Austurlínu.

1996 - 2000. Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1996 og tengist virkjunin með tveimur 132 kV línunum inn á Austurlínu. Framleiðsla virkjunarinnar fer nú mest öll í að metta Austurlandsmarkað, en þó fer hluti hennar eftir Austurlínu inn á Norðurland.

Tilvist Kröflu gerir það að verkum, að erfiðara er að koma framleiðslu Fljótsdalsvirkjunar eftir Austurlínu inn á Norðurland þar sem línun milli Kröflu og Akureyrar verður fljótt takmarkandi á flutningana. Því

er nauðsynlegt samfara öðrum áfangi Fljótsdalsvirkjunar árið 1997 að auka flutningsgetu kerfisins frá Austurlandi. Árið 1997 kemur 220 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hrauneyjafossi og ári seinna kemur ný 132 kV lína frá virkjuninni að Hryggstekk.

Árið 1997 verður einnig að koma ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi að Geithálsi. Er þá ekki lengur hægt að halda uppi nægilega góðri spennu á Geithálsi við slit á Búrfellslínu I, þó svo allt varaafli sé gangsett. Þessi nýja lína verði sömu gerðar og línan frá Hrauneyjafossi að Brennimeil. Eftir þessar línufræmkvæmdir verða talsverðir flutningar frá Fljótsdalsvirkjun inn á Landsvirkjunarsvæðið við eðlilegt rekstrarástand.

Erfiðast er að mæta sliti á hálendislinunni frá Fljótsdal að Hrauneyjafossi, en þá er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu Fljótsdalsvirkjunar. Hins vegar er uppsett afl í landskerfinu það mikið að ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á málafli er ekki þörf á að gangsetja varaafli.

Þriðji áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1999. Það sama ár kemur ný 220 kV lína frá virkjuninni til Akureyrar. Tilkoma línunnar auðveldar mjög orkuflutninga frá Fljótsdalsvirkjun og þá sérstaklega við slit á hálendislinu að Hrauneyjafossi. Við eðlilegt rekstrarástand verða þó flutningar að Akureyri frá Fljótsdalsvirkjun ekki miklir fyrst og fremst vegna áhrifa Kröfluvirkjunar, sem sér að mestu leyti fyrir markaðnum á Akureyri. Framleiðsla Blönduvirkjunar fer að mestu inn á Vesturland og Vestfirði.

Fljótsdalsvirkjun tekur markaðinn á Austurlandi og flutningar eftir hálendislinu inn á Landsvirkjunarsvæðið eru nokkuð miklir. Landskerfið þolir nú orðið vel slit á hvaða línu sem er án þess að til vandræða horfi.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986

1987

1988

1989

1990 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línum.

1991

1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

1993 Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR.

1994 Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, rekin á 132 kV spennu.

1995

1996 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línum.

1997 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafoss, 220 kV lína.

"- Byggt upp 220 kV tengivirki við Fljótsdal.

"- Hrauneyjafossvirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

1998 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.

"- Byggt upp 220 kV tengivirki á Akureyri og lokið við tengivirki í Fljótsdal og spennaafli aukið.

2000

4.1.3 Virkjunarleið III, almenn notkun

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið III koma eftirtaldar virkjanir:

1986 Sultartangavirkjun 120 MW

1991 Blönduvirkjun 1. áf. 90 MW

1992 Blönduvirkjun 2. áf. 90 MW

1997 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 82,5 MW

1998 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 82,5 MW

1999 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 82,5 MW

1986 - 1990. Sultartangavirkjun sem kemur inn árið 1986 tengist inn á landskerfið með 220 kV línu að Hrauneyjafossi. Flutningar verða nú nokkuð miklir eftir línunni að Brennimer og þaðan inn á 132 kV kerfið.

Erfiðustu bilanatilvik á þessum tíma eru slit á Hrauneyjafosslínu, á línunum norðan Hrútatungu og á Suðausturlínu. Við slit á Hrauneyjafosslínu þarf að flytja orkuna inn á byggðalínukerfið um Geitháls og þaðan upp að Brennimer. Spennuástand verður erfitt á Vesturlandi, en þó ganga málin upp ef allar varastöðvar á Reykjavíkursvæðinu, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi eru gangsettar og R/O-veitur settar yfir á olíu.

Við slit á Suðausturlínu þarf að flytja mikla orku um Vesturland og Norðurland til Austfjarða. Með notkun varastöðva og með því að setja R/O-veitur yfir á olíu verður rekstrarástand viðunandi.

Við slit á línunni milli Hrútatungu og Laxárvatns þarf að flytja mikið um Suðausturlínu til Norðurlands. Með því að nota allt varaafli fyrir norðan og austan og með því að setja R/O-veitur yfir á olíu þá dugur kerfið fyrstu árin.

Fljótlega er þó nauðsynlegt að auka flutningsgetu kerfisins til Akureyrar við slíkt slit og er það gert með byggingu línu frá Hrútatungu um virkjunarsvæði Blöndu til Varmahlíðar árið 1989 og árið eftir áfram til Dalvíkur og síðan Akureyrar. Línan frá Hrútatungu að virkjunarsvæði Blöndu er byggð sem 220 kV lína, en hinar eru 132 kV línur. Þessar línur bæta einnig mikið rekstur kerfisins við slit á Suðausturlínu.

1991 - 1996. Fyrsti áfangi Blönduvirkjunar kemur í gagnið árið 1991. Virkjunin er þá tengd inn á Norðurlínu á milli Laxárvatns og Varmahlíðar og einnig nýju línunum að Hrútatungu og Varmahlíð. Annar áfangi virkjunarinnar kemur síðan inn árið eftir. Það ár er einnig nauðsynlegt að setja upp 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi til að tryggja nægilega háa spennu á Landsvirkjunarsvæðinu við slit á Búrfellslínu I.

Helstu önnur vandamál á þessu tímabili varða spennustýringu raforkukerfisins á Austurlandi við slit á Austurlínu eða Suðausturlínu. Með því að notfæra sér það þéttavirki sem þar verður til staðar ásamt varaafli og R/O-veitum sem skipta má yfir á olíu má tryggja viðunandi ástand fyrstu árin. Árið 1993 er þó gert ráð fyrir að þéttavirkinu á Hryggstekk verði breytt í thyristorstýrt þéttavirki og stækkað um leið í 50 MVAR til þess að tryggja gott rekstrarástand og þá sérstaklega við slit á Austurlínu eða Suðausturlínu.

1997 - 2000. Árið 1997 kemur ný 220 kV lína frá Sultartangavirkjun að Geithálsi. Álag er þá orðið það mikið á Reykjavíkursvæðinu og Reykjanesinu að kerfið þolir ekki slit á Búrfellslínu I, þó varastöðvar séu gangsettar.

Sama ár tengist 1. áfangi Fljótsdalsvirkjunar inn á kerfið með 132 kV tengingu inn á Austurlínu. Árið eftir kemur síðan 2. áfangi virkjunarinnar í gagnið og bætist þá við ný 132 kV lína að Hryggstekk. Framleiðsla Blönduvirkjunar fer nú að mestu vestur á bóginn inn á Vesturland og Vestfirði um þær tvær línur sem þar eru fyrir hendi. Fljótsdalsvirkjun tekur markaðinn á Austurlandi og hluta markaðarins á Norðurlandi. Árið 1999 kemur ný 220 kV lína frá virkjuninni til Akureyrar, og er hún rekin á 132 kV í fyrstu.

Kerfið er nú í góðu jafnvægi og þolir nú slit á hvaða línu sem er, en þó er erfitt að fullnýta framleiðslugetu Fljótsdalsvirkjunar við slit á Austurlínu.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun 220 kV lína.
- 1987
- 1988
- 1989 Hrutatunga - Virkjunarsvæði við Blöndu, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
- "- Virkjunarsvæði við Blöndu - Varmahlíð, 132 kV lína.
- 1990 Varmahlíð - Dalvík - Akureyri, 132 kV lína.
- 1991 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- "- Blönduvirkjun tengd inn á línur að Varmahlíð og Hrutatungu.
- 1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
- 1993 Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR.
- 1994
- 1995
- 1996
- 1997 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- "- Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

- 1998 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
1999 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á
132 kV spennu.
2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið III koma eftirtaldar virkjanir.

- 1990 Sultartangavirkjun 120 MW
1994 Blönduvirkjun 1. áf. 90 MW
1995 Blönduvirkjun 2. áf. 90 MW
1999 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 82,5 MW
2000 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 82,5 MW

1986 - 1993. Kröfluvirkjun gerir allan rekstur 132 kV byggðalínukerfisins mun auðveldari. Ekki er nú lengur þörf á að styrkja flutningskerfið að Akureyri, þar sem Kröfluvirkjun getur vel séð fyrir markaðnum á Norðurlandi við slit á línunum norðan Hrutatungu og flutningsgeta Suðausturlínu verður ekki takmarkandi í slíkum tilvikum. Einnig bætir Kröfluvirkjun rekstrarástand á Austurlandi við slit á Suðausturlínu. Má segja að Kröfluvirkjun sé mjög vel staðsett í kerfinu og nýtist vel bæði á Norðurlandi og Austurlandi.

Sultartangavirkjun kemur í rekstur árið 1990 og tengist með 220 kV línu að Hrauneyjarfossi. Flutningar inn á byggðalínukerfið við Brennimmel aukast nú smám saman og þar með eykst álagið á Hrauneyjafosslínu að Brennimmel.

Við slit á Hrauneyjafosslínu verður að flytja mikið afl um Geitháls og þaðan upp að Brennimmel. Verður þá erfitt að halda nægilega góðri spennu á Brennimmel og annars staðar á Vesturlandi. Ekki er heldur hægt að halda viðunandi spennu á Geithálsi við slit á Búrfellslínu I. Því kemur árið 1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi

Árið 1993 er gert ráð fyrir að þéttavirkið á Hryggstekki verði stækkað í 50 MVAR og breytt í thyristorstýrt virki. Á þann hátt má tryggja gott spennuástand á Austurlandi við slit á Austurlínu.

1994 - 2000. Fyrri áfangi Blönduvirkjunar kemur í rekstur árið 1994 og sá seinni árið eftir. Virkjunin tengist í fyrstu með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar.

Framleiðsla virkjunarinnar fer í fyrstu í að metta markaðinn á Norðurlandi en eftir tilkomu seinni áfanga virkjunarinnar verða flutningar miklir inn á Vesturland og Vestfirði. Þarf því fljótlega að styrkja flutningsgetu kerfisins frá Blöndu vestur á bóginn. Ný 220 kV lína, sem rekin verður á 132 kV verður því reist árið 1996 milli Blöndu og Hrútatungu.

Álag á Geithálssvæðinu er nú orðið það mikið, að ekki er hægt að halda nægilega hárrí spennu þar við slit á Búrfellslínu I, þó svo allar varastöðvar séu gangsettar. Af þeim sökum kemur ný 220 kV lína frá Sultartangavirkjun að Geithálsi árið 1997. Sú lína verði af sömu gerð og Hrauneyjafosslína að Brennimel.

Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í gagnið árið 1999 og tengist virkjunin með tveimur 132 kV línunum inn á Austurlínu. Virkjunin tekur nú við markaðnum á Austurlandi og við það fer framleiðsla Kröfluvirkjunar eingöngu inn á Norðurland og framleiðsla Blönduvirkjunar fer því í auknum mæli inn á Vesturland og Vestfirði. Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 2000 og er þá byggð 220 kV lína frá Fljótsdal til Akureyrar, en hún er þó rekin á 132 kV fyrstu árin. Einnig kemur ný 132 kV lína frá Fljótsdal að Hryggstekk það ár.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986

1987

1988

1989

1990 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun 220 kV lína.

1991

1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi

1993 Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR

1994 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum

1995

- 1996 Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV.
1997 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
1998
1999 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línum.
2000 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
-"- Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

4.1.4 Virkjunarleið IV, almenn notkun

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið IV koma eftirtaldar virkjanir:

- 1986 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 82,5 MW
- 1989 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 82,5 MW
- 1991 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 82,5 MW
- 1994 Fljótsdalsvirkjun 4. áf. 82,5 MW
- 1997 Blönduvirkjun 1. áf. 90 MW
- 1999 Blönduvirkjun 2. áf. 90 MW

1986 - 1990. Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur inn árið 1986. Virkjunin er í fyrstu tengd með tveimur 132 kV línum inn á Austurlínu. Þessi fyrsti áfangi fellur vel að raforkukerfinu, helmingur framleiðslunnar fer á markað á Austurlandi, en hinn helmingurinn fer til Norðurlands um Austurlínu. Þó önnur hvor línan út frá virkjuninni slitni dugur hin til að koma allri framleiðslunni áleiðis, að vísu með auknum töpum. Landskerfið þolir nú slit á hvaða meginlínu sem er án þess að þjónusta við notendur þurfi að skerðast.

Annar áfangi virkjunarinnar kemur inn á kerfið 1989. Við tilkomu hans þarf fljótlega að auka flutningsgetu kerfisins frá virkjuninni. Til þess liggja nokkrar ástæður:

Í fyrsta lagi er virkjunin staðsett langt frá þeim mörkuðum sem hún þarf að þjóna utan Austurlands. Töþ í flutningi eftir 132 kV kerfinu eru því orðin nokkuð mikil.

Í öðru lagi þarf að taka út aðra vélina við bilanir í Austurlínu eða í línunni sunnan virkjunarinnar. Því er hér gert ráð fyrir

nýrri línu frá Fljótsdalsvirkjun til Akureyrar, sem kámi í gagnið árið 1990. Sú lína væri byggð sem 220 kV lína, en í fyrstu rekin á 132 kV. Á þann hátt má fresta dýrum framkvæmdum við aðveitustöðina á Akureyri.

1991 - 1996. Þriðja vél Fljótsdalsvirkjunar er gangsett árið 1991. Aukast þá að mun flutningar frá Austurlandi inn á Norðurland. Verður því fljótlega að hækka spennuna á línunni til Akureyrar og er hér gert ráð fyrir að spennan verði hækkuð í 220 kV árið 1992. Við eðlilegt ástand er rekstur kerfisins góður. Hins vegar duga nú 132 kV línurnar ekki til að bæta á sig auknum flutningum að fullu ef 220 kV línan til Akureyrar slitnar. Þó er flutningsgetan það mikil, að ef hægt er að keyra aðrar vatnsaflsvirkjanir á fullum afköstum er ekki þörf á að gangsetja varastöðvar.

Við eðlilegan rekstur koma fram erfiðleikar við að halda uppi nægilega hárrí spennu á Norðurlandi vestra og Vesturlandi, þegar flutningar eru miklir frá Fljótsdalsvirkjun til Akureyrar og vestur um. Þarf því að auka flutningsgetu kerfisins í vestur frá Akureyri og er gert ráð fyrir nýrri 132 kV línu frá Akureyri um Dalvík til Varmahlíðar árið 1993.

Sama ár er gert ráð fyrir nýrri 132 kV línu frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk til að tryggja gott rekstrarástand á Austurlandi við slit á eldri línunni frá virkjuninni að Hryggstekk.

Á þessum árum koma fram erfiðleikar við að halda nægilega hárrí spennu á Geithálsi við slit á Búrfellslínu I. Núverandi varaafli á Reykjavíkursvæðinu dugar ekki til og er því gert ráð fyrir að sett verði upp 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi árið 1992.

Fjórði og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur inn árið 1994. Þarf nú að bæta annarri 220 kV línu við frá virkjuninni til að tryggja reksturinn með aðra 220 kV línuna slitna.

Ekki er margra kosta völ að því er línuleiðina varðar, því tryggja verður að línubilun annars staðar í kerfinu geri ekki báðar 220 kV línurnar óstarfhæfar. Hér er því gert ráð fyrir að nýja 220 kV línan fari yfir hálendið að Hrauneyjafossvirkjun og verði kámin í rekstur árið 1995.

Eftir þessa línulögn aukast flutningar í gegnum Landsvirkjunarkerfið og þá einkum í bilunartilvikum. Við bilun á línunni frá Fljótsdal að Akureyri eru miklir flutningar um hálendislínu að Hrauneyjafossi og þaðan að Brennifel og síðan inn á Norðurlínu. Við slík rekstrartilvik kemur þéttavirkið á Geithálsi í góðar þarfir ásamt varastöðvum á svæðinu, sem nota má til launafslframléiðslu.

1997 - 2000. Árið 1997 er nauðsynlegt að byggja nýja 220 kV línu frá Hrauneyjafossi að Geithálsi. Sú lína er nauðsynleg vegna þess hve rekstrarástand verður slæmt á Reykjavíkursvæðinu við slit á Búrfellslínu I. Duga nú varastöðvarnar og þéttavirki ekki lengur til að bjarga ástandinu.

Þetta sama ár kemur fyrri áfangi Blönduvirkjunar inn á kerfið með tveimur 132 kV línunum sem tengjast inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar. Framleiðsla Blönduvirkjunar fer nú mest á markað á Vesturlandi og á Vestfjörðum ásamt Húnavatnssýslu. Því er nauðsynlegt að samfara seinni áfanga virkjunarinnar sem kemur í gagnið árið 1999 að styrkja flutningskerfið í vestur frá Blöndu. Hér er gert ráð fyrir nýrri línu frá Blöndu að Hrútatungu. Hún verði byggð sem 220 kV lína en rekin á 132 kV spennu í fyrstu. Línan er hugsuð sem áfangi ef haldið verður áfram með 220 kV línu frá Akureyri að Blöndu og þaðan um Hrútatungu að Brennifel.

Eftir tilkomu seinni áfanga Blönduvirkjunar má segja að flutningar frá Brennifel inn á byggðalínakerfið falli niður þegar kerfið er í eðlilegum rekstri. Framleiðsla Þjórsárvirkjana, auk þeirrar orku sem kemur frá Fljótsdalsvirkjun um hálendislínu, fer nú nær eingöngu inn á Reykjavík- og Reykjanesmarkað auk Suðurlands.

Á þessum tíma er landskerfið orðið mjög hæft til að mæta sliti á hvaða aðallínu sem er.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línun.
1987
1988
1989
1990 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
1991
1992 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri sett á 220 kV.
--- Byggð upp 220 kV tengivirki á Akureyri og í Fljótsdal.
--- 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
--- Akureyri - Dalvík - Varmahlíð, 132 kV lína.
1994
1995 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun 220 kV lína.
--- Lokið 220 kV tengivirki í Fljótsdal og spennaafli aukið.
1996
1997 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línun.
--- Hrauneyjafossvirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
1998
1999 Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið IV koma eftirtaldar virkjanir:

- 1990 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 82,5 MW
1992 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 82,5 MW
1994 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 82,5 MW
1997 Fljótsdalsvirkjun 4. áf. 82,5 MW
1999 Blönduvirkjun 1. áf. 90 MW

1986 - 1993. Tilvist Kröflu gerir allan rekstur 132 kV byggðalínukerfisins mun auðveldari. Ekki er nú lengur þörf á að styrkja flutningskerfið að Akureyri, þar sem Kröfluvirkjun getur vel séð fyrir markaðnum á Norðurlandi við slit á línun norðan Hrútatungu og flutningsgeta Suðausturlínu verður ekki takmarkandi í slíkum tilvikum. Einnig bætir Kröfluvirkjun rekstrarástand á Austurlandi við slit á Suðausturlínu. Má segja

að Kröfluvirkjun sé mjög vel staðsett í kerfinu og nýtist vel bæði á Norðurlandi og Austurlandi.

Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1990 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Austurlínu. Framleiðslan fer að mestu á Austurland. Erfiðasta slittilvik á þessum tíma er slit á Kröflulínu. Þá þarf að flytja framleiðslu Kröfluvirkjunar til Austurlands og flutningar verða nokkuð miklir eftir Suðausturlínu inn á Þjórsársvæðið. Flutningsgetan eftir 132 kV byggðalínukerfinu frá Brennimel og norður til Akureyrar er nægileg í slíkum slittilvikum ef R/O-veitur eru settar yfir á olíu og tiltækt varaafli notað. Eru það einkum vandamál varðandi spennufall og spennustýringu sem eru ráðandi.

Á þessum tíma koma fram erfiðleikar í því að halda uppi nægilega hárrí spennu á Geithálsi við slit á Búrfellslínu I, þó svo allt varaafli sé notað. Til lausnar því máli kemur 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi árið 1992.

Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1992. Fljótlega þarf að auka flutningsgetu kerfisins út frá Austurlandi. Árið 1993 kemur ný 220 kV lína frá Fljótsdal að Hrauneyjafossi. Sama ár kemur einnig ný 132 kV lína frá Fljótsdal að Hryggstekk og tryggir sú lína mjög rekstrarástand kerfisins á Austurlandi.

Eftir þessar viðbætur í línukerfinu er rekstur mjög góður við eðlilegt rekstrarástand. Við slit á hálendislinunni frá Fljótsdal í Hrauneyjafoss er hægt að koma framleiðslu Fljótsdalsvirkjunar eftir Austur- og Suðausturlínu.

Slit á Kröflulínu er aftur á móti mjög erfitt að mæta vegna mikilla flutninga frá Brennimel og norður í land. En með notkun alls varaafli og með því að setja R/O-veitur yfir á olíu má halda viðunandi rekstrarástandi.

1994 - 2000. Þriðji áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur árið 1994. Ári seinna eða 1995 kemur ný 220 kV lína frá Fljótsdal að Akureyri. Aukast þá nokkuð flutningar frá Fljótsdal inn á Norðurland. Árið 1997 kemur síðan fjórði og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar í rekstur. Flutningar verða nú miklir eftir hálendislinu að Hrauneyjafossi og einnig aukast flutningar til Norðurlands.

Fljótsdalsvirkjun og Kröfluvirkjun sjá nú algjörlega fyrir markaðnum á Norðurlandi og flutningar verða nokkrir inn á Vesturland frá Norðurlandi. Erfiðasta slittilvikið er nú slit á hálendislinu, en þá þarf að auka mjög flutninga um Norðurland inn á Vesturland og einnig aukast mjög flutningar eftir Suðausturlínu. Erfitt er þá að halda uppi nægilega hárrí spennu á Vesturlandi og Vestfjörðum, ef nýta á framleiðslugetu Fljótsdalsvirkjunar. Með því að setja aðrar virkjanir á full afköst og setja R/O-veitur á Vesturlandi og Vestfjörðum yfir á olíu má takmarka flutningsþörfina frá Fljótsdal um Norðurland og inn á Vesturland og halda viðunandi spennuástandi allsstaðar.

Árið 1997 kemur einnig í gagnið ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi að Geithálsi. Er þá ekki lengur hægt að halda nægilega góðu spennuástandi á Geithálsi við slit á Búrfellslínu I þó svo allt varaafli á svæðinu sé gangsett. Gert er ráð fyrir að þessi lína verði af sömu gerð og línan frá Hrauneyjafossi að Brennimel og myndi hún liggja um virkjunarsvæðið við Sultartanga.

Fyrri áfangi Blönduvirkjunar kemur í rekstur árið 1999 og tengist virkjunin með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar. Framleiðsla virkjunarinnar þarf að fara öll inn á Vesturland og Vestfirði og því kemur árið 2000 ný lína frá henni að Hrutatungu. Sú lína verði byggð sem 220 kV lína, en rekin á 132 kV rekstrar spennu. Þessi lína tryggir flutninga frá virkjuninni inn á Vesturland og gerir rekstur kerfisins betri.

Landskerfið þolir nú vel slit á hvaða línu sem er og tilkoma Blönduvirkjunar auðveldar mjög rekstur kerfisins við slit á hálendislinu frá Fljótsdal að Hrauneyjafossi.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986

1987

1988

1989

1990 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.

1991

1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

- 1993 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafoss, 220 kV lína.
--- Byggt upp 220 kV tengivirki við Fljótsdal.
--- Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
1994
1995 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.
--- Byggt upp 220 kV tengivirki á Akureyri og lokið við tengivirki á Fljótsdal og spennaafli aukið.
1996
1997 Hrauneyjafossvirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
1998
1999 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
2000 Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

4.1.5 Virkjunarleið V, almenn notkun

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið V koma eftirtaldar virkjanir:

- 1986 Sultartangavirkjun 120 MW
1991 Búrfell II 155 MW
1995 Blönduvirkjun 1. áf. 90 MW
1997 Blönduvirkjun 2. áf. 90 MW
2000 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 82,5 MW

1986 - 1990. Sultartangavirkjun sem kemur inn árið 1986 tengist inn á landskerfið með 220 kV línu að Hrauneyjafossi. Flutningar verða nú nokkuð miklir eftir línunni að Brennimel og þaðan inn á 132 kV kerfið.

Erfiðustu slittilvik á þessum tíma er slit á Hrauneyjafosslínu, á línunum norðan Hrútatungu og á Suðausturlínu. Við slit á Hrauneyjafosslínu þarf að flytja orkuna inn á 132 kV kerfið um Geitháls og þaðan upp að Brennimel. Spennuástand verður erfitt á Vesturlandi, en þó ganga málin upp ef allar varastöðvar á Reykjavíkursvæðinu, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi eru gangsettar og R/O-veitur settar yfir á olíu.

Við slit á Suðausturlínu þarf að flytja mikla orku um Vesturland og Norðurland til Austfjarða. Með notkun varastöðva og með því að setja R/O-veitur yfir á olíu verður rekstrarástand viðunandi.

Við slit á línunni milli Hrutatungu og Laxárvatns þarf að flytja mikið um Suðausturlínu til Norðurlands. Með því að nota allt varaafli fyrir norðan og austan og með því að setja R/O-veitur yfir á olíu þá dagar kerfið fyrstu árin.

Árið 1989 er þó nauðsynlegt að auka flutningsgetu kerfisins til Akureyrar. Þar sem Blönduvirkjun er ekki væntanleg inn á kerfið fyrr en 1995 dagar nú ekki að auka flutningsgetu kerfisins frá Hrutatungu til Akureyrar. Það krefst fljótlega meiri framkvæmda í flutningskerfinu að Brennimel. Því er hér gert ráð fyrir 220 kV línu um Sprengisand til Akureyrar, sem kæmi í gagnið árið 1989. Eftir þeirri línu kemur orka bæði inn á Norðurland og að hluta til Austurlands. Við slit á þeirri línu má tryggja gott rekstrarástand á Norðurlandi með notkun varastöðva þar og með því að setja R/O-veitur á Vesturlandi yfir á olíu. Þessi lína bætir einnig mjög rekstrarástand á Austfjörðum við slit á Suðausturlínu.

Línukerfið þolir nú vel slit á hvaða meginlínu sem er.

1991 - 1994. Búrfellsvirkjun II kemur í gagnið 1991. Hún tengist inn á tengivirki eldri stöðvarinnar við Búrfell.

Flutningar um Landsvirkjunarkerfið aukast nú mikið við tilkomu virkjunarinnar. Segja má að öll orkuframleiðsla landskerfisins fari fram á Landsvirkjunarsvæðinu og er flutt þaðan um þrjár leiðir. Í fyrsta lagi um Suðausturlínu til Austurlands, í öðru lagi um Brennimel inn á Vesturland og í þriðja lagi um Sprengisandslínu til Norðurlands. Sérstaklega verða flutningar miklir um Hrauneyjafosslínu að Brennimel við slit á Sprengisandslínu. Spennuvandamál verða mikil á Vesturlandi og Norðurlandi vestra við slíka flutninga. Því er gert ráð fyrir nýrri línu frá Sultartangavirkjun að Geithálsi og komi hún í gagnið árið 1992. Tilkoma þeirrar línu lyftir spennuástandinu og skapar viðunandi rekstrarástand við línuslit og þá ekki síst við slit á Hrauneyjafosslínu að Brennimel.

Árið 1993 er gert ráð fyrir að breyta þéttavirkinu á Hryggstekk í thyristorstýrt þéttavirki og um leið stækka það í 50 MVAR. Það er gert til að tryggja gott rekstrarástand á Austurlandi við slit á Austurlínu eða Suðausturlínu. Þéttavirkið getur dempað allar spennusveiflur og haldið spennunni innan eðlilegra marka.

1995 - 1999. Fyrri áfangi Blönduvirkjunar kemur í gagnið árið 1995. Virkjunin verður tengd við Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar með tveimur 132 kV línunum.

Með tilkomu Blönduvirkjunar minnka nokkuð flutningar um Sprengisandslínu til Akureyrar. Með kerfið í eðlilegu rekstrarástandi og Blönduvirkjun á fullum afköstum skiptist framleiðsla hennar nokkuð jafnt til austurs og vesturs. Við slit á Sprengisandslínu fer öll framleiðsla Blönduvirkjunar og meira til í átt til Akureyrar.

Seinni áfangi Blönduvirkjunar kemur árið 1997. Þá aukast flutningar mjög í báðar áttir út frá virkjuninni og skiptast nokkuð jafnt við eðlilegan rekstur. Ef önnur hvor línan slitnar, þá er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu hennar, en þar sem uppsett afl er það mikið í landskerfinu er hægt að draga niður í virkjuninni án þess að setja þurfi inn varaafli.

2000. Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur inn á kerfið árið 2000. Gert er ráð fyrir að virkjunin tengist inn á Austurlínu auk nýrrar 132 kV línu að Hryggstekk. Framleiðsla þessa fyrsta áfanga fer öll inn á raforkumarkaðinn á Austurlandi og tryggir mjög rekstur kerfisins þar.

Landskerfið er nú í nokkuð góðu jafnvægi og þolir auðveldlega slit á hvaða meginlínu sem er.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.

1987

1988

1989 Hrauneyjafossvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.

1990

1991

1992 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

1993 Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR.

1994

1995 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.

1996

1997

1998

1999

2000 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.

-"- Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.

4.1.6 Virkjunarleið VI, almenn notkun

a) Krafla = 0

Í virkjunarröð VI koma eftirtaldar virkjanir:

1986 Bessastaðaárvirkjun 64 MW

1987 Blönduvirkjun 1. áf. 90 MW

1990 Blönduvirkjun 2. áf. 90 MW

1995 Sultartangavirkjun 120 MW

1998 Búrfell II 155 MW

1986 - 1994. Bessastaðaárvirkjun kemur inn á kerfið árið 1986. Hún er tengd við kerfið með tveimur 132 kV línunum að Austurlínu. Bessastaðaárvirkjun er af mjög þægilegri stærð fyrir orkumarkaðinn á Austurlandi, en hins vegar er hún svo lítil ef litið er til landskerfisins að fyrri áfangi Blönduvirkjunar verður að koma í gagnið árið eftir.

Gert er ráð fyrir að Blönduvirkjun tengist inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar með tveimur 132 kV línunum. Blönduvirkjun sér nú fyrir markaðnum á Norðurlandi og hluta af Vesturlandi.

Ekki er þörf á að auka flutningsgetuna frá Blönduvirkjun til Akureyrar, þar sem tilvist Bessastaðaárvirkjunar gerir mögulega næga flutninga um Suðausturlínu og inn á Norðurland við slit á línu austan Blönduvirkjunar.

Annar áfangi Blönduvirkjunar kemur inn á kerfið árið 1990. Verða nú miklir flutningar inn á Vesturland og Vestfirði frá Blöndu og er gert ráð fyrir nýrri línu frá Blönduvirkjun að Hrutatungu. Sú lína sé byggð sem 220 kV lína en rekin á 132 kV.

Spennuástand á Landsvirkjunarsvæðinu er orðið erfitt á þessum tíma við slit á Búrfellslínu I, þó að varastöðvar á svæðinu gangi á fullum afköstum.

Af þeim sökum er gert ráð fyrir, að 50 MVAR þéttavirki verði sett upp á Geithálsi árið 1992. Verður þá spennuástand á Geithálsi viðunandi í slittilvikum.

Til að tryggja gott rekstrarástand á Austurlandi í slittilvikum er gert ráð fyrir nýrri línu frá Bessastaðaárvirkjun að Hryggstekk árið 1993.

Landskerfið er nú vel hæft til að mæta slittilvikum á hvaða línu sem er.

1995 - 2000. Sultartangavirkjun kemur inn á kerfið árið 1995. Hún er tengd við kerfið með 220 kV línu að Hrauneyjafossi.

Álag á Akureyri og Norðurlandi eystra er nú orðið það mikið, að nauðsynlegt er að styrkja flutninga þangað til þess að ráða við slit á línunni austan Blöndu til Varmahlíðar og síðan áfram um Heljardalsheiði til Dalvíkur og þaðan til Akureyrar. Sú lína þarf að koma í gagnið árið 1996.

Einnig þarf nú að styrkja flutningskerfið á Landsvirkjunarsvæðinu frá Þjórsársvæðinu að Geithálsi til þess að tryggja viðunandi rekstrarástand í slittilvikum og kemur því ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi að Geithálsi árið 1997.

Búrfell II kemur síðan inn á kerfið árið 1998 og tengist inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar. Flutningsgeta kerfisins er það mikil, að ekki er þörf á neinum viðbótum með tilkømu virkjunarinnar.

Landskerfið þolir nú slit á hvaða flutningslínu sem er og er í góðu jafnvægi, þannig að orkuflutningar milli landshluta eru ekki miklir.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Bessastaðaárvirkjun tengd Austurlínu. (Innifalið í virkjunarkostnaði.)
- 1987 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línum.
- 1988
- 1989
- 1990 Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
- 1991
- 1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
- 1993 Bessastaðaárvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
- 1994
- 1995 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafoss, 220 kV lína.
- 1996 Blönduvirkjun - Varmahlíð - Dalvík - Akureyri, 132 kV lína.
- 1997 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
- 1998
- 1999
- 2000

4.2 Almenn notkun og ný stóriðja á Grundartanga

Í þessum hluta er tekin fyrir þróun línukerfisins fyrir hinar ýmsu virkjunarleiðir á grundvelli þess að auk hinnar almennu orkunotkunar og umsaminnar stóriðju komi ný stóriðja á Grundartanga. Miðað er við 150 MW stóriðju sem komi inn í þremur 50 MW áföngum. Fyrsti áfangi komi árið 1986, annar árið 1988 og hinn þriðju árið 1990.

Staðsetning stóriðju á Grundartanga er að ýmsu leyti góð út frá kerfis-sjónarmiði. Þangað liggja árið 1986 tvær 220 kV línur, önnur frá Hrauneyjafossi og hin frá Geithálsi. Miðað er við að stóriðjan fái sína raforku afhenta á 220 kV spennu og sækji hana að Brennimel og beri allan kostnað við þá tengingu.

Hér á eftir fylgja lýsingar á línukerfum fyrir þær virkjunarleiðir sem athugaðar voru. Eru það fyrstu fimm virkjunarleiðirnar án Kröflu og fyrstu fjórar með Kröfluvirkjun í rekstri.

4.2.1 Virkjunarleið I, stóriðja á Grundartanga

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið I koma eftirtalðar virkjanir:

1986	Blönduvirkjun 154 MW
1988	Sultartangavirkjun 120 MW
1990	Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW
1992	Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW
1996	Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW
1999	Búrfellsvirkjun II 155 MW

1986 - 1989. Blönduvirkjun kemur inn á kerfið samtímis fyrsta áfanga stóriðjunnar á Grundartanga. Blönduvirkjun tengist inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar með tveimur 132 kV línunum. Framleiðsla virkjunarinnar skiptist nokkuð jafnt til austurs og vesturs. Tilkoma virkjunarinnar léttir mjög á flutningum um Landsvirkjunarkerfið og gerir mögulega betri nýtingu á því kerfi að því er varðar aukið álag.

Sultartangavirkjun kemur í gagnið árið 1988 um leið og annar áfangi stóriðjunnar. Virkjunin tengist Hrauneyjafossvirkjun með 220 kV línu.

Ekki er þörf á að auka flutningsgetu Landsvirkjunarkerfisins þrátt fyrir þessar viðbætur, en þó er slit á Hrauneyjafosslínu erfitt fyrir kerfið. Til að tryggja gott rekstrarástand við slíkt slit er sett 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi árið 1988.

Slit á línu austan við Blöndu krefst mikilla flutninga um Suðausturlínu og Austurlandskerfið til Norðurlands. Neð notkun varastöðva á Norðurlandi og Austfjörðum ásamt því að setja R/O-veitur yfir á olíu eru slíkir flutningar gerlegir. Þó er nauðsynlegt árið 1989 að bæta við 132 kV línu frá Blönduvirkjun að Varmahlíð. Þá er það línuslit milli Varmahlíðar og Akureyrar sem orsakar erfiðasta rekstrartilvikið. Hægt er að viðhalda nægilega góðu rekstrarástandi árið 1989 við slíkt slit og árið eftir er Fljótsdalsvirkjun væntanleg inn á kerfið, þannig að það vandamál verður úr sögunni.

1990 - 1995. Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í gagnið árið 1990 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Austurlínu. Framleiðsla hennar fer að mestu á Austurlandsmarkaðinn en nokkuð fer þó til Norðurlands. Tilkoma virkjunarinnar tryggir mjög raforkuflutning til Akureyrar við slit á línunum vestan Akureyrar.

Árið 1990 kemur svo síðasti hluti stóriðjunnar. Stóriðjuálag er nú orðið 180 MW í Grundartanga auk þess hluta sem notar afgangskraftu, þ.e. ofn 2 í járnblendiverksmiðjunni. Hrauneyjafosslína ber nú orðið mjög mikið álag og kerfið þolir ekki slit á henni án einhverra annarra aðgerða. eru það einkum spennuvandamál á Vesturlandi sem upp koma. Með byggingu línu frá Blönduvirkjun að Hrutatungu má halda viðunandi spennuástandi á Vesturlandi og Brennimer við slit Hrauneyjafosslínu. Að vísu er þörf á að nýta allt varaaflið á Reykjavíkarsvæðinu við slíkt rekstrartilvik, en fresta má byggingu nýrrar línu á Landsvirkjunarsvæðinu um þrjú ár. Þar sem línan frá Blöndu að Hrutatungu yrði einnig að koma nokkrum árum seinna og hún er ódýrari en lína á Landsvirkjunarsvæðinu er þetta hagkvæmari framkvæmdaröð.

Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í gagnið árið 1992 og er þá nauðsynlegt að auka flutningsgetu kerfisins frá Austurlandi. Því er

gert ráð fyrir nýrri 220 kV línu frá Fljótsdalsvirkjun að Akureyri. Sú lína kemur í rekstur árið 1992, en yrði fyrst um sinn rekin á 132 kV.

Árið 1993 kemur síðan ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk til að tryggja gott rekstrarástand á Austurlandi í slittilvikum. Rekstrarástand er það ár orðið mjög bágborið við slit á Hrauneyjafosslínu og kemur því ný 220 kV lína frá Sultartangavirkjun að Geithálsi. Rekstrarspenna á línunni frá Fljótsdal til Akureyrar er síðan hækkuð í 220 kV árið 1994. Er þá hægt með góðu móti að fullnýta framleiðslugetu virkjunarinnar. Hins vegar er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu hennar við slit á 220 kV línunni, en þar sem uppsett afl er það mikið í kerfinu er ekki þörf á að gangsetja varastöðvar ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á fullum afköstum.

1996 - 2000. Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í gagnið árið 1996. Árið eftir eða 1997 kemur ný 220 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hrauneyjafossi. Þær tvær 220 kV línur sem liggja frá virkjuninni virka sem varasambönd fyrir hvora aðra, þannig að hægt er að koma nægilegu afli frá virkjuninni þó önnur slitni.

Við slit á Hrauneyjafosslínu verður spennuástand slæmt á Geithálsi vegna þess hve miklir flutningar fara þar um. Með því að setja sériupétti í 220 kV línuna frá Sultartanga, má auka flutningsgetu hennar mikið án þess þó að fara nálægt hitamörkum hennar og halda með því nægilega góðri spennu á Brennimeil. Miðað er við að sériupéttirinn komi í gagnið árið 1998.

Búrfellsvirkjun II tengist inn á kerfið árið 1999. Miðað er við, að hún tengist inn á tengivirki eldri stöðvarinnar við Búrfell. Ekki er nú þörf á frekari styrkingu flutningskerfisins fyrir aldamót.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línun.
1987
1988 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
-"- 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
1989 Blönduvirkjun - Varmahlíð, 132 kV lína.
1990 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línun.
-"- Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
1991
1992 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
-"- Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
1994 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri sett á 220 kV.
-"- Byggð upp 220 kV tengivirki á Akureyri og Fljótsdal.
1995
1996
1997 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
-"- Lokið við 220 kV tengivirki í Fljótsdal og spennaafl aukið.
1998 Settur 30Ω seríuþéttir í línuna frá Sultartangavirkjun að Geithálsi.
1999
2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið I koma eftirtaldar virkjanir:

- 1987 Blönduvirkjun 154 MW
1990 Sultartangavirkjun 120 MW
1992 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW
1994 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW
1998 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW

1986 - 1991. Fyrsti 50 MW áfangi stóriðjunnar á Grundartanga kemur árið 1986. Tilvist Kröfluvirkjunar hefur þau áhrif að flutningar inn

á byggðalínukerfið eru mun minni en ella og því hægt að taka við þessari 50 MW aukningu án nokkurra frækvæmda.

Blönduvirkjun kemur síðan í rekstur árið 1987 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar.

Annar áfangi stóriðjunnar kemur síðan í gagnið árið 1988. Slit á Hrauneyjafosslínu verða nú erfið, en með uppsetningu 50 MVAR þéttavirkis á Geithálsi árið 1988 má halda viðunandi spennu á Brennimel og á Vesturlandi.

Slit á línu frá Blöndu að Laxárvatni gera það að verkum, að ekki er hægt að fullnýta framleiðslugetu Blönduvirkjunar. Undir slíkum kringumstæðum eru Blönduvirkjun og Krafla ásamt línukerfinu á Norðurlandi og Austurlandi aðeins tengdar Landsvirkjunarkerfinu um Suðausturlínu. Vegna mikillar línulengdar er það aðeins takmarkað sem hægt er að flytja frá Blönduvirkjun þá leiðina. En ef hægt er að keyra virkjanir á Þjórsársvæðinu á fullum afköstum og með því að setja R/O-veitur á Vesturlandi og Vestfjörðum yfir á olíu má halda viðunandi rekstrarástandi í öllu kerfinu.

Sultartangavirkjun kemur í rekstur árið 1990 og tengist kerfinu með 220 kV línu að Hrauneyjafossi. Sama ár kemur svo síðasti áfangi stóriðjunnar á Grundartanga. Álag verður nú mikið á Hrauneyjafosslínu og getur kerfið nú ekki lengur þolað slit á henni án nokkurra aðgerða. Er það einkum spennuástand á Vesturlandi sem veldur þar vandræðum. Með byggingu nýrrar línu frá Blönduvirkjun að Hrútatungu má auka flutningsgetuna frá virkjuninni inn á Vesturland og hún getur haldið þar uppi spennu við slit á Hrauneyjafosslínu. Þessi lína komi árið 1990 og sé byggð sem 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

1992 - 2000. Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1992 og tengist virkjunin með tveimur 132 kV línunum inn á Austurlínu. Framleiðsla virkjunarinnar fer að mestu á markaðinn á Austurlandi, en þó fer nokkuð inn á Norðurland eftir Austurlínu.

Framleiðsla Blönduvirkjunar fer nú í auknu mæli inn á Vesturland og Vestfirði og kemur nú línan frá Blöndu að Hrútatunga að góðum notum.

Til að auka rekstraröryggi Austurlandskerfisins kemur ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk árið 1993. Tryggir það gott rekstrarástand á Austurlandi í slittilvikum.

Það ár er ekki lengur hægt að reka kerfið við slit á Hrauneyjafosslínu þó svo allt tiltækt varaafli sé notað. Árið 1993 kemur því ný 220 kV lína frá Sultartangavirkjun að Geithálsi. Þessi nýja lína verði sömu gerðar og línan frá Hrauneyjafossi að Brennimel. Eftir tilkomu hennar er flutningsgeta Landsvirkjunarkerfisins næg næstu árin.

Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1994. Þá þarf að auka flutningsgetu kerfisins út frá Austurlandi og kemur ný 220 kV lína frá Fljótsdal að Hrauneyjafossi. Ef Fljótsdalsvirkjun er keyrð á fullum afköstum eru flutningar eftir línunni að Hrauneyjafossi um 100 MW.

Við slit á hálendislinunni er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu Fljótsdalsvirkjunar en ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á málafli er hvergi þörf á að gangsetja varaafli og rekstrarástand er gott.

Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1998 og það sama ár kemur 220 kV lína frá virkjuninni að Akureyri. Flutningar eftir þeirri línu verða þó aldrei miklir við eðlilegt rekstrarástand þar sem Blönduvirkjun og Kröfluvirkjun sjá fyrir mest öllum markaðnum þar.

Mest öll framleiðsla Fljótsdalsvirkjunar sem ekki er notuð á Austurlandi fer eftir hálendislinu að Hrauneyjafossi. Við slit á þeirri línu verða flutningar þó miklir inn á Norðurland eftir 220 kV línunni til Akureyrar og um Norðurlandskerfið inn á Vesturland. Einnig aukast þá mikið flutningar eftir Suðausturlínu og inn á Þjórsársvæðið.

Á þessum tíma koma fram vandamál við að halda uppi nægilega hárrí spennu á Brennimel við slit á Hrauneyjafosslínu. Því kemur árið 1998 seriúþéttir í nýju línuna frá Sultartangavirkjun að Geithálsi. Minnkar þá spennufallið mikið í kerfinu og rekstrarástand í slittilvikum verður gott.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986

1987 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.

1988 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

1989

1990 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.

-"- Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

1991

1992 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.

1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.

-"- Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

1994 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.

-"- Byggt upp 220 kV tengivirki í Fljótsdal.

1995

1996

1997

1998 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.

-"- Byggt upp 220 kV tengivirki á Akureyri og lokið við 220 kV tengivirkið í Fljótsdal, spennaafli aukið.

-"- Settur 30Ω seriúþéttir í línuna frá Sultartangavirkjun að Geithálsi.

1999

2000

4.2.2 Virkjunarleið II, stóriðja á Grundartanga

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið II koma eftirtaldar virkjanir:

1986 Blönduvirkjun 154 MW

1988 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW

1989 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW

1991 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW

1994 Búrfellsvirkjun II 155 MW

1997 Sultartangavirkjun 120 MW

1986 - 1990. Blönduvirkjun kemur inn á kerfið samtímis fyrsta áfanganum í stóriðjunni á Grundartanga. Blönduvirkjun tengist inn á Norðurlínu

milli Laxárvatns og Varmahlíðar með tveimur 132 kV línunum. Framleiðsla virkjunarinnar skiptist nokkuð jafnt til austurs og vesturs út frá virkjuninni. Tilkoma virkjunarinnar léttir mjög á flutningum um Landsvirkjunarkerfið og gerir mögulega betri nýtingu á því kerfi að því er varðar aukið álag.

Árið 1988 bætist fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar við kerfið. Virkjunin tengist inn á Austurlínu með tveimur 132 kV línunum. Tilkoma virkjunarinnar bætir rekstrarástand á Austurlandi og tryggir auk þess raforkuflutning til Norðurlands við slit á línunum austan Blöndu.

Annar áfangi stóriðjunnar kemur í rekstur árið 1988. Ekki þarf neina viðbót við línukerfið vegna aukningar á stóriðjunni ef litið er eingöngu til kerfisins í eðlilegum rekstri. Til þess að geta mætt sliti á Hrauneyjafosslínu er nauðsynlegt að setja upp 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi árið 1988.

Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur síðan árið 1989. Þá er nauðsynlegt að auka flutningsgetu kerfisins frá Austurlandi og er það gert með byggingu nýrrar 220 kV línu frá virkjuninni að Akureyri. Sú lína verði í fyrstu rekin á 132 kV spennu. Fljótsdalsvirkjun tekur nú að mestu markaðinn á Norðurlandi og framleiðsla Blöndu þarf því að fara í auknum mæli vestur á bóginn. Til þess að tryggja þá flutninga kemur ný lína frá Blönduvirkjun að Hrútatungu árið 1990. Hún verði rekin á 132 kV spennu, en byggð fyrir 220 kV. Þessi lína bætir einnig mikið reksturinn á Landsvirkjunarsvæðinu, en þriðji áfangi stóriðjunnar á Grundartanga kemur árið 1990. Línan veldur því, að hægt verður að ráða við slit á Hrauneyjafosslínu næstu árin án þess að bæta þurfi við nýrri línu á Landsvirkjunarsvæðinu.

1991 - 1993. Þriðji áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur inn á kerfið árið 1991. Það sama ár er rekstrarspennan á línunni til Akureyrar hækkuð í 220 kV og árið eftir kemur ný 220 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hrauneyjafossi. Orkuflutningar frá Fljótsdalsvirkjun eru þó nokkuð vel tryggðir, en árið 1993 bætist þó við 132 kV lína frá virkjuninni að Hryggstekk. Sú lína tryggir gott rekstrarástand á Austurlandi við línuslit.

Árið 1993 þarf einnig að bæta við nýrri línu á Landsvirkjunarsvæðinu til þess að geta mætt sliti á Hrauneyjafosslínu. Sú lína yrði 220 kV og lægi frá Hrauneyjafossi um virkjunarsvæði við Sultartanga að Geithálsi. Línan verður af sömu gerð og línan frá Hrauneyjafossi að Brennimel.

1994 - 2000. Búrfellsvirkjun II tekur til starfa árið 1994 og tengist inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar. Ekki er þörf á frekari aðgerðum í línukerfinu fyrr en eftir nokkur ár og þolir landskerfið nú slit á öllum meginlínunum.

Sultartangavirkjun kemur í rekstur árið 1997. Hún tengist inn á línuna frá Hrauneyjafossi að Geithálsi sem byggð var 1993.

Erfiðasta rekstrartilvik skapast við slit á Hrauneyjafosslínu að Brennimel, en þá þarf að flytja mikið um Geitháls og upp að Brennimel. Verður spennuástand þá mjög slæmt á Geithálsi og Brennimel. Með því að setja seriúþétti í línuna frá Sultartangavirkjun að Geithálsi má tryggja gott rekstrarástand á svæðinu og er miðað við að hann komi í gagnið árið 1998.

Eftir þá framkvæmd dugar landskerfið vel til aldamóta og þolir nú slit á öllum aðallínunum.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- 1987
- 1988 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- "- 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
- 1989 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
- 1990 Blönduvirkjun - Hrutatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
- 1991 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri sett á 220 kV spennu.
- "- Byggð upp 220 kV tengivirki á Akureyri og Fljótsdal.
- 1992 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
- "- Lokið við 220 kV tengivirki í Fljótsdal og spennaafl aukið.
- 1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
- "- Hrauneyjafossvirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
- 1994
- 1995

1996

1997 Sultartangavirkjun tengd inn á línuna frá Hrauneyjafossvirkjun að Geithálsi.

1998 Settur 30Ω seriúþéttir í línuna frá Sultartangavirkjun að Geithálsi.

1999

2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið II koma eftirtaldar virkjanir:

1987 Blönduvirkjun 154 MW

1990 Fljótsdalsvirkjun 1. og 2. áf. 190 MW

1994 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW

1997 Búrfellsvirkjun II 155 MW

2000 Sultartangavirkjun 120 MW

1986 - 1989. Fyrsti 50 MW áfangi stóriðjunnar á Grundartanga kemur árið 1986. Tilvist Kröfluvirkjunar hefur þau áhrif að flutningar inn á byggðalínukerfið eru mun minni en ella og því hægt að taka við þessari 50 MW aukningu án nokkurra framkvæmda.

Blönduvirkjun kemur síðan í rekstur árið 1987 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar.

Annar áfangi stóriðjunnar kemur síðan í gagnið árið 1988. Slit á Hrauneyjafosslínu verður nú erfitt, en með uppsetningu 50 MVAR þetta-virkis á Geithálsi árið 1988 má halda viðunandi spennu á Brennimeil og Vesturlandi.

Slit á línu frá Blöndu að Laxárvatni gera það að verkum, að ekki er hægt að fullnýta framleiðslugetu Blönduvirkjunar. Undir slíkur kringumstæðum eru Blönduvirkjun og Krafla ásamt línukerfinu á Norðurlandi og Austurlandi aðeins tengdar Landsvirkjunarkerfinu um Suðausturlínu. Vegna mikillar línulengdar er það aðeins takmarkað sem hægt er að flytja frá Blönduvirkjun þá leiðina. En ef hægt er að keyra virkjanir á Þjórsársvæðinu á fullum afköstum og með því að setja R/O-veitur á Vesturlandi og Vestfjörðum yfir á olíu má halda viðunandi rekstrarástandi í öllu kerfinu.

1990 - 1996. Síðasti áfangi stóriðjunnar kemur árið 1990. Það sama ár koma tveir fyrstu áfangar Fljótsdalsvirkjunar í rekstur, samtals 190 MW. Fljótsdalsvirkjun tengist í fyrstu inn á Austurlínu með tveimur 132 kV línunum, en árið 1991 kemur 220 kV lína frá virkjuninni að Hrauneyjafossi.

Við tilkomu Fljótsdalsvirkjunar breytist orkuflæðið í kerfinu á þann hátt, að framleiðsla Blönduvirkjunar fer nú mest öll inn á Vesturland og Vestfirði. Til að tryggja þá flutninga kemur ný lína frá Blönduvirkjun að Hrutatungu árið 1990. Sú lína verði byggð sem 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu. Þessi lína gerir það einnig að verkum, að hægt er að mæta sliti á Hrauneyjafosslínu, en þá getur Blönduvirkjun haldið uppi góðri spennu á Vesturlandi og frestað þar með línubyggingu á Landsvirkjunarsvæðinu.

Erfiðasta slittilvik á þessum tíma er slit á hálendislinu, en þá þarf að flytja mikið afl eftir 132 kV línukerfinu út frá Austurlandi. Ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á málafli og draga úr framleiðslu í Fljótsdal er hægt að halda viðunandi rekstrarástandi.

Ný lína á Landsvirkjunarsvæðinu verður þó að koma árið 1993. Er það 220 kV lína, sem liggur frá Hrauneyjafossvirkjun um virkjunarsvæði við Sultartanga að Geithálsi. Þessi lína verði sömu gerðar og Hrauneyjafosslína að Brennimeil.

Þetta sama ár, eða 1993, kemur einnig ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk. Sú lína tryggir rekstrarástand á Austurlandi við slit á Austurlínu milli Fljótsdals og Hryggstekks.

Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1994. Verður nú að auka flutningsgetuna út frá Austurlandi og þá einkum til að mæta sliti á hálendislinu frá Fljótsdal að Hrauneyjafossi. Því kemur nú 220 kV lína frá Fljótsdal að Akureyri árið 1994. Flutningar eftir þeirri línu eru ekki miklir við eðlilegt rekstrarástand, en hún gegnir mikilvægu hlutverki við slit á hálendislinu.

1997 - 2000. Búrfellsvirkjun II kemur í rekstur árið 1997 og tengist inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar. Ekki er þörf á frekari aðgerðum það árið, en ári seinna er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að mæta sliti á Hrauneyjafosslínu. Álag á Geithálssvæðinu er orðið

það mikið, að þegar á línurnar þangað bætast flutningar upp að Brennimel, þá verður spennufall í kerfinu of mikið og spenna of lág á Brennimel. Því er gert ráð fyrir að árið 1998 verði seriúþéttir settur í línuna frá Hrauneyjafossi að Geithálsi. Eftir tilkomu hans verður hægt að halda góðri spennu á Geithálsi og Brennimel við slittilvik.

Sultartangavirkjun kemur í rekstur árið 2000 og tengist inn á línuna frá Hrauneyjafossi að Geithálsi.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986

1987 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.

1988 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

1989

1990 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.

-"- Blönduvirkjun - Hrutatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

1991 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.

-"- Byggt upp 220 kV tengivirki í Fljótsdal.

1992

1993 Hrauneyjafossvirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

-"- Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.

1994 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.

-"- Byggt upp 220 kV tengivirki á Akureyri og lokið við 220 kV tengivirkið í Fljótsdal og spennaafli aukið.

1995

1996

1997

1998 Settur 30Ω seriúþéttir í 220 kV línuna frá Hrauneyjafossvirkjun að Geithálsi.

1999

2000 Sultartangavirkjun tengd inn á línuna milli Hrauneyjafossvirkjunar og Geitháls.

4.2.3 Virkjunarleið III, stóriðja á Grundartanga

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið III koma eftirtaldar virkjanir:

1986	Sultartangavirkjun 120 MW
1988	Blönduvirkjun 154 MW
1990	Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW
1992	Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW
1996	Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW
1999	Búrfellsvirkjun II 155 MW

1986 - 1989. Sultartangavirkjun tekur til starfa árið 1986, eða um leið og fyrsti áfangi stóriðjunnar á Grundartanga. Virkjunin tengist Hrauneyjafossi með 220 kV línu.

Flutningar aukast nú mikið eftir Hrauneyjafosslínu að Brennimel og veldur slit á henni mikilli röskun í flutningskerfinu. Er það vegna þess, að auk notkunar í stóriðju á Grundartanga fara á annað hundrað MW inn á byggðalínakerfið við Brennimel. Spennuástand verður því mjög erfitt um mest allt kerfið við slík slit. Gangsetning varavéla á Reykjavíkursvæðinu, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi ásamt því að setja R/O-veitur yfir á olíu dugar vart til, heldur verður að setja upp 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi til þess að rekstrarástand verði viðunandi. Miðað er við, að þéttavirkið verði sett upp árið 1986.

Blönduvirkjun kemur síðan inn á kerfið árið 1988 og er tengd með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar. Blönduvirkjun stöðvar að mestu flutninga úr Landsvirkjunarkerfinu inn á byggðalínakerfið og gerir það að verkum, að ekki er þörf neinna framkvæmda þegar annar áfangi stóriðjunnar kemur á Grundartanga árið 1988.

Slit á línu austan við Blöndu krefst mikilla flutninga um Suðausturlínu og Austurlandskerfið til Norðurlands. Með notkun varastöðva á Norðurlandi og Austfjörðum ásamt því að setja R/O-veitur yfir á olíu eru slíkir flutningar gerlegir. Þó er nauðsynlegt árið 1989 að bæta við 132 kV línu frá Blönduvirkjun að Varmahlíð. Þá er það línuslit milli Varmahlíðar og Akureyrar sem orsakar erfiðasta rekstrartilvikið. Hægt er að viðhalda nægilega góðu rekstrarástandi árið 1989 við slíkt slit og árið

eftir er Fljótsdalsvirkjun væntanleg inn á kerfið, þannig að það vandamál verður úr sögunni.

1990 - 1995. Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í gagnið árið 1990 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Austurlínu. Framleiðsla hennar fer að mestu á Austurlandsmarkaðinn en nokkuð fer þó til Norðurlands. Tilkoma virkjunarinnar tryggir mjög raforkuflutning til Akureyrar við slit á línunum vestan Akureyrar.

Árið 1990 kemur svo síðasti hluti stóriðjunnar. Stóriðjuálag er nú orðið 180 MW í Grundartanga auk þess hluta sem notar afgangskraftu, þ.e. ofn 2 í járnblendiverksmiðjunni. Hrauneyjafosslína ber nú orðið mjög mikið álag og kerfið þolir ekki slit á henni án einhverra annarra aðgerða. Eru það einkum spennuvandamál á Vesturlandi sem upp koma. Með byggingu línu frá Blönduvirkjun að Hrútatungu má halda viðunandi spennuástandi á Vesturlandi og Brennifel við slit Hrauneyjafosslínu. Að vísu er þörf á að nýta allt varaafli á Reykjavíkursvæðinu við slík rekstrar-tilvik, en fresta má byggingu nýrrar línu á Landsvirkjunarsvæðinu um þrjú ár. Þar sem línan frá Blöndu að Hrútatungu yrði einnig að koma nokkrum árum seinna og hún er ódýrari en lína á Landsvirkjunarsvæðinu, þá er þetta hagkvæmari framkvæmdaröð.

Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í gagnið árið 1992. Er þá nauðsynlegt að auka flutningsgetu kerfisins frá Austurlandi. Því er gert ráð fyrir nýrri 220 kV línu frá Fljótsdalsvirkjun að Akureyri. Sú lína kemur í rekstur árið 1992, en yrði fyrst um sinn rekin á 132 kV.

Árið 1993 kemur síðan ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk til að tryggja gott rekstrarástand á Austurlandi í slittilvikum. Rekstrarástand er það ár orðið mjög bágborið við slit á Hrauneyjafosslínu og kemur ný 220 kV lína frá Sultartangavirkjun að Geithálsi. Rekstrar-spenna á línunni frá Fljótsdal til Akureyrar er síðan hækkuð í 220 kV árið 1994. Er þá hægt með góðu móti að fullnýta framleiðslugetu virkjunarinnar. Hins vegar er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu hennar við slit á 220 kV línunni, en þar sem uppsett afl er það mikið í kerfinu er ekki þörf á að gangsetja varastöðvar ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á fullum afköstum.

1996 - 2000. Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í gagnið árið 1996. Árið eftir eða 1997 kemur ný 220 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hrauneyjafossi. Þær tvær 220 kV línur sem liggja frá virkjuninni virka sem varasambönd fyrir hvora aðra, þannig að hægt er að koma nægilegu afli frá virkjuninni þó önnur slitni.

Við slit á Hrauneyjafosslínu verður spennuástand slæmt á Geithálsi vegna þess hve miklir flutningar fara þar um. Með því að setja seriúþétti í 220 kV línuna frá Sultartanga, má auka flutningsgetu hennar mikið án þess þó að fara nálægt hitamörkum hennar og halda með því nægilega góðri spennu á Brennimeil. Miðað er við að seriúþéttirinn komi í gagnið árið 1998.

Búrfellsvirkjun II tengist inn á kerfið árið 1999. Miðað er við, að hún tengist inn á tengivirki eldri stöðvarinnar við Búrfell. Ekki er nú þörf á frekari styrkingu flutningskerfisins fyrir aldamót.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
-"- 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
- 1987
- 1988 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- 1989 Blönduvirkjun - Varmahlíð, 132 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
- 1990 Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína en rekin á 132 kV spennu.
-"- Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- 1991
- 1992 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
- 1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
-"- Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
- 1994 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri sett á 220 kV.
-"- Byggð upp 220 kV tengivirki á Akureyri og Fljótsdal.
- 1995
- 1996
- 1997 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
-"- Lokið við 220 kV tengivirki í Fljótsdal og spennaafli aukið.
- 1998 Settur 30Ω seriúþéttir í línuna frá Sultartangavirkjun að Geithálsi.
- 1999
- 2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið III koma eftirtaldar virkjanir:

- 1987 Sultartangavirkjun 120 MW
- 1989 Blönduvirkjun 154 MW
- 1992 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW
- 1994 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW
- 1998 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW

1986 - 1991. Fyrsti 50 MW áfangi stóriðjunnar á Grundartanga kemur árið 1986. Tilvist Kröfluvirkjunar hefur þau áhrif að flutningar inn á byggðalínakerfið eru mun minni en ella og því hægt að taka við þessari 50 MW aukningu án nokkurra framkvæmda í línakerfinu.

Sultartangavirkjun kemur í rekstur árið 1987 og tengist með 220 kV línu að Hrauneyjafossi.

Annar áfangi stóriðjunnar kemur síðan í gagnið árið 1988. Flutningar aukast nú eftir Hrauneyjafosslínu og ekki er lengur hægt að mæta sliti á henni án nokkurra aðgerða. Með uppsetningu 50 MVAR þéttavirkis á Geithálsi árið 1988 má tryggja viðunandi spennuástand á Brennimeil og Vesturlandi við slit á Hrauneyjafosslínu. Þó verður í slíkum tilvikum að gangsetja varaafli á Geithálsi og Vesturlandi og setja R/O-veitur yfir á olíu.

Blönduvirkjun kemur í rekstur árið 1989 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar.

Ári seinna kemur svo síðasti áfangi stóriðjunnar í gagnið. Flutningar eru nú það miklir um Hrauneyjafosslínu, að kerfið þolir ekki lengur slit á henni. Er það einkum spennuástand á Vesturlandi sem veldur vandræðum. Með byggingu nýrrar línu frá Blönduvirkjun að Hrútatungu má auka flutningsgetuna frá virkjuninni inn á Vesturland og hún getur haldið þar uppi spennu við slit á Hrauneyjafosslínu. Þessi nýja lína verði byggð sem 220 kV lína, en rekin á 132 kV.

1992 - 2000. Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1992 og tengist virkjunin með tveimur 132 kV línunum inn á Austurlínu.

Framleiðsla virkjunarinnar fer að mestu á markaðinn á Austurlandi, en þó fer nokkuð inn á Norðurland eftir Austurlínu.

Framleiðsla Blönduvirkjunar fer nú í auknum mæli inn á Vesturland og Vestfirði og kemur nú línan frá Blöndu að Hrutatungu að góðum notum.

Til að auka rekstraröryggi Austurlandskerfisins kemur ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk árið 1993. Tryggir það gott rekstrarástand á Austurlandi í slittilvikum.

Árið 1993 er ekki lengur hægt að reka kerfið við slit á Hrauneyjafosslínu þó svo allt tiltækt varaafli sé notað og kemur því ný 220 kV lína frá Sultartangavirkjun að Geithálsi. Þessi nýja lína verði sömu gerðar og línan frá Hrauneyjafossi að Brennimeil. Eftir tilkomu hennar er flutningsgeta Landsvirkjunarkerfisins næg næstu árin.

Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1994. Þar þarf að auka flutningsgetu kerfisins út frá Austurlandi og kemur ný 220 kV lína frá Fljótsdal að Hrauneyjafossi það ár. Ef Fljótsdalsvirkjun er keyrð á fullum afköstum eru flutningar eftir línunni að Hrauneyjafossi um 100 MW.

Við slit á hálendislínunni er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu Fljótsdalsvirkjunar. Ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á málafli er hvergi þörf á að gangsetja varaafli og rekstrarástand er gott.

Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1998 og það sama ár kemur 220 kV lína frá virkjuninni að Akureyri. Flutningar eftir þeirri línu verða þó aldrei miklir við eðlilegt rekstrarástand þar sem Blönduvirkjun og Kröfluvirkjun sjá fyrir mest öllum markaðnum þar.

Mest öll framleiðsla Fljótsdalsvirkjunar sem ekki er notuð á Austurlandi fer eftir hálendislínu að Hrauneyjafossi. Við slit á þeirri línu verða flutningar þó miklir inn á Norðurland eftir 220 kV línunni til Akureyrar og um Norðurlandskerfið inn á Vesturland. Einnig aukast þá mikið flutningar eftir Suðausturlínu og inn á Þjórsársvæðið.

Á þessum tíma koma fram vandamál við að halda uppi nægilega hárrí spennu á Brennimel við slit á Hrauneyjafosslínu. Því kemur árið 1998 seriúþéttir í nýju línuna frá Sultartangavirkjun að Geithálsi. Minnkar þá spennufallið mikið í kerfinu og rekstrarástand í slittilvikum verður gott.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986

1987 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.

1988 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

1989 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.

1990 Blönduvirkjun - Hrutatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV.

1991

1992 Fljótsdalsvirkjun tengd inn á Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.

1993 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

-"- Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.

1994 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.

-"- Byggt upp 220 kV tengivirki í Fljótsdal.

1995

1996

1997

1998 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.

-"- Byggt upp 220 kV tengivirki á Akureyri og lokið við 220 kV tengivirkið í Fljótsdal og spennaafli aukið.

-"- Settur 30Ω seriúþéttir í 220 kV línuna frá Sultartangavirkjun að Geithálsi.

1999

2000

4.2.4 Virkjunarleið IV, stóriðja á Grundartanga

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið IV koma eftirtaldar virkjanir:

1986	Fljótsdalsvirkjun 1. og 2. áf. 190 MW
1988	Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW
1990	Blönduvirkjun 154 MW
1994	Búrfellsvirkjun II 155 MW
1997	Sultartangavirkjun 120 MW

1986 - 1989. Fyrstu tveir áfangar Fljótsdalsvirkjunar koma í rekstur árið 1986. Ekki dugar nú að tengja hana í fyrstu aðeins inn á Austurlínu með tveimur 132 kV línunum, heldur verður einnig að auka flutningsetu kerfisins út frá Austurlandi. Því er gert ráð fyrir nýrri 220 kV línu frá virkjuninni til Akureyrar strax árið 1986, en línan verði í fyrstu rekin á 132 kV spennu.

Tilkoma virkjunarinnar minnkar flutninga frá Brennimer inn á byggðalínakerfið það mikið, að ekki er þörf neinna sérstakra aðgerða í Landsvirkjunarkerfinu þó fyrsti áfangi stóriðjunnar á Grundartanga komi inn árið 1986. Kerfið ræður við slit á Hrauneyjafosslínu þannig, að spennuástand á Geithálsi og Vesturlandi er viðunandi. Slit á nýju línunni til Akureyrar gerir það að verkum, að ekki er hægt að keyra Fljótsdalsvirkjun á fullum afköstum, en ef hægt er að hafa aðrar virkjanir á málafli er ekki þörf á að nota varaafllstöðvar.

Árið 1988 kemur síðan þriðji áfangi Fljótsdalsvirkjunar í rekstur. Rekstrarspenna línunnar til Akureyrar er þá hækkuð í 220 kV og við bætist 220 kV lína að Hrauneyjafossi. Er þá hægt að koma framleiðslu Fljótsdalsvirkjunar til skila þó önnur 220 kV línan slitni.

Annar áfangi stóriðjunnar á Grundartanga kemur í rekstur árið 1988. Til þess að ráða við slit á Hrauneyjafosslínu eftir þessa viðbót er nauðsynlegt að setja upp þéttavirki á Geithálsi af stærðinni 50 MVAR. Tilkoma þess tryggir nægilega gott spennuástand á Geithálsi og Vesturlandi við slíkt slit, en þó verður að gangsetja allt varaafll á þessu svæði.

1990 - 1993. Blönduvirkjun kemur í rekstur árið 1990. Hún er tengd inn á kerfið með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar og einnig með nýrri línu að Hrútatungu. Línan að Hrútatungu er byggð sem 220 kV lína, en rekin á 132 kV. Ástæður þess að línan frá Blönduvirkjun að Hrútatungu er nauðsynleg eru tvær:

Í fyrsta lagi sú, að þar sem Fljótsdalsvirkjun sér að mestu leyti fyrir markaðnum á Norðurlandi, þá þarf framleiðsla Blönduvirkjunar að fara inn á Vesturland og Vestfirði og er því nauðsynlegt að auka öryggi þeirra flutninga fljótt. Í öðru lagi veitir tilkoma þessarar línu möguleika á frestun flutningsvirkja á Landsvirkjunarsvæðinu. Þriðji áfangi stóriðjunnar á Grundartanga, sem kemur árið 1990 veldur því, að mjög erfitt er að mæta sliti á Hrauneyjafosslínu. En tilkoma línunnar frá Blöndu að Hrútatungu gerir það að verkum, að Blönduvirkjun getur haldið uppi góðri spennu á Vesturlandi við slík tilvik þannig að rekstrarástand er viðunandi.

Þó þessar aðgerðir fresti framkvæmdum á Landsvirkjunarsvæðinu í nokkur ár, þá er gert ráð fyrir nýrri 220 kV línu frá Hrauneyjafossi að Geithálsi árið 1993. Sú lína liggja um virkjunarsvæðið við Sultartanga og verði af sömu gerð og Hrauneyjafosslína.

Það sama ár, eða 1993, er gert ráð fyrir nýrri 132 kV línu frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk til að tryggja gott rekstrarástand á Austurlandi í slittilvikum.

1994 - 2000. Búrfellsvirkjun II kemur í rekstur árið 1994 og tengist inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar. Ekki er þörf neinna sérstakra framkvæmda í línukerfinu við tilkomu virkjunarinnar, enda bætist ný lína við á Landsvirkjunarsvæðinu árið áður.

Kerfið utan Landsvirkjunarsvæðisins er mjög vel á vegi statt og ekki þörf neinna viðbóta í því fram að aldamótum. Ástæða þess er fyrst og fremst hin hraða uppbygging virkjana og línukerfis um og fyrir 1990, að nokkru leyti vegna stóriðjunnar á Grundartanga.

Sultartangavirkjun kemst síðan í gagnið árið 1997 og tengist inn á línuna frá Hrauneyjafossi að Geithálsi sem byggð var 1993. Erfiðasta

rekstrartilvik skapast nú við slit á Hrauneyjafosslínu að Brennimel, en þá þarf að flytja mikið afl um Geitháls og upp að Brennimel. Verður spennuástand þá mjög slæmt á Geithálsi og Brennimel. Með því að setja seriúþétti í línuna frá Sultartangavirkjun að Geithálsi má tryggja gott rekstrarástand á svæðinu og er miðað við að hann komi í gagnið árið 1998.

Eftir þá framkvæmd dugar landskerfið vel til aldamóta og þolir nú slit á öllum aðallínum.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
 -- Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV.
- 1987
- 1988 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri sett á 220 kV.
 -- Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafoss, 220 kV lína.
 -- Byggð upp 220 kV tengivirki á Akureyri og Fljótsdal.
 -- 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
- 1989
- 1990 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
 -- Blönduvirkjun - Hrutatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV.
- 1991
- 1992
- 1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
 -- Hrauneyjafossvirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
- 1994
- 1995
- 1996
- 1997 Sultartangavirkjun tengd inn á línuna frá Hrauneyjafossvirkjun að Geithálsi.
- 1998 Settur 30Ω seriúþéttir í línuna frá Sultartangavirkjun að Geithálsi.
- 1999
- 2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið IV koma eftirtaldar virkjanir:

1987	Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW
1988	Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW
1990	Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW
1991	Blönduvirkjun 154 MW
1997	Búrfellsvirkjun II 155 MW
2000	Sultartangavirkjun 120 MW

1986 - 1990. Fyrsti áfangi 50 MW stóriðjunnar á Grundartanga kemur árið 1986. Tilvist Kröfluvirkjunar hefur þau áhrif að flutningar inn á byggðalínakerfið eru minni en ella og því hægt að taka við þessari 50 MW aukningu án nokkurra framkvæmda í línakerfinu.

Árið 1987 kemur síðan fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar í rekstur. Virkjunin tengist inn á Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.

Af framleiðslu Fljótsdalsvirkjunar fer um helmingur ámarkaðinn á Austurlandi, er það sem umfram er fer eftir Austurlínu inn á Norðurland og eftir Suðausturlínu upp að Sigöldu.

Annar áfangi stóriðjunnar á Grundartanga kemur árið 1988. Álag er nú orðið það þungt á Brennimel, að erfitt er að halda viðunandi spennu þar og á Vesturlandi við slit á Hrauneyjafosslínu, þó svo allt varaafli sé notað. Með uppsetningu 50 MVAR þéttavirkis á Geithálsi árið 1988 má tryggja viðunandi rekstrar spennu í slíkum rekstrartilvikum.

Árið 1988 kemur annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar í rekstur. Verður nú að auka flutningsgetu línakerfisins út frá Austurlandi og kemur ný 220 kV lína frá Fljótsdal að Akureyri árið 1989. Við eðlilegt rekstrarástand getur nú Fljótsdalsvirkjun ásamt Kröfluvirkjun séð um allan markaðinn norðan Vatnshamra og allt austur á land.

Erfiðustu rekstrartilvikin á þessum tíma auk slits á Hrauneyjafosslínu eru slit á línu milli Varmahlíðar og Akureyrar og slit á 220 kV línunni frá Fljótsdal að Akureyri. Í báðum þessum tilvikum er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu Fljótsdalsvirkjunar vegna flutningstakmarkana. Ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á fullum afköstum þarf þó hvergi að grípa til varaafis.

Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1990 og það sama ár kemur einnig síðasti áfangi stóriðjunnar á Grundartanga. Nauðsynlegt er að auka flutningsgetuna út frá Austurlandi við þessa stækkun í Fljótsdal. Því kemur 220 kV ný lína frá Fljótsdal að Hrauneyjafossi árið 1990. Flutningar eftir þeirri línu verða miklir við eðlilegt rekstrarástand ef Fljótsdalsvirkjun gengur á fullum afköstum. Flutningar eftir Hrauneyjafosslínu aukast nú mikið við þessar kerfisbreytingar og er erfitt að mæta sliti á þeirri línu. En með því að gangsetja allt varaafli á Reykjavíkursvæðinu og á Vesturlandi má þó halda viðunandi rekstrarspennu árið 1990, en árið eftir er Blönduvirkjun væntanleg inn á kerfið og bætir þá rekstrarástandið.

1991 - 1996. Blönduvirkjun kemur í rekstur árið 1991 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar, auk þess sem ný lína kemur frá virkjuninni að Hrútatungu. Línan frá virkjuninni að Hrútatungu er byggð sem 220 kV lína, en rekin á 132 kV.

Framleiðsla Blönduvirkjunar og meira til fer nú inn á Vesturland og Vestfirði og orkuflutningur er nokkur inn á Landsvirkjunarkerfið við Brennimel. Tilkoma virkjunarinnar bætir mjög rekstrarástandið á Vesturlandi við slit Hrauneyjafosslínu og frestar nýrri línubýggingu á Landsvirkjunarsvæðinu um tvö ár.

Árið 1993 kemur þá ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi um virkjunarsvæðið við Sultartanga að Geithálsi. Þessi lína sé af sömu gerð og Hrauneyjafosslína að Brennimel. Tilkoma þessarar línu bætir mjög rekstrarástandið á Landsvirkjunarsvæðinu og þá sérstaklega í slittilvikum.

Árið 1993 bætist einnig við ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk og tryggir sú lína mjög rekstrarástandið í Austurlandskerfinu gagnvart sliti á eldri línunni frá virkjuninni að Hryggstekk.

Eftir þessar kerfisbætur er rekstur raforkukerfisins góður og hægt að mæta sliti á öllum meginlínunum án teljandi vandræða.

1997 - 2000. Búrfellsvirkjun II kemur í rekstur árið 1997 og tengist inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar.

Árið 1998 kemur seriúþéttir í nýju 220 kV línuna frá Hrauneyjafossi að Geithálsi. Álag er þá orðið það mikið á Geithálsi, að við slit á Hrauneyjafosslínu að Brennimel verða flutningar svo miklir um Geitháls og þaðan upp að Brennimel að ekki er hægt að halda nægilega hárrí spennu á Brennimel og á Geithálsi án einhverra aðgerða.

Árið 2000 kemur Sultartangavirkjun í gagnið og tengist inn á línuna frá Hrauneyjafossi að Geithálsi.

Rekstrarástand í kerfinu er gott á þessum tíma og engin teljandi vandræði við að mæta sliti á hvaða meginlínu sem er.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986

1987 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.

1988 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

1989 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.

-"- Byggð upp 220 kV tengivirki á Akureyri og Fljótsdal.

1990 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.

-"- Lokið við 220 kV tengivirki í Fljótsdal og spennaafl aukið.

1991 Blönduvirkjun - Hrutatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

-"- Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.

1992

1993 Hrauneyjafossvirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

-"- Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.

1994

1995

1996

1997

1998 Settur 30Ω seriúþéttir í línuna frá Hrauneyjafossvirkjun að Geithálsi.

1999

2000 Sultartangavirkjun tengd inn á línuna milli Hrauneyjafossvirkjunar og Geitháls.

4.2.5 Virkjunarleið V, stóriðja á Grundartanga

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið V koma eftirtaldar virkjanir:

1986	Sultartangavirkjun	120 MW
1988	Búrfellsvirkjun II	155 MW
1990	Blönduvirkjun	154 MW
1993	Fljótsdalsvirkjun 1. áf.	95 MW
1996	Fljótsdalsvirkjun 2. áf.	95 MW
1999	Fljótsdalsvirkjun 3. áf.	95 MW

1986 - 1989. Sultartangavirkjun tekur til starfa árið 1986 eða um leið og fyrsti áfangi stóriðjunnar á Grundartanga. Virkjunin tengist Hrauneyjafossi með 220 kV línu.

Flutningar aukast nú mikið eftir Hrauneyjafosslínu að Brennimel og veldur slit á henni mikilli röskun í flutningskerfinu. Er það vegna þess, að auk notkunar í stóriðju á Grundartanga fara á annað hundrað MW inn á byggðalínakerfið við Brennimel. Spennuástand verður því mjög erfitt um mest allt kerfið við slíkt slit. Gangsetning varavéla á Reykjavíkursvæðinu, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi ásamt því að setja R/O-veitur yfir á olíu dugar vart til, heldur verður að setja upp 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi til þess að rekstrarástand verði viðunandi. Miðað er við, að þéttavirkið verði sett upp árið 1986.

Annar áfangi stóriðjunnar kemur árið 1988 og sama ár kemur Búrfellsvirkjun II inn á kerfið og tengist inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar.

Ekki er nú lengur hægt að komast hjá styrkingu línukerfisins á Landsvirkjunarsvæðinu eftir þessa viðbót við stóriðjuna. Því kemur ný 220 kV lína frá Sultartangavirkjun að Brennimel árið 1988. Hún gerir kleift að mæta sliti á eldri línunni að Brennimel, en stóriðjuálag á Grundartanga auk þess sem flytja þarf inná byggðalínur nálgast nú þrjú hundruð MW.

Einnig þarf að styrkja flutningskerfið að Akureyri, því við slit á línunum norðan Hrutatungu þarf að flytja mikið afl um Suðausturlínu og

Austurlandskerfið inn á Norðurland. Með notkun varastöðva á Norðurlandi og Austurlandi auk þess að R/O-veitur fara yfir á olíu má í fyrstu halda viðunandi rekstrarástandi. Árið 1989 er þó nauðsynlegt að tvöfalda línukerfið að Varmahlíð. Það er gert með byggingu 220 kV línu að virkjunarsvæði Blöndu og 132 kV línu þaðan að Varmahlíð. Sá hluti línunnar sem byggður er fyrir 220 kV verður rekin á 132 kV.

1990 - 1995. Blönduvirkjun kemur í rekstur árið 1990. Virkjunin tengist inn á nýju línurnar frá Hrutatungu og Varmahlíð og einnig með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar.

Þetta sama ár er nauðsynlegt að styrkja flutningskerfið að Akureyri og er gert ráð fyrir 132 kV línu frá Varmahlíð að Dalvík og þaðan til Akureyrar. Eftir þessa styrkingu er landskerfið orðið vel hæft til að mæta sliti á hvaða meginlínu sem er næstu árin.

Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1993 og tengist inn á Austurlínu með tveimur 132 kV línunum. Auk þess kemur ný 132 kV lína frá virkjuninni að Hryggstekk til að tryggja gott rekstrarástand í slittilvikum. Eru það einkum vandamál að því er varðar spennustýringu Austurlandskerfisins sem koma upp, ef Austurlína rofnar við Hryggstekk og Austurlandskerfið hangir allt á Suðausturlínu.

1996 - 2000. Árið 1996 bætist við annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar. Nauðsynlegt er nú að auka flutningsgetu kerfisins frá Austurlandi. Því er árið 1996 gert ráð fyrir 220 kV línu að Akureyri, en hún verði þó rekin á 132 kV spennu í fyrstu.

Ekki er hægt að fullnýta framleiðslugetu Fljótsdalsvirkjunar við slit línunnar til Akureyrar, en ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á málafli er ekki þörf á að gangsetja varastöðvar.

Til að tryggja nægilega gott spennuástand á Geithálsi við slit á Búrfellslínu II er þörf aðgerða árið 1998. Duga þá ekki lengur varastöðvar á svæðinu til að tryggja gott rekstrarástand. Með því að setja seriúþétti í línuna frá Sultartangavirkjun að Brennimeil má tryggja gott rekstrarástand við slíkt slit.

Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar bætist inn í kerfið árið 1999. Er þá nauðsynlegt að hækka rekstrarspennuna á línunni til Akureyrar í 220 kV og einnig að byggja nýja 220 kV línu frá Fljótsdalsvirkjun að Hrauneyjafossi. Er þá búið að tryggja vel flutninga frá Fljótsdalsvirkjun, því ef önnur 220 kV línan slitnar getur hin 220 kV línan ásamt 132 kV kerfinu bætt á sig þeim flutningum sem hin línan sinnti.

Í heild er landskerfið hæft til að mæta sliti á hvaða aðallínu sem er.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun 220 kV lína.
-"- 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi
- 1987
- 1988 Sultartangavirkjun - Brennimegur, 220 kV lína.
- 1989 Hrútatunga - Virkjunarsvæði við Blöndu, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
-"- Virkjunarsvæði við Blöndu - Varmahlíð, 132 kV lína.
- 1990 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
-"- Blönduvirkjun tengd nýju línunni að Hrútatungu og Varmahlíð.
-"- Varmahlíð - Dalvík - Akureyri, 132 kV lína.
- 1991
- 1992
- 1993 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
-"- Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
- 1994
- 1995
- 1996 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
- 1997
- 1998 Settur 30 Ω seriúþéttir í línuna frá Sultartangavirkjun að Brennimegur.
- 1999 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri sett á 220 kV.
-"- Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
-"- Byggð upp 220 kV tengivirki á Akureyri og Fljótsdal.
- 2000

4.3 Almenn notkun og ný stóriðja við Eyjafjörð

Í þessum hluta er tekin fyrir þróun línukerfisins fyrir hinar ýmsu virkjunarleiðir á grundvelli þess að auk hinnar almennu orkunotkunar og umsaminnar stóriðju komi ný stóriðja í Eyjafirði nálægt Akureyri. Miðað er við 150 MW stóriðju, sem komi inn í þremur 50 MW áföngum. Fyrsti áfangi komi árið 1986, annar árið 1988 og hinn þriðji árið 1990.

Staðsetning stóriðju á Akureyri er slæm með tilliti til flutningskerfis. Að Akureyri liggja tvær 132 kV línur og gera þær vart meira en að anna almennri notkun, ef tekið er tillit til hugsanlegra línuslita. Þær virkjanir sem bætast við í landskerfinu eru allar tiltölulega fjarlægjar Akureyri og því ekki nein ákveðin kerfislausn sem kemur samfara stóriðjunni þar.

Fyrir stóriðju af þessari stærð eða 150 MW er nauðsynlegt að tvær 220 kV línur sjái henni fyrir raforku. Þá er miðað við að önnur megi rofna og hin línun ásamt 132 kV kerfinu dugi til að anna allri eftirspurn.

Í þessari athugun er miðað við, að stóriðjan fái sína raforku afhenta á 220 kV spennu á Akureyri og beri allan kostnað við tengingu verksmiðjunnar við aðveitustöðina þar.

Hér á eftir fylgja lýsingar á línukerfum fyrir þær virkjunarleiðir sem athugaðar voru. Eru það fyrstu fimm virkjunarleiðirnar án Kröflu og fyrstu fjórar fyrir Kröfluvirkjun í rekstri.

4.3.1 Virkjunarleið I, stóriðja við Eyjafjörð

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið I koma eftirtaldar virkjanir:

1986 Blönduvirkjun 154 MW
1988 Sultartangavirkjun 120 MW
1990 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW
1992 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW
1996 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW
1999 Búrfellsvirkjun II 155 MW

1986 - 1989. Fyrsti áfangi stóriðjunnar kemur inn á kerfið árið 1986 og það sama ár kemur Blönduvirkjun í rekstur. Virkjunin tengist inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar með tveimur 132 kV línunum. Það sama ár er einnig byggð 220 kV lína frá Blönduvirkjun að Akureyri. Sú lína verði þó í fyrstu rekin á 132 kV til þess að spara spennavirki við Blönduvirkjun. Árið 1986 er byggt tengivirki á Akureyri, þar sem miðað er við að stóriðjan fái sína orku afhenta á 220 kV þar. Orkuflutningar að Akureyri eru þó aðeins á 132 kV spennu, en spennt er upp í 220 kV á staðnum. Stærsti hlutinn af framleiðslu Blönduvirkjunar fer nú austur á bóginn og þolir kerfið nú slit á annarri hvorri línunni austur frá Blöndu án þess að grípa þurfi til varaafls.

Sultartangavirkjun kemur í rekstur árið 1988 og tengist Hrauneyjafossvirkjun með 220 kV línu. Það sama ár kemur annar áfangi stóriðjunnar á Akureyri í gagnið. Er þá stóriðjan orðin 100 MW á Akureyri. Rekstrarspenna á línunni frá Blönduvirkjun að Akureyri er hækkuð í 220 kV árið 1988 til að bæta rekstrarástand kerfisins. Er þá byggt tengivirki við Blönduvirkjun þar sem spennt er upp í 220 kV. Á Akureyri er bætt við einum spennu, 220/132 kV, svo hægt verði að koma allri raforku til stóriðjunnar frá 132 kV kerfinu við slit á 220 kV línunni.

Slit á 220 kV línunni frá Blöndu er nú erfiðasta rekstrartilvikið í landskerfinu. Þá þarf að flytja mjög mikið eftir 132 kV línunni frá Blöndu til Akureyrar jafnframt því, að halda þarf viðunandi spennuástandi þar. Með því að gangsetja allt varaafli á Norðurlandi austan

við Blöndu og á Austurlandi auk þess að setja R/O-veitur yfir á olíu, er hægt að halda viðunandi rekstrarástandi á svæðinu.

1990 - 1995. Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1990 og tengist virkjunin inn á Austurlínu með tveimur 132 kV línunum. Síðasti áfangi stóriðjunnar á Akureyri kemur einnig þetta sama ár. Stóriðjan á Akureyri er nú orðin 150 MW og verður því að koma ný 220 kV lína að Akureyri er ráða á við slit á línunni frá Blönduvirkjun. Því kemur ný 220 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Akureyri árið 1990. Þó ekki séu miklir flutningar eftir þeirri línu við kerfið í eðlilegu rekstrarástandi þar sem stór hluti framleiðslu Fljótsdalsvirkjunar fer á Austurlandsmarkað, þá gegnir hún stóru hlutverki ef línan frá Blönduvirkjun til Akureyrar slitnar. Eykst þá mjög aflflutningur eftir henni til Akureyrar og orka kemur í miklum mæli eftir Suðausturlínu inn á Austurland. Einnig tekur línan á sig mikla launafslutninga þannig að eftir 132 kV línunni frá Blöndu til Akureyrar kemur að mestu raunafl. Þessi nýja lína kemur því að miklum notum þó ekki séu komnir inn fleiri áfangar í Fljótsdalsvirkjun.

Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur síðan inn árið 1992. Við það aukast flutningar eftir 220 kV línunni frá Fljótsdalsvirkjun að stóriðjunni á Akureyri. Árið eftir, eða 1993, kemur síðan ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk til að tryggja gott rekstrarástand á Austurlandi í slittilvikum. Meginkerfið á þessum tíma þolir nú slit á hvaða línu sem er, en þó þarf að setja upp 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi árið 1992 til þess að tryggja gott spennuástand þar við slit á Búrfellslínu I.

1996 - 2000. Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur síðan í gagnið árið 1996. Fljótlega er þörf á að auka flutningsgetu kerfisins frá Austurlandi enn frekar og er þá sérstaklega haft í huga að kerfið þoli slit á einni línu. Því kemur ný 220 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hrauneyjafossi árið 1997. Það sama ár er nauðsynlegt að styrkja flutningskerfið á Landsvirkjunarsvæðinu og kemur því ný lína frá Sultartangavirkjun að Geithálsi árið 1997. Þetta er 220 kV lína af sömu gerð og Hrauneyjafosslína. Búrfellsvirkjun II kemur síðan í rekstur árið 1999 og tengist inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar. Flutningsgeta kerfisins er nægilega mikil og ekki er þörf á frekari framkvæmdum fyrir aldamót.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
-"- Blönduvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV.
-"- Byggt upp 220 kV tengivirki á Akureyri.
- 1987
- 1988 Blönduvirkjun - Akureyri sett á 220 kV.
-"- Byggt upp 220 kV tengivirki við Blöndu og 220 kV tengivirki á Akureyri lokið og spennaafl aukið.
-"- Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
- 1989
- 1990 Fljótsdalsvirkjun tengd inn á Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
-"- Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.
-"- Byggt upp 220 kV tengivirki í Fljótsdal.
- 1991
- 1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
- 1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
- 1994
- 1995
- 1996
- 1997 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
-"- Lokið við 220 kV tengivirki í Fljótsdal og spennaafl aukið.
-"- Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
- 1998
- 1999
- 2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið I koma eftirtaldar virkjanir

- 1986 Blönduvirkjun¹⁾ 154 MW
1990 Sultartangavirkjun 120 MW
1992 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW
1994 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW
1998 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW.

1) Hagkvæmasta innsetningarár Blönduvirkjunar vegna orkuöflunarkerfisins er 1987, en hér er virkjuninni flýtt um eitt ár til sparnaðar í flutningsvirkjum. Þetta hefur í för með sér útgjaldaaukningu í orkuöflunarkerfinu sem nemur 710 Mkr í núgildi.

1986 - 1991. Kröfluvirkjun hefur þau áhrif, að hægt er að taka við fyrsta áfanga stóriðjunnar á Akureyri miðað við kerfið í eðlilegum rekstri, þó svo að Blönduvirkjun sé ekki komin inn á kerfið. Hins vegar er ekki hægt að viðhalda nægilega góðu spennuástandi á Akureyri við slit á Kröflulínu, þó svo að allt varaafli sé notað. Til lausnar því vandamáli má byggja aðra 132 kV línu frá Kröflu að Akureyri og þá væntanlega um Laxárvirkjun, en ódýrara reyndist að flýta Blönduvirkjun um eitt ár. Kemur virkjunin því í rekstur árið 1986 og tengist með tveimur 132 kV línum inn á Norðurlínu.

Fyrsti áfangi stóriðjunnar á Akureyri fær því orku sína um 132 kV kerfið bæði frá Kröflu og Blönduvirkjun. Á Akureyri er síðan spennt upp í 220 kV og stóriðjuorkan afhent á þeirri spennu. Má nú auðveldlega ráða við slit á línunum öðru hvoru megin við Akureyri og eru engin teljandi vandræði við rekstur kerfisins.

Annar áfangi stóriðjunnar á Akureyri kemur í gagnið árið 1988. Dugar nú 132 kV kerfið ekki lengur ef mæta á slittilvikum. Því kemur ný 220 kV lína frá Blönduvirkjun að Akureyri árið 1988, en línan er rekin á 132 kV í fyrstu. Flutningsgeta kerfisins að Akureyri er nú nægileg og þó lír kerfið slit á einni línu þangað án teljandi vandræða.

Þriðji áfangi stóriðjunnar kemur árið 1990 og það sama ár kemur Sultartangavirkjun í rekstur og tengist við Hrauneyjafossvirkjun með 220 kV línu. Álag á Akureyri er nú orðið á þriðja hundrað MW og því nauðsynlegt að auka flutningsgetu kerfisins þangað enn frekar og er spennan á línunni frá Blönduvirkjun hækkuð í 220 kV. Þó sú aðgerð dugi til að viðhalda samilegu rekstrarástandi með allar línur í lagi, þá er ekki hægt að mæta sliti á 220 kV línunni. Er því þörf á annarri 220 kV línu að Akureyri og koma tveir möguleikar til greina. Í fyrsta lagi er það Sprengisandslína frá Hrauneyjafossi að Akureyri og í öðru lagi önnur 220 kV lína frá Blönduvirkjun til Akureyrar. Seinni kosturinn er mun ódýrari og var hann valinn.

Árið 1990 eru því tvær 220 kV línur frá Blönduvirkjun að Akureyri sem sjá stóriðjunni fyrir raforku.

Framleiðsla Blönduvirkjunar og Kröfluvirkjunar duga ekki fyrir stóriðjuna og almenna markaðinn á Norðurlandi og eru því nokkrir orkuflutn-

ingar eftir byggðalínukerfinu inn á Norðurland. Kerfið þolir nú slit á hvaða meginlínu sem er án þess að til vandræða horfi.

1992 - 2000. Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1992 og tengist virkjunin inn á Austurlínu með tveimur 132 kV línunum. Virkjunin bætir mjög rekstrarástand á Austurlandi og flutningar verða nokkrir inn á Norðurland eftir Austurlínu.

Árið 1992 er nauðsynlegt að setja upp 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi til að tryggja gott spennuástand við slit á Búrfellslínu I og einnig á Brennimel við slit á Hrauneyjafosslínu. Tilkoma þéttavirkisins bætir mjög spennuna í slíkum rekstrartilvikum og með notkun þess og varavéla á svæðinu má halda góðu rekstrarástandi.

Árið 1993 kemur ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk og tryggir með því gott rekstrarástand á Austurlandi í slittilvikum.

Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í gagnið árið 1994 og samtímis kemur ný 220 kV lína frá virkjuninni að Akureyri. Flutningar frá Fljótsdal inn á Norðurland aukast nú mjög og við það fer hluti af framleiðslu Blönduvirkjunar nú vestur á bóginn inn á Vesturland og Vestfirði.

Landskerfið þolir nú slit á hvaða meginlínu sem er á þessum tíma, en þó er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu Fljótsdalsvirkjunar við slit á 220 kV línunni þaðan til Akureyrar. Ekki er þó þörf á að gangsetja varastöðvar við slíkt rekstrartilvik, ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á málafli. Slit á Búrfellslínu I veldur spennuvandamálum á Geithálsi vegna hins mikla álags sem þar er komið, en ástand verður þó viðunandi fram undir 1997. Því kemur ný 220 kV lína frá Sultartangavirkjun að Geithálsi. Sú lína verði af sömu gerð og línan frá Hrauneyjafossi að Brennimel.

Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1998. Verður nú að auka flutningsgetuna út frá Austurlandi og þá sérstaklega af Öryggissjónarmiðum. Kemur því ný 220 kV lína frá Fljótsdal að Hrauneyjafossi árið 1998.

Eftir þessar úrbætur er rekstur kerfisins góður og þolir það nú slit á hvaða meginlínu sem er.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línun.
-"- Byggt upp 220 kV tengivirki á Akureyri.
- 1987
- 1988 Blönduvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV.
-"- Spennaafli aukið á Akureyri.
- 1989
- 1990 Blönduvirkjun - Akureyri sett á 220 kV.
-"- Blönduvirkjun - Akureyri, 220 kV lína nr. 2.
-"- Byggt upp 220 kV tengivirki við Blöndu.
-"- Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
- 1991
- 1992 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línun.
-"- 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
- 1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
- 1994 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.
-"- Byggt upp 220 kV tengivirki í Fljótsdal.
- 1995
- 1996
- 1997 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
- 1998 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
-"- Lokið við 220 kV tengivirki í Fljótsdal og spennaafli aukið.
- 1999
- 2000

4.3.2 Virkjunarleið II, stóriðja við Eyjafjörð

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið II koma eftirtaldar virkjanir:

- 1986 Blönduvirkjun 154 MW
1988 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW
1989 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW
1991 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW
1994 Búrfellsvirkjun II 155 MW
1997 Sultartangavirkjun 120 MW

1986 - 1993. Fyrsti áfangi stóriðjunnar kemur inn á kerfið árið 1986 og það sama ár kemur Blönduvirkjun í rekstur. Virkjunin tengist inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar með tveimur 132 kV línnum. Það sama ár er einnig byggð 220 kV lína frá Blönduvirkjun að Akureyri. Sú lína verði þó í fyrstu rekin á 132 kV til þess að spara spennavirki við Blönduvirkjun. Árið 1986 er byggt tengivirki á Akureyri, þar sem miðað er við að stóriðjan fái sína orku afhenta á 220 kV þar. Orkan til Akureyrar er þó aðeins flutt á 132 kV spennu, en spennt er upp í 220 kV á staðnum. Stærsti hlutinn af framleiðslu Blönduvirkjunar fer nú austur á bóginn og þolir kerfið nú slit á annarri hvorri línunni austur frá Blöndu án þess að grípa þurfi til varaafls.

Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1988 og tengist inn á Austurlínu með tveimur 132 kV línnum. Þetta sama ár kemur einnig annar áfangi stóriðjunnar á Akureyri. Tilkoma virkjunar á Austurlandi auðveldar mjög orkuflutninga eftir 132 kV kerfinu frá Blönduvirkjun til Akureyrar og reyndar kemur hluti orkunnar, sem notuð er á Akureyri frá Fljótsdalsvirkjun.

Ef nýja línan frá Blönduvirkjun til Akureyrar slitnar, þá aukast flutningar frá Fljótsdal um Austurlínu og rekstrarástand verður viðunandi. Ekki er þörf á að setja línuna frá Blöndu að Akureyri yfir á 220 kV spennu, þar sem Fljótsdalsvirkjun léttir undir flutningum í austur frá Blöndu. Hins vegar verður að bæta við spennu 220/132 kV á Akureyri við tilkomu annars áfanga stóriðjunnar.

Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1989 og við það aukast flutningar frá Austurlandi inn á Norðurland. Þarf því að auka flutningsgetu kerfisins út frá Austurlandi og kemur ný 220 kV lína frá Fljótsdal til Akureyrar í gagnið árið 1990 eða um leið og síðast áfangi stóriðjunnar þar. Um leið er spennan á línunni frá Blönduvirkjun til Akureyrar hækkuð í 220 kV. Eru þá komnar tvær 220 kV línur til Akureyrar og því hægt að tryggja þar gott rekstrarástand, þó önnur línan slitni.

Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1991. Þarf því fljótlega að auka flutningsgetu kerfisins út frá Austurlandi. Með byggingu 220 kV línu frá Fljótsdalsvirkjun að Hrauneyjafossi má tryggja gott rekstrarástand í kerfinu við línuslit á hvaða meginlínu sem er. Miðað er við, að þessi lína komi í rekstur árið 1992. Það sama ár

er nauðsynlegt að gera ráðstafanir á Landsvirkjunarsvæðinu til að tryggja gott spennuástand á Reykjavíkursvæðinu við slit á einni af 220 kV línunum að Geithálsi. Varastöðvar duga nú ekki til að halda uppi góðri spennu og er því gert ráð fyrir að reist verði 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi árið 1992. Árið 1993 bætist við 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk til að rekstrarástand í Austurlandskerfinu verði viðunandi við línuslit.

1994 - 2000. Búrfellsvirkjun II kemur í rekstur árið 1994 og tengist inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar. Ekki er þörf á frekari línuframkvæmdum í bili á Landsvirkjunarsvæðinu þrátt fyrir þessa viðbót í virkjunum á Þjórsársvæðinu. Árið 1997 er þó ástandið orðið mjög erfitt á Geithálssvæðinu við slit á Búrfellslínu II, þó svo að vara-stöðvar séu allar nýttar. Það sama ár kemur einnig Sultartangavirkjun í rekstur. Árið 1997 kemur því ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi að Sultartangavirkjun og áfram að Geithálsi. Sú lína bætir mjög reksturkerfisins og landskerfið þolir nú orðið slit á hvaða meginlínu sem er án teljandi vandræða.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
"- Blönduvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
"- Byggt upp 220 kV tengivirki á Akureyri.
1987
1988 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
"- Spennaafli aukið á Akureyri.
1989
1990 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.
"- Byggt upp 220 kV tengivirki í Fljótsdal.
"- Blönduvirkjun - Akureyri sett á 220 kV.
"- Byggt upp 220 kV tengivirki við Blöndu
1991
1992 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
"- 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
"- Lokið við 220 kV tengivirki í Fljótsdal og spennaafli aukið.
1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
1994

1995

1996

1997 Hrauneyjafossvirkjun - Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

1998

1999

2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið II koma eftirtaldar virkjanir:

1986	Blönduvirkjun ¹⁾	154 MW
1990	Fljótsdalsvirkjun 1. og 2. áf.	190 MW
1994	Fljótsdalsvirkjun 3. áf.	95 MW
1997	Búrfellsvirkjun II	155 MW
2000	Sultartangavirkjun	120 MW

1) Hagkvæmasta innsetningarár Blönduvirkjunar vegna orkuöflunarkerfisins er 1987, en hér er virkjuninni flýtt um eitt ár til sparnaðar í flutningsvirkjum. Þetta hefur í för með sér útgjaldaaukningu í orkuöflunarkerfinu sem nemur 710 Mkr í núgildi.

1986 - 1989. Kröfluvirkjun hefur þau áhrif, að hægt er að taka við fyrsta áfangi stóriðjunnar á Akureyri miðað við kerfið í eðlilegum rekstri, þó svo að Blönduvirkjun sé ekki komin inn á kerfið. Hins vegar er ekki hægt að viðhalda nægilega góðu spennuástandi á Akureyri við slit á Kröflulínu, þó svo að allt varaafli sé notað. Til lausnar því vandamáli má byggja aðra 132 kV línu frá Kröflu að Akureyri og þá væntanlega um Laxárvirkjun, en ódýrara reyndist að flýta Blönduvirkjun um eitt ár. Kemur virkjunin því í rekstur árið 1986 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu.

Fyrsti áfangi stóriðjunnar á Akureyri fær því orku sína um 132 kV kerfið, bæði frá Kröflu og Blönduvirkjun. Á Akureyri er síðan spennt upp í 220 kV og stóriðjuorkan afhent á þeirri spennu. Má nú auðveldlega ráða við slit á línunum öðru hvoru megin við Akureyri og eru engin teljandi vandræði við rekstur kerfisins.

Annar áfangi stóriðjunnar á Akureyri kemur í gagnið árið 1988. Dugar nú 132 kV kerfið ekki lengur ef mæta á slittilvikum. Kemur því ný 220 kV lína frá Blönduvirkjun að Akureyri árið 1988, en línan er rekin á 132 kV í fyrstu. Flutningsgeta kerfisins að Akureyri er nú nægileg og þolir kerfið slit á einni línu þangað án teljandi vandræða.

1990 - 1996. Þriðji og síðasti áfangi stóriðjunnar kemur í gagnið árið 1990 og um leið koma fyrstu tveir áfangar Fljótsdalsvirkjunar í rekstur. Rekstrarspenna línunnar frá Blönduvirkjun til Akureyrar er nú hækkuð í 220 kV og einnig kemur ný 220 kV lína frá Fljótsdal til Akureyrar. Fljótsdalsvirkjun tengist einnig inn á Austurlínu með tveimur 132 kV línunum. Nauðsynlegt er að hafa tvær 220 kV línur að Akureyri, ef rekstur kerfisins á að ganga með eina línu slitna.

Fljótsdalsvirkjun sér nú stóriðjunni á Akureyri að mestu fyrir raforku ásamt markaðnum á Austurlandi. Blönduvirkjun ásamt Kröfluvirkjun sjá síðan um það sem á vantar af markaðnum á Norðurlandi. Stærsti hlutinn af framleiðslu Blönduvirkjunar fer þó inn á Vesturland og Vestfirði og kemur því ný lína frá Blöndu að Hrútatungu árið 1992.

Á þessum tíma koma fram erfiðleikar við að halda nægilega góðri spennu á Geithálsi við slit á Búrfellslínu I og kemur því 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi árið 1992. Þéttavirkið ásamt notkun varastöðva á Reykjavíkursvæðinu duga til að halda viðunandi spennu í slíkum rekstrartilvikum.

Árið 1993 bætist við ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk. Sú lína tryggir rekstrarástandið á Austurlandi við slit á Austurlínu milli virkjunarinnar og Hryggstekks.

Landskerfið þolir nú orðið slit á hvaða meginlínu sem er án þess að nein sérstök vandamál komi upp, en þó er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu Fljótsdalsvirkjunar við slit á 220 kV línunni þaðan að Akureyri. Hins vegar er uppsett afl það mikið í kerfinu að ekki er þörf á notkun varavéla, ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á málafli.

Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1994. Þarf þá að auka enn frekar flutningsgetu línukerfisins út frá Austurlandi og kemur því ný 220 kV lína frá Fljótsdal að Hrauneyjafossi það ár. Eftir tilkomu þessarar línu verða flutningar nokkrir frá Fljótsdal

inn á Þjórsársvæðið við eðlilegt kerfisástand, en orkuflutningur til Akureyrar frá Fljótsdal eykst til muna og sér virkjunin stóriðjunni þar að mestu fyrir raforku. Við slit á línunni til Akureyrar verða orkuflutningar miklir frá Fljótsdal að Þjórsársvæðinu eftir hálendislínu og þaðan eftir Hrauneyjafosslínu upp að Brennimel og inn á byggðalínukerfið. Einnig aukast flutningar eftir 132 kV línunum frá Austurlandi í slíkum tilvikum og þá sér í lagi eftir Austurlínu inn á Norðurland. Hægt er að halda góðu rekstrarástandi alls staðar við slíkt línuslit og er hvergi þörf á að gangsetja varaafli.

1997 - 2000. Búrfellsvirkjun II kemur í rekstur árið 1997 og tengist inn á tengivirki eldri stöðvarinnar. Það ár er nauðsynlegt að efla flutningsgetu Landsvirkjunarkerfisins. Álag er orðið það mikið á Geithálsi að ekki er lengur hægt að halda nægilega góðri spennu á Geithálsi við slit á Búrfellslínu I, þó svo allt varaafli sé notað. Kemur því ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi um virkjunarsvæðið við Sultartanga að Geithálsi og er línan af sömu gerð og Hrauneyjafosslína að Brennimel.

Sultartangavirkjun kemur í rekstur árið 2000 og tengist inn á nýju línuna frá Hrauneyjafossi að Geithálsi.

Rekstur landskerfisins er nú góður og þolir kerfið nú slit á hvaða meginlínu sem er.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
-"- Byggt upp 220 kV tengivirki á Akureyri.
1987
1988 Blönduvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
-"- Spennaafli aukið á Akureyri.
1989
1990 Blönduvirkjun - Akureyri sett á 220 kV.
-"- Byggt upp 220 kV tengivirki við Blöndu.
-"- Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
-"- Fljótsdalur - Akureyri, 220 kV lína.
-"- Byggt upp 220 kV tengivirki í Fljótsdal.
1991

- 1992 Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV.
-- 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
1994 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
-- Lokið við 220 kV tengivirki í Fljótsdal og spennaafli aukið.
1995
1996
1997 Hrauneyjafossvirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
1998
1999
2000 Sultartangavirkjun tengd inn á línuna milli Hrauneyjafossvirkjunar og Geitháls.

4.3.3 Virkjunarleið III, stóriðja við Eyjafjörð

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið III koma eftirtaldar virkjanir:

- 1986 Sultartangavirkjun 120 MW
1988 Blönduvirkjun 154 MW
1990 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW
1992 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW
1996 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW
1999 Búrfellsvirkjun II 155 MW

1986 - 1989. Fyrsti áfangi stóriðjunnar kemur inn á kerfið árið 1986 samtímis því að Sultartangavirkjun kemur í rekstur. Stóriðja á Akureyri samfara virkjun á Þjórsársvæðinu krefst mikilla framkvæmda í línukerfinu, þar sem byggðalínukerfið annar ekki 50 MW aukningu í flutningi. Er það sérstaklega slit á línunum norðan Hrútatungu sem ekki yrði hægt að meta. Því kemur strax árið 1986 ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi um Sprengisand til Akureyrar.

Sultartangavirkjun tengist einnig Hrauneyjafossvirkjun með 220 kV línu. Við slit á Sprengisandslínu má halda viðunandi rekstrarástandi á Norðurlandi ef varastöðvar vestanlands og norðan eru gangsettar og R/O-veitum skipt yfir á olíu.

Flutningsgeta Sprengisandslínu er það mikil, að hún getur hæglega bætt á sig miklum flutningum við slit á línunum í 132 kV kerfinu.

Árið 1988 kemur síðan Blönduvirkjun í gagnið og tengist inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar með tveimur 132 kV línunum. Sama ár bætist við annar áfangi stóriðjunnar á Akureyri. Framleiðsla Blönduvirkjunar skiptist nokkuð jafnt til austurs og vesturs út frá virkjuninni við eðlilegt rekstrarástand.

Erfiðasta ástandið skapast við slit á Sprengisandslínu. Þá þarf að flytja mjög mikið eftir 132 kV línunni frá Blöndu til Akureyrar jafnframt því, að halda þarf viðunandi spennuástandi þar. Með því að gangsetja allt varaafli á Norðurlandi austan við Blöndu og á Austurlandi auk þess að setja R/O-veitur yfir á olíu, er hægt að halda viðunandi rekstrarástandi á svæðinu.

1990 - 1995. Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1990 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Austurland.

Síðasti áfangi stóriðjunnar á Akureyri kemur einnig árið 1990. Stóriðjan á Akureyri er nú orðin 150 MW og verður því að koma ný 220 kV lína að Akureyri, ef ráða á við slit á Sprengisandslínu. Tveir möguleikar eru á slíkri línu. Í fyrsta lagi gæti sú lína komið frá Blönduvirkjun og í öðru lagi gæti hún komið frá Fljótsdalsvirkjun. Með því að taka 220 kV línu frá Fljótsdal árið 1990 er í raun aðeins verið að flýta línu, sem yrði að koma nokkrum árum seinna við stækkun Fljótsdalsvirkjunar. Í því tilfelli kæmi línan frá Blönduvirkjun alls ekki. Þessi kostur er mun ódýrari í núgildi og kemur því ný 220 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Akureyri árið 1990. Þó ekki séu miklir flutningar eftir þeirri línu við eðlilegt rekstrarástand kerfisins þar sem stór hluti framleiðslu Fljótsdalsvirkjunar fer á Austurlandsmarkað, þá gegnir hún stóru hlutverki ef Sprengisandslínan slitnar. Eykst þá mjög aflflutningur eftir henni til Akureyrar og orka kemur í miklum mæli eftir Suðausturlínu inn á Austurland. Einnig tekur línan á sig mikla launafli-flutninga, þannig að eftir 132 kV línunni frá Blöndu til Akureyrar kemur að mestu raunafli. Þessi nýja lína kemur því að miklum notum þó ekki séu kannir inn fleiri áfangar í Fljótsdalsvirkjun.

Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur síðan í rekstur árið 1992. Við það aukast flutningar mikið eftir 220 kV línunni frá Fljótsdal til Akureyrar. Flutningar eftir Sprengisandslínu til Akureyrar eru einnig nokkuð miklir. Framleiðsla Blönduvirkjunar verður því að fara í auknum mæli inn á Vesturland og Vestfirði. Til þess að styrkja þá flutninga kemur árið 1992 220 kV lína frá Blönduvirkjun að Hrútatungu, en sú lína er þó rekin á 132 kV.

Þetta sama ár eða árið 1992 þarf að setja upp 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi til að tryggja góða spennu þar við slit á Búrfellslínu I. Varastöðvarnar á svæðinu duga þá ekki lengur til að bæta úr því ástandi.

Árið 1993 kemur ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk. Sú lína eykur mjög rekstraröryggi á Austurlandi og tryggir gott rekstrarástand í Austurlandskerfinu við línuslit.

1996 - 2000. Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í gagnið árið 1996. Fljótlega er þörf á að auka flutningsgetu kerfisins frá Austurlandi og er þá sérstaklega haft í huga að kerfið þoli slit á einni línu. Því kemur ný 220 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hrauneyjafossvirkjun árið 1997. Það sama ár er nauðsynlegt að styrkja flutningskerfið á Landsvirkjunarsvæðinu, ef takast á að mæta sliti á Búrfellslínu I og kemur því ný 220 kV lína frá Sultartangavirkjun að Geithálsi það ár. Þessi lína er af sömu gerð og Hrauneyjafosslína að Brennimer.

Búrfellsvirkjun II kemur síðan í rekstur árið 1999 og tengist inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar. Flutningsgeta landskerfisins er nú nægilega mikil og ekki þörf á frekari framkvæmdum fyrir aldamót.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.

-"- Hrauneyjafossvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.

-"- Byggt upp 220 kV tengivirki á Akureyri.

1987

1988 Blönduvirkjun tengd inn á Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.

-"- Spennaafli aukið á Akureyri.

1989

- 1990 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
-"- Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.
-"- Byggt upp 220 kV tengivirki í Fljótsdal.
1991
1992 Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
-"- 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
1994
1995
1996
1997 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
-"- Lokið við 220 kV tengivirki í Fljótsdal og spennaafli aukið.
-"- Sultartanngavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
1998
1999
2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið III koma eftirtaldar virkjanir:

- 1987 Sultartanngavirkjun 120 MW
1988 Blönduvirkjun¹⁾ 154 MW
1992 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW
1994 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW
1998 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW

1) Hagkvæmasta innsetningarár Blönduvirkjunar vegna orkuöflunarkerfisins er 1989, en hér er virkjuninni flýtt um eitt ár til sparnaðar í flutningsvirkjum. Útgjaldaaukning í orkuöflunarkerfinu er 460 Mkr í núgildi vegna þessa.

1986 - 1991. Kröfluvirkjun hefur þau áhrif, að hægt er að taka við fyrsta áfanga stóriðjunnar á Akureyri árið 1986 miðað við kerfið í eðlilegum rekstri. Hins vegar er ekki hægt að viðhalda nægilega góðu spennuástandi á Akureyri við slit á Kröflulínu, þó svo allt varaafli sé notað. Þar sem Blönduvirkjun er ekki væntanleg strax inn á kerfið, eru það tveir möguleikar sem koma til greina. Í fyrsta lagi er það bygging 220 kV Sprengisandslínu frá Hrauneyjafossi að Akureyri og í

öðru lagi er það tvöföldun Kröflulínu til Akureyrar. Ný 132 kV lína til Akureyrar frá Kröflu er mun ódýrari kostur og er því reiknað með að hún komi árið 1986. Miðað er við að hún liggi um Laxárvirkjun, en ekki er í kostnaðaráætlunum reiknað með tengingu hennar við virkjunina, enda er það annað mál.

Erfiðasta rekstrartilvikið skapast við slit á línunum norðan Hrutatungu, en þá þarf að flytja mikla orku um Suðausturlínu inn á Austurland og Norðurland. Með notkun varaafls og með því að setja R/O-veitur yfir á olíu má þó halda góðu rekstrarástandi alls staðar.

Sultartangavirkjun kemur í rekstur árið 1987 og tengist með 220 kV línu við Hrauneyjafossvirkjun. Árið eftir, eða árið 1988, kemur síðan annar áfangi stóriðjunnar á Akureyri í gagnið og er þá nauðsynlegt að stórauka flutningsgetuna til Akureyrar. Til greina koma nokkrar leiðir, en ódýrast er að flýta Blönduvirkjun um eitt ár og koma henni í rekstur árið 1988 í stað 1989. Vegur þar þungt hve álag yrði annars mikið á byggðalínukerfinu út frá Brennimel og erfitt að mæta sliti í því kerfi, bó svo línur frá Hrutatungu að Akureyri yrðu tvöfaldaðar. Sama máli gegnir um Sprengisandslínu, en við slit á henni yrði erfitt að flytja alla orku eftir byggðalínukerfinu.

Blönduvirkjun er því flýtt um eitt ár og kemur í rekstur árið 1988 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu. Einnig kemur ný 220 kV lína frá Blönduvirkjun að Akureyri þetta sama ár. Þessi lína er þó rekin á 132 kV spennu í fyrstu. Flutningsgeta kerfisins að Akureyri er nú nægileg og þolir nú kerfið slit á einni línu þangað án teljandi vandræða.

Þriðji áfangi stóriðjunnar kemur árið 1990 og er nú álag á Akureyri orðið á þriðja hundrað MW og því nauðsynlegt að auka flutningsgetu kerfisins þangað enn frekar. Línan frá Blönduvirkjun er spennuhækkuð í 220 kV og dugar sú aðgerð til að halda samilegu rekstrarástandi með allar línur í lagi.

Ekki er hægt að mæta sliti á þeirri línu, þar sem flutningsgeta 132 kV kerfisins er ekki næg. Kemur því önnur 220 kV lína frá Blönduvirkjun árið 1990.

Framleiðsla Blönduvirkjunar og Kröfluvirkjunar duga ekki fyrir stóriðjuna og almenna markaðinn á Norðurlandi og eru því nokkrir orkuflutningar eftir byggðalínukerfinu inn á Norðurland. Kerfið þolir nú slit á hvaða meginlínu sem er án þess að til vandræða horfi.

1992 - 2000. Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1992 og tengist virkjunin inn á Austurlínu með tveimur 132 kV línunum. Virkjunin bætir mjög rekstrarástand á Austurlandi og flutningar verða nokkrir inn á Norðurland eftir Austurlínu.

Árið 1992 er nauðsynlegt að setja upp þéttavirki á Geithálsi til að tryggja nægilega háa spennu við slit á Búrfellslínu I og einnig á Brennimel við slit á Hrauneyjafosslínu. Tilkoma þéttavirkisins bætir mjög spennuna í slíkum rekstrartilvikum og með notkun þess og varavéla á svæðinu má halda góðu rekstrarástandi.

Árið 1993 kemur ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk og tryggir með því gott rekstrarástand á Austurlandi í slittilvikum.

Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í gagnið árið 1994 og samtímis kemur ný 220 kV lína frá virkjuninni að Akureyri. Flutningar frá Fljótsdal inn á Norðurland aukast nú mjög og við það fer hluti af framleiðslu Blönduvirkjunar nú vestur á bóginn inn á Vesturland og Vestfirði.

Landskerfið þolir nú slit á hvaða meginlínu sem er á þessum tíma, en þó er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu Fljótsdalsvirkjunar við slit á 220 kV línunni þaðan til Akureyrar. Ekki er þó þörf á að gangsetja varastöðvar við slík rekstrartilvik, ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á málafli. Slit á Búrfellslínu I veldur spennuvandamálum á Geithálsi vegna hins mikla álags sem þar er komið, en ástand verður þó viðunandi fram undir 1997. Þá kemur ný 220 kV lína frá Sultartangavirkjun að Geithálsi. Sú lína verði af sömu gerð og línan frá Hrauneyjafossi að Brennimel.

Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1998. Verður nú að auka flutningsgetuna út frá Austurlandi og þá sérstaklega af Öryggissjónarmiðum. Kemur því ný 220 kV lína frá Fljótsdal að Hrauneyjafossi árið 1998.

Eftir þessar kerfisbætur er rekstur kerfisins góður og þolir það nú slit á hvaða meginlínu sem er.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Kröfluvirkjun - (Laxárvirkjun) - Akureyri, 132 kV lína.
-"- Byggt upp 220 kV tengivirki á Akureyri.
- 1987 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
- 1988 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línum.
-"- Blönduvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
-"- Spennaafli aukið á Akureyri.
- 1989
- 1990 Blönduvirkjun - Akureyri sett á 220 kV.
-"- Blönduvirkjun - Akureyri, 220 kV lína nr. 2.
-"- Byggt upp 220 kV tengivirki við Blöndu.
- 1991
- 1992 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línum.
-"- 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
- 1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
- 1994
- 1995 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.
-"- Byggt upp 220 kV tengivirki í Fljótsdal.
- 1996
- 1997 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
- 1998 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
-" Lokið við 220 kV tengivirki í Fljótsdal og spennaafli aukið.
- 1999
- 2000

4.3.4 Virkjunarleið IV, stóriðja við Eyjafjörð

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið IV koma eftirtaldar virkjanir:

1986 Fljótsdalsvirkjun 1. og 2. áf. 190 MW

1988 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW

1990 Blönduvirkjun 154 MW

1994 Búrfellsvirkjun II 155 MW

1997 Sultartangavirkjun 120 MW

1986 - 1989. Fyrstu tveir áfangar Fljótsdalsvirkjunar koma í rekstur árið 1986. Sama ár kemur í gagnið fyrsti áfangi stóriðjunnar á Akureyri. Fljótsdalsvirkjun tengist Austurlandskerfinu með tveimur 132 kV línnum inn á Austurlínu. Auka þarf flutningsgetuna frá Austurlandi að Akureyri vegna tilkomu stóriðjunnar þar. Því kemur árið 1986 220 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Akureyri. Framleiðsla Fljótsdalsvirkjunar fer þá að mestu til Akureyrar og að hluta til frá Akureyri og vestur á bóginn. Við slit á þessari línu frá Fljótsdalsvirkjun að Akureyri aukast mjög flutningar um 132 kV kerfið, en halda má viðunandi rekstrarástandi þó töp í kerfinu aukist mikið.

Þriðji áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur síðan í gagnið árið 1988. Þá þarf að auka enn flutningsgetu kerfisins út frá Austurlandi. Þar sem einnig þarf að auka flutningsgetur kerfisins til Akureyrar fljótlega vegna aukningar á stóriðjunni þar, hæfir nokkuð vel að setja aðra 220 kV línu frá Fljótsdal að Akureyri árið 1988. Annar möguleiki er sá, að línan lægi frá Fljótsdal að Hrauneyjafossi og síðan kæmi 220 kV lína frá Blönduvirkjun að Akureyri árið 1990. Þessi kostur er mun dýrari og var því sá fyrri valinn.

Eftir tilkomu 220 kV línu nr. 2 frá Fljótsdal að Akureyri má segja að Akureyri sé orðin mjög vel sett að því er varðar aðflutning raforku. Flutningar eru nokkrir frá Akureyri og vestur á bóginn og við slit á línnum vestan Akureyrar er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu Fljótsdalsvirkjunar. Hins vegar er ekki þörf á gangsetningu varaafis við slík slit, ef aðrar virkjanir geta gengið á fullum afköstum.

1990 - 1993. Síðasti áfangi stóriðjunnar á Akureyri kemur í gagnið árið 1990 og þá kemur Blönduvirkjun einnig í rekstur. Þar sem Fljótsdalsvirkjun sér að mestu fyrir almenna markaðnum á Norðurlandi ásamt stóriðjunni, þá þarf framleiðsla Blönduvirkjunar að fara öll inn á Vesturland og Vestfirði. Því er ekki nægilegt að tengja Blönduvirkjun eingöngu inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar, heldur verður einnig að koma ný lína frá Blönduvirkjun að Hrutatungu. Sú lína verði byggð sem 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu. Miðað er við að hún komi í rekstur árið 1990.

Árið 1992 er nauðsynlegt að gera ráðstafanir á Landsvirkjunarsvæðinu til að tryggja viðunandi rekstrarspennu á Geithálsi við slit á Búrfellslínu I. Gert er ráð fyrir uppsetningu 50 MVAR þéttavirkis á Geithálsi árið 1992 af þeim sökum. Árið 1993 kemur síðan ný 132 kV lína frá Fljótsdal að Hryggstekk til að tryggja viðunandi rekstrarástand á Austurlandskerfinu við línuslit.

1994 - 2000. Búrfellsvirkjun II kemur í rekstur árið 1994 og tengist inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar. Ekki er þörf á frekari línuframkvæmdum í landskerfinu fyrr en árið 1997. Þá þarf nýja línu að Geithálssvæðinu vegna hins mikla álags sem þar er. Dugarþá þéttavirkið á Geithálsi ásamt varastöðvum ekki lengur til að tryggja gott spennuástand þar við slit á Búrfellslínu I. Sama ár kemur Sultartangavirkjun í rekstur og liggur því nýja 220 kV línan frá Hrauneyjafossi um Sultartangavirkjun og þaðan að Geithálsi.

Við tilkomu þessarar línu er rekstrarástand orðið mjög gott í landskerfinu og þolir það nú slit á hvaða meginlínu sem er.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línum.

"- Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.

"- Byggð upp 220 kV tengivirki á Akureyri og Fljótsdal.

1987

1988 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína nr. 2.

"- Lokið við 220 kV tengivirki á Akureyri og Fljótsdal og spennaaflokið á báðum stöðum.

1989

1990 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.

-"- Blönduvirkjun - Hrutatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

1991

1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.

1994

1995

1996

1997 Hrauneyjafossvirkjun - Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

1998

1999

2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið IV koma eftirtaldar virkjanir:

1987 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW

1988 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW

1990 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW

1991 Blönduvirkjun 154 MW

1997 Búrfellsvirkjun II 155 MW

2000 Sultartangavirkjun 120 MW

1986 - 1990. Kröfluvirkjun hefur þau áhrif, að hægt er að taka við fyrsta áfanga stóriðjunnar á Akureyri árið 1986 miðað við kerfið í eðlilegum rekstri. Hins vegar er ekki hægt að viðhalda nægilega góðu spennuástandi á Akureyri við slit á Kröflulínu, þó svo allt varaafli sé notað. Til þess að bæta slík rekstrartilvik kemur ný 132 kV lína frá Kröfluvirkjun að Akureyri árið 1986. Reiknað er með að línan liggi um Laxárvirkjun, en ekki er í kostnaðaráætlun tekinn með kostnaður við að tengja hana við virkjunina, enda er það annað mál.

Erfiðasta rekstrartilvikið skapast nú við slit á línunum norðan Hrutatungu, en þá þarf að flytja mikla orku um Suðausturlínu inn á Austurland og Norðurland. Með notkun varaafli og með því að setja R/O-veitur yfir á olíu má þó halda góðu rekstrarástandi alls staðar.

Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1987 og tengist virkjunin með tveimur 132 kV línum inn á Austurlínu. Tilkoma virkjunarinnar bætir mjög rekstrarástand kerfisins og þá sérstaklega í slittilvikum eins og lýst var hér að framan. Framleiðsla virkjunarinnar fer á markaðinn á Austurlandi og einnig verða flutningar nokkrir eftir Austurlínu inn á Norðurland.

Árið 1988 kemur annar áfangi stóriðjunnar í gagnið og sama ár kemur einnig annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar í rekstur. Verður nú að auka flutningsgetuna frá Fljótsdal að Akureyri og kemur því ný 220 kV lína þar á milli þetta sama ár. Framleiðsla Fljótsdalsvirkjunar sem ekki er notuð á Austurlandi fer nú öll inn á Norðurland og verða flutningar nú miklir eftir 220 kV línunni til Akureyrar. Erfiðasta rekstrartilvikið skapast nú við slit á þeirri línu, en þá verða flutningar miklir eftir Austurlínu inn á Norðurland. Hægt er að halda nægilega góðu spennuástandi í slíkum tilvikum og kemur nýja línan frá Kröflu að Akureyri að miklum notum.

Árið 1990 koma þriðju og síðustu áfangar bæði stóriðjunnar og Fljótsdalsvirkjunar. Kemur því það ár önnur 220 kV lína frá Fljótsdal að Akureyri og tryggir hún vel flutning raforku til Akureyrar. Fljótsdalsvirkjun og Kröfluvirkjun sjá nú öllu Norðurlandi og Austurlandi fyrir raforku og flutningar eru nokkrir inn á Vesturland eftir Norðurlínakerfinu. Landskerfið þolir nú slit á hvaða meginlínu sem er og hægt er að halda mjög góðu rekstrarástandi í flestum rekstrartilvikum.

1991 - 1996. Blönduvirkjun kemur í rekstur árið 1991. Þar sem Fljótsdalsvirkjun og Kröfluvirkjun anna öllu álagi á Norðurlandi, verður framleiðsla Blönduvirkjunar að fara inn á Vesturland og Vestfirði. Því tengist Blönduvirkjun með nýrri línu að Hrútatungu auk tengingar inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar. Tengingin inn á Norðurlínu er gerð með tveimur 132 kV línum, en línan að Hrútatungu er 220 kV lína, sem rekin er á 132 kV.

Framleiðsla Blönduvirkjunar fer nú inn á Vesturland og Vestfirði og einnig verða flutningar nokkrir inn á 220 kV kerfið við Brennimer. Tilkoma Blönduvirkjunar dreður aðeins úr flutningum frá Fljótsdalsvirkjun inn á Norðurland og við það aukast að sama skapi flutningar eftir Suðausturlínu inn á Þjórsársvæðið.

Álag á Geithálssvæðinu er nú orðið það mikið, að erfitt er að halda þar viðunandi spennuástandi við slit á Búrfellslínu I. Því verður 50 MVAR þéttavirki sett upp á Geithálsi árið 1992.

Árið 1993 kemur ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk. Þessi nýja lína tryggir rekstrarástand Austurlandskerfisins við slit á eldri línunni frá virkjuninni að Hryggstekk.

Eftir þessar viðbætur í kerfinu dugar kerfið nú næstu árin og þolir það nú slit á hvaða meginlínu sem er.

1997 - 2000. Búrfellsvirkjun II kemur í rekstur árið 1997 og tengist virkjunin inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar. Þetta sama ár er nauðsynlegt að auka flutningsgetu Landsvirkjunarkerfisins, ef ráða á við slit á Búrfellslínu I. Dugar þá ekki lengur þéttavirkið á Geithálsi ásamt varastöðvum á svæðinu til að halda viðunandi rekstrarspennu þar við slíkar bilanir. Því kemur ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi að Geithálsi í gagnið árið 1997. Þessi lína yrði sömu gerðar og Hrauneyjafosslína að Brennimeil og lægi um virkjunarsvæðið við Sultartanga.

Ný lína eykur mjög öryggið í orkuflutningum á Landsvirkjunarsvæðinu og eru nú engin vandamál í rekstri kerfisins. Þolir landskerfið nú slit á hvaða meginlínu sem er án teljandi vandræða.

Árið 2000 kemur Sultartangavirkjun í rekstur og tengist inn á nýju línuna frá Hrauneyjafossi að Geithálsi. Ekki er þörf á neinum frekari framkvæmdum við tilkomu virkjunarinnar.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Kröfluvirkjun - (Laxárvirkjun) - Akureyri, 132 kV lína.
- "- Byggt upp 220 kV tengivirki á Akureyri.
- 1987 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- 1988 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.
- "- Byggt upp 220 kV tengivirki í Fljótsdal og spennaafli aukið á Akureyri.
- 1989
- 1990 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína nr. 2.
- "- Lokið við 220 kV tengivirki í Fljótsdal og spennaafli aukið.

- 1991 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
-- Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
1994
1995
1996
1997 Hrauneyjafossvirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
1998
1999
2000 Sultartangavirkjun tengd inn á línuna frá Hrauneyjafossvirkjun að Geithálsi.

4.3.5 Virkjunarleið V, stóriðja við Eyjafjörð

Í virkjunarleið V koma eftirtaldar virkjanir:

- 1986 Sultartangavirkjun 120 MW
1988 Búrfellsvirkjun II 155 MW
1990 Blönduvirkjun 154 MW
1993 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW
1995 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW
1999 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW

1986 - 1989. Fyrsti áfangi stóriðjunnar og Sultartangavirkjun koma í rekstur árið 1986. Stóriðja á Akureyri samfara virkjunum á Djórsársvæðinu krefst mikilla framkvæmda í línukerfinu, þar sem ekki er hægt að auka flutning um byggðalínukerfið um 50 MW. Er það sérstaklega slit á línunum norðan Hrútatungu sem ekki yrði hægt að meta. Því kemur strax árið 1986 ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi um Sprengisand til Akureyrar.

Sultartangavirkjun tengist einnig Hrauneyjafossi með 220 kV línu. Við slit á Sprengisandslínu má halda viðunandi rekstrarástandi á Norðurlandi með því að gangsetja varastöðvar vestanlands og norðan og setja R/O-veitur yfir á olíu. Flutningsgeta Sprengisandslínu er það mikil, að hún getur hæglega bætt á sig miklum flutningum við slit á línunum í 132 kV kerfinu.

Árið 1988 kemur Búrfellsvirkjun II í gagnið og tengist inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar. Þetta sama ár kemur annar áfangi stóriðjunnar á Akureyri í gagnið og er hún nú orðin 100 MW. Flutningar eftir Sprengisandslínu aukast mikið við þessa viðbót í stóriðjunni.

Nú er ekki lengur hægt að mæta sliti á Sprengisandslínu með 132 kV kerfinu, þar sem flutningsgeta þess er ekki næg. Nægilegt er þó að styrkja kerfið frá Hrútatungu að Akureyri í fyrstu. Því er byggð 220 kV lína frá Hrútatungu um virkjunarsvæði Blöndu að Akureyri. Þessi lína verði rekin á 132 kV spennu í fyrstu.

Við slit á Sprengisandslínu verður þá að gangsetja allt varaafli utan Landsvirkjunarsvæðisins og setja allar R/O-veitur yfir á olíu. Er það gert til að létta á flutningum yfir Holtavörðuheidi. Á þann hátt er hægt að halda viðunandi rekstrarástandi.

1990 - 1995. Síðasti áfangi stóriðjunnar kemur síðan árið 1990. Það sama ár kemur Blönduvirkjun í gagnið. Virkjunin tengist inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar með tveimur 132 kV línunum. Einnig verður að spennuhækka nýju línuna frá Blönduvirkjun að Akureyri í 220 kV rekstrar spennu. Sá hluti 220 kV línunnar, sem er milli Blönduvirkjunar og Hrútatungu er þó rekinn áfram áfram á 132 kV spennu.

Eftir þessar umbætur er rekstur kerfisins í góðu jafnvægi og hægt að mæta sliti á hvaða línu sem er. Þó er nauðsynlegt árið 1992 að setja upp 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi til að gott spennuástand verði á Geithálssvæðinu við slit á Búrfellslínu I. Dugar þá ekki lengur að gangsetja varastöðvar í þeim tilgangi.

Árið 1993 kemur síðan fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar í rekstur. Virkjunin tengist Austurlínu með tveimur 132 kV línunum auk nýrrar 132 kV línu frá virkjuninni að Hryggstekki. Nauðsynlegt er að hafa tvær línur að Hryggstekki til spennustýringar Austurlandskerfisins við slit norðan Hryggstekks.

Framleiðsla Fljótsdalsvirkjunar fer að mestu í að metta orkumarkaðinn á Austurlandi, en þó fer eitthvað eftir Austurlínu til Norðurlands.

1996 - 2000. Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur inn á kerfið árið 1996. Framleiðsla þessa áfanga auk hluta af framleiðslu fyrri áfanga þarf að fara á markað utan Austurlands. Því er nauðsynlegt að auka flutningsgetu kerfisins frá Austurlandi. Með byggingu 220 kV línu frá Fljótsdalsvirkjun að Akureyri má auðveldlega koma allri framleiðslu virkjunarinnar þangað og við slit á þeirri línu getur 132 kV kerfið bætt á sig þeim flutningum að mestu.

Árið 1997 þarf að byggja nýja línu frá Sultartangavirkjun að Geithálsi, til að tryggja þar rekstrarástandið við slit á Búrfellslínu I. Sú lína verði höfð af sömu gerð og Hrauneyjafosslína að Brennimer.

Flutningar um Sprengisandslínu hafa minnkað mjög á þessum tíma og Fljótsdalsvirkjun tekur að nokkru að sér markaðinn á Norðurlandi.

Þriðji áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1999. Það ár er síðan byggð 220 kV lína frá virkjuninni að Hrauneyjafossi. Sú lína er nauðsynleg til að hægt verði að koma framleiðslu Fljótsdalsvirkjunar frá Austurlandi við slit á 220 kV línunni til Akureyrar.

Eftir þessa línubyggingu er komið mjög sterkt 220 kV kerfi milli landshluta og tengir kerfið saman allar helstu virkjanir og Akureyri.

Landskerfið þolir nú orðið slit á hvaða meginlínu sem er án þess að til vandræða horfi í rekstri kerfisins.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun 220 kV lína.

-"- Hrauneyjafossvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.

-"- Byggt upp 220 kV tengivirki á Akureyri.

1987

1988 Hrútatunga - (Virkjunarsvæði við Blöndu) - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV.

-"- Spennaafli aukið á Akureyri.

1989

1990 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum inn á línuna að Hrútatungu.

-"- Blönduvirkjun - Akureyri sett á 220 kV.

-"- Byggt upp 220 kV tengivirki við Blöndu.

1991

1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

1993 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.

-"- Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.

1994

1995

1996 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.

-"- Byggt upp 220 kV tengivirki í Fljótsdal.

1997 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

1998

1999 Fljótsdalsvirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.

-"- Lokið við 220 kV tengivirki í Fljótsdal og spennaafl aukið.

2000

4.4 Almenn notkun og ný stóriðja á Reyðarfirði

Í þessum hluta er tekin fyrir þróun línukerfisins fyrir hinar ýmsu virkjunarleiðir á grundvelli þess að auk hinnar almennu notkunar og umsáminnar stóriðju komi ný stóriðja á Reyðarfirði. Miðað er við 150 MW stóriðju, sem komi inn í þremur 50 MW áföngum. Fyrsti áfangi komi árið 1986, annar árið 1988 og hinn þriðji árið 1990.

Staðsetning stóriðju á Reyðarfirði getur verið bæði góð og slæm með tilliti til flutningskerfis. Hún er góð, ef samtímis stóriðjuuppbyggingunni kemur virkjun í Fljótsdal, en hún er slæm ef virkjað er í öðrum landslutum fyrir stóriðju á Reyðarfirði.

Línukerfið að Reyðarfirði og Eskifirði byggist upp af 66 og 33 kV línunum. Slíkt línukerfi er ekki hægt að nýta fyrir stóriðju af þessari stærð og er því reiknað með, að línukerfið fyrir stóriðjuna byggist upp óháð öðru línukerfi niður á fjörðum. Miðað er við að stóriðjan fái orku sína eftir tveimur 220 kV línunum og beri allan kostnað við endabúnað við verksmiðjuna. Þar sem Fljótsdalsvirkjun kemur inn á kerfið í öllum þeim virkjunarleiðum sem athugaðar voru er reiknað með því, að á einhverju stigi málsins komi Fljótsdalsvirkjun til með að sjá stóriðjunni fyrir raforku. Því koma 220 kV línurnar að Reyðarfirði alltaf frá Fljótsdal. Ef virkjunin er enn ekki komin í rekstur, er byggt upp tengivirki við væntanlegan virkjunarstað og það síðan tengt landskerfinu með tengingu inn á Austurlínu og með öðrum línubyggingum sem geta reynst nauðsynlegar.

Hér á eftir fylgja lýsingar á línukerfum fyrir þær virkjunarleiðir sem athugaðar voru. Um er að ræða fyrstu fimm virkjunarleiðirnar án Kröflu og fyrstu fjórar með Kröflu.

4.4.1 Virkjunarleið I, stóriðja á Reyðarfirði

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið I koma eftirtaldar virkjanir:

1986	Blönduvirkjun	154 MW
1988	Sultartangavirkjun	120 MW
1990	Fljótsdalsvirkjun 1. áf.	95 MW
1992	Fljótsdalsvirkjun 2. áf.	95 MW
1996	Fljótsdalsvirkjun 3. áf.	96 MW
1999	Búrfellsvirkjun II	155 MW

1986 - 1989. Fyrsti áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði kemur inn á kerfið árið 1986 eða um leið og Blönduvirkjun. Þar sem flutningslínurniður á Reyðarfjörð út frá Austurlandskerfinu eru ófullnægjandi er nauðsynlegt að byggja nýjar línur þangað strax, og þarsem Fljótsdalsvirkjun kemur seinna meir til með að sjá stóriðjunni fyrir raforku miðast uppbygging kerfisins við það. Því er strax árið 1986 byggt upp tengivirki við fyrirhugaða Fljótsdalsvirkjun og tvær 220 kV línur byggðar þaðan að stóriðjunni á Reyðarfirði. Tengivirkið við Fljótsdalsvirkjun er tengt með tveimur 132 kV línunum inn á Austurlínu, en spennt er upp í 220 kV í tengivirkinu.

Eins og fyrr sagði kemur Blönduvirkjun í rekstur þetta sama ár eða 1986. Virkjunin tengist inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar með tveimur 132 kV línunum. Þessi tenging er hins vegar ekki nægileg vegna stóriðjunnar á Reyðarfirði. Kemur þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi verður ekki hægt að mæta sliti á línunum austan Blöndu, þar sem flutningsgeta Suðausturlínu er ekki nægileg. Í öðru lagi er ekki hægt að mæta sliti á Suðausturlínu, þar sem flutningar í austur frá Blöndu verða það miklir að spennuástand verður mjög slæmt. Því verður samtímis, eða 1986, byggð ný 132 kV lína frá Blöndu um Varmahlíð og Dalvík til Akureyrar. Sú lína tryggir mjög flutninga austur á bóginn frá Blöndu.

Til að bæta rekstrarástand á Austurlandi við slit á Austurlínu er sett upp thyristorstýrt þéttavirki að Hryggstekk til spennustýringar árið 1986.

Eftir þessar viðbætur getur nú kerfið mætt sliti á hvaða meginlínu sem er.

Sultartangavirkjun kemur síðan í rekstur árið 1988 og tengist Hrauneyjafossi með 220 kV línu. Um leið kemur annar áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði í gagnið. Er nú nauðsynlegt að auka þegar flutningsgetu kerfisins austur á land. Ekki er um marga kosti að ræða í því sambandi og er hér gert ráð fyrir nýrri 220 kV línu frá Hrauneyjafossi og austur í Fljótsdal. Þessi lína tekur nú við að mestu orkuflutningum til stóriðjunnar á Austurlandi.

Slit á þessari nýju línu er erfiðasta rekstrartilvikið sem upp kemur á þessum tíma, en með því að gangsetja allar varastöðvar á Austurlandi og Norðurlandi Eystra og setja R/O-veitur yfir á olíu má ráða við þetta ástand.

1990 - 1995. Þriðji og síðasti áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði kemur síðan árið 1990. Það sama ár kemur fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar í gagnið og tengist inn á tengivirkið sem þegar er risið í Fljótsdal. Tilkoma Fljótsdalsvirkjunar kemur meira jafnvægi í reksturinn þó svo virkjunin sjái ekki um nema hluta markaðarins á Austurlandi. Ekki eru lengur nein vandamál við að mæta sliti á línunum að Austurlandi.

Á þessum árum koma fram vandamál við að halda uppi nægilega góðri spennu á Reykjavíkursvæðinu við slit á Búrfellslínu I, þó svo varastöðvar séu gangsettar.

Af þeim sökum kemur árið 1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

Það sama ár kemur síðan annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar í rekstur. Virkjunin yfirtekur nú að mestu markaðinn á Austurlandi og litlir orkuflutningar verða eftir línukerfinu til og frá landsfjórðungnum.

Blönduvirkjun sér nú fyrir markaðnum á Norðurlandi og hluti framleiðslunnar fer inn á Vesturland og Vestfirði.

1996 - 2000. Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1996. Virkjunin sér nú algjörlega um orkumarkaðinn á Austurlandi og nokkrir tugir MW fara frá Austurlandi, aðallega um línuna að Hrauneyjafossi.

Árið 1996 kemur ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk aðallega til að tryggja gott rekstrarástand á Austurlandi við slit á Austurlínu milli Fljótsdalsvirkjunar og Hryggstekks. Árið 1997 er þörf á nýrri línu á Landsvirkjunarsvæðinu frá Þjórsárvirkjunum að Geithálsi. Álag er orðið það mikið á Geithálsi að kerfið þolir nú ekki slit á annarri 220 kV línunni þangað. Því kemur ný 220 kV lína frá Sultartangavirkjun að Geithálsi árið 1997. Sú lína verði af sömu gerð og Hrauneyjafosslína að Brennimeil.

Búrfellsvirkjun II kemur síðan í rekstur árið 1999 og tengist inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar.

Ekki er þörf á frekari aðgerðum í landskerfinu fyrir aldamót og þolir kerfið nú slit á hvaða meginlínu sem er án þess að til vandræða horfi. Þegar saman fara stóriðja á Reyðarfirði og virkjun í Fljótsdal, ein-kenna litlir orkuflutningar milli landshluta landskerfið.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- "- Blönduvirkjun - Varmahlíð - Dalvík - Akureyri, 132 kV lína.
- "- Byggt upp tengivirki í Fljótsdal.
- "- Tengivirkið í Fljótsdal tengt Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- "- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 1.
- "- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 2.
- "- Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR.

- 1987
- 1988 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
- "- Hrauneyjafossvirkjun - Fljótsdalur, 220 kV lína.
- "- Spennaafli aukið í Fljótsdal.

- 1989
- 1990
- 1991
- 1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
- 1993
- 1994
- 1995

- 1996 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV.
- 1997 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
- 1998
- 1999
- 2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið I koma eftirtaldar virkjanir:

- 1987 Blönduvirkjun 154 MW
- 1990 Sultartangavirkjun 120 MW
- 1992 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW
- 1994 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW
- 1998 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW

1986 - 1991. Fyrsti áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði kemur í gagnið árið 1986. Það ár eru byggðar tvær 220 kV línur frá fyrirhuguðu virkjunarsvæði við Fljótsdal að Reyðarfirði. Við Fljótsdal rís einnig tengivirki, þar sem spennt er úr 132 kV upp í 220 kV fyrir línurnar til Reyðarfjarðar, en frá tengivirkinu eru byggðar tvær 132 kV línur tengdar inn á Austurlínu. Stóriðjan á Reyðarfirði fær því sína orku í fyrstu um 132 kV línukerfið að Fljótsdal, þar sem spennt er upp í 220 kV og sent eftir línunum niður að Reyðarfirði.

Kröfluvirkjun tryggir næga flutningsgetu kerfisins austur á land við eðlilegt rekstrarástand, en ef mæta á sliti á Austurlínu verður að gera ráðstafanir til að tryggja nægilega gott spennuástand á Austurlandi við slíkar bilanir. Er því þéttavirkinu á Hryggstekk breytt í thyristorstýrt virki árið 1986 auk þess sem það er stækkað í 50 MVAR. Eftir það má halda nægilega góðu spennuástandi á Austurlandi við slíkar bilanir, en þó verður að nýta allt varaafli þar auk þess að setja R/O-veitur yfir á olíu.

Blönduvirkjun kemur í rekstur árið 1987 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar. Tilkoma virkjunarinnar léttir mjög á orkuflutningum inn á byggðalínukerfið við Brennimeil og þá sérstaklega í þeim tilvikum þegar Suðausturlína er slitin.

Annar áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði kemur í gagníð árið 1988 og er þá nauðsynlegt að auka flutningsgetu kerfisins austur á land. Það ár kemur því ný 132 kV lína frá Blönduvirkjun til Varmahlíðar og um Heljardalsheiði til Dalvíkur og áfram til Akureyrar. Frá Akureyri kemur 220 kV lína að Fljótsdal, en sú lína verður þó rekin á 132 kV spennu í fyrstu.

Eftir þessar viðbætur í kerfinu gengur rekstur kerfisins vel í eðlilegu rekstrarástandi og öllum slittilvikum má mæta, en í sumum tilvikum verður þó að nýta allt það varaafli sem tiltækt er á Austurlandi.

Þriðji og síðasti áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði kemur í gagníð árið 1990 og það sama ár kemur Sultartangavirkjun í rekstur og tengist hún Hrauneyjafossvirkjun með 220 kV línu. Nauðsynlegt er nú að auka enn frekar flutningsgetu kerfisins austur á land og kemur ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi að Fljótsdal árið 1990. Þessi nýja lína tekur að mestu við flutningum til stóriðjunnar á Reyðarfirði undir eðlilegum rekstraraðstæðum. Erfiðasta rekstrarástandið skapast við slit á henni, en þá eru miklir flutningar eftir 132 kV kerfinu inn á Austurland. Með því að nota allar varaafllsstöðvar á Austurlandi er þó hægt að tryggja viðunandi ástand.

1992 - 2000. Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1992 og tengist inn á tengivirkið sem þegar er risið við Fljótsdal. Framleiðsla virkjunarinnar fer öll inn á markaðinn á Austurlandi og við það minnka flutningar þangað úr öðrum landshlutum. Reksturinn verður nú allur betri og auðveldara er að mæta sliti á línunum í Austurlandskerfinu.

Á þessum tíma koma fram erfiðleikar við að halda nægilega góðri spennu á Geithálssvæðinu við slit á Búrfellslínu I. Duga þá varaafllsstöðvar á svæðinu ekki lengur. Því kemur 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi árið 1992. Þéttavirkið bætir mjög spennuástandið í slíkum slittilvikum og má þá fresta frekari aðgerðum á svæðinu um nokkur ár.

Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1994. Virkjunin getur nú sinnt mest öllum markaðnum á Austurlandi og flutningar þangað úr öðrum landshlutum verða mjög litlir og nýtast því illa hin miklu flutningsvirki sem þangað liggja.

Álag er nú orðið mikið á Geithálssvæðinu og verður því sífellt erfiðara að halda uppi nægilega hárrí spennu á Geithálsi við slit á Búrfellslínu I. Með notkun alls varaafis á svæðinu og með notkun þéttavirkis má þó fresta viðbótum í kerfinu fram til 1997. Þá kemur ný 220 kV lína frá Sultartanga að Geithálsi. Sú lína verði sömu gerðar og Hrauneyjafosslína að Brennimel.

Þriðji áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1998. Virkjunin getur nú séð um allan markaðinn á Austurlandi og flutningar verða einnig nokkrir inn á Norðurland. Þeir flutningar ásamt framleiðslu Kröflu-
virkjunar sjá nú að mestu um orkumarkaðinn á Norðurlandi og framleiðsla Blönduvirkjunar fer því í meira mæli inn á Vesturland og Vestfirði.

Til að tryggja þá flutninga kemur árið 1998 ný 220 kV lína frá Blönduvirkjun að Hrutatungu. Sú lína verði þó rekin á 132 kV. Sama árið kemur einnig ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk og tryggir hún rekstrarástandið í Austurlandskerfinu við slit á eldri línunni frá Fljótsdal að Hryggstekk.

Flutningsgeta kerfisins er næg um aldamótin og hægt að mæta sliti á hvaða meginlínu sem er án nokkurra erfiðleika. Hins vegar er áberandi á þessum tíma, að hálendislinurnar ganga með mjög litlu álagi og nýtast illa.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000.

- 1986 Byggt upp tengivirki í Fljótsdal.
- "- Tengivirki í Fljótsdal tengt Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- "- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 1.
- "- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 2.
- "- Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR.
- 1987 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- 1988 Blönduvirkjun - Varmahlíð - Dalvík - Akureyri, 132 kV lína.
- "- Akureyri - Fljótsdalur, 220 kV lína, en rekin á 132 kV.
- "- Spennaafli aukið í Fljótsdal.
- 1989
- 1990 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
- "- Hrauneyjafossvirkjun - Fljótsdalur, 220 kV lína.

1991

1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

1993

1994

1995

1996

1997 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

1998 Blönduvirkjun - Hrutatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

-"- Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.

1999

2000

4.2.2 Virkjunarleið II, stóriðja á Reyðarfirði

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið II koma eftirtaldar virkjanir:

- 1986 Blönduvirkjun 154 MW
- 1988 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW
- 1989 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW
- 1991 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW
- 1994 Búrfellsvirkjun II 155 MW
- 1997 Sultartangavirkjun 120 MW

1986 - 1993. Fyrsti áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði kemur inn á kerfið árið 1986 eða á sama tíma og Blönduvirkjun. Þar sem flutningslínur niður á Reyðarfjörð frá Austurlandskerfinu eru ófullnægjandi, er nauðsynlegt að byggja nýjar línur þangað strax. Þar sem Fljótsdalsvirkjun kemur seinna meir til með að sjá stóriðjunni fyrir raforku miðast uppbygging kerfisins við það. Því er strax árið 1986 byggt upp tengivirki við fyrirhugaða Fljótsdalsvirkjun og tvær 220 kV línur byggðar þaðan að stóriðjunni á Reyðarfirði. Tengivirkið við Fljótsdalsvirkjun er tengt með tveimur 132 kV línum inn á Austurlínu, en spennnt er upp í 220 kV í tengivirkinu.

Eins og fyrr sagði kemur Blönduvirkjun í rekstur þetta sama ár eða 1986. Virkjunin tengist inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar með tveimur 132 kV línum. Þessi tenging er hins vegar ekki nægileg vegna

stóriðjunnar á Reyðarfirði. Kemur þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi verður ekki hægt að mæta sliti á línunum austan Blöndu, þar sem flutningsgeta Suðausturlínu er ekki nægileg. Í öðru lagi er ekki hægt að mæta sliti á Suðausturlínu, þar sem flutningar í austur frá Blöndu verða það miklir að spennuástand verður mjög slæmt.

Því kemur samtímis, eða 1986, ný 132 kV lína frá Blöndu um Varmahlíð og Dalvík til Akureyrar. Sú lína tryggir mjög flutninga austur á bóginn frá Blöndu.

Til að bæta rekstrarástand á Austurlandi við slit á Austurlínu er þéttavirkinu á Hryggstekk breytt í thyristorstýrt virki árið 1986, auk þess sem það er stækkað í 50 MVAR. Eftir þessar viðbætur getur nú kerfið mætt sliti á hvaða meginlínu sem er.

Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1988 og tengist inn á tengivirkið sem þegar er risið í Fljótsdal. Annar áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði kemur í gagnið sama ár. Þó svo að Fljótsdalsvirkjun nægi ekki fyrir alla orkueftirspurn á Austurlandi, þá er framleiðslugeta hennar það mikil, að ekki eru nein vandræði á því að flytja það sem á vantar frá Blöndu og um Austurlínu.

Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur síðan í gagnið árið 1989 og þriðji áfangi stóriðjunnar kemur árið 1990. Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1991.

Virkjunin gerir nú meira en að sjá fyrir stóriðjunni og almenna markaðnum á Austurlandi og fer hluti af framleiðslu hennar eftir Austurlínu inn á Norðurland. Þá þarf framleiðsla Blönduvirkjunar að fara í meiri mæli inn á Vesturland og Vestfirði. Til að styrkja þá flutninga er byggð ný lína frá Blönduvirkjun að Hrutatungu árið 1991. Sú lína er byggð sem 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

Á þessum árum koma fram vandamál við að halda uppi nægilega góðri spennu á Reykjavíkursvæðinu við slit á Búrfellslínu I, þó svo varastöðvar séu gangsettar. Af þeim sökum kemur árið 1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

Árið 1993 kemur ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk. Sú lína bætir mjög rekstrarástand í Austurlandskerfinu í slittilvikum.

1994 - 2000. Búrfellsvirkjun II kemur í rekstur árið 1994 og tengist inn á tengivirki eldri stöðvarinnar við Búrfell.

Ekki er þörf á frekari línufrámkvæmdum í landskerfinu fyrr en 1997, en þá verður að styrkja flutningsgetu kerfisins að Geithálsi. Vegna þess hve mikið álag er nú orðið á Geithálssvæðinu þolir kerfið ekki lengur slit á Búrfellslínu I, þó svo að allt varaafli á svæðinu sé notað. Þetta sama ár, eða 1997, kemur Sultartangavirkjun í rekstur. Því er hér reiknað með að ný 220 kV línu frá Hrauneyjafossi um Sultartanga og að Geithálsi komi í gagnið árið 1997. Þessi lína yrði af sömu gerð og Hrauneyjafosslína að Brennimeil.

Eftir þessar frámkvæmdir dugar kerfið vel til aldamóta og þolir nú slit á hvaða meginlínu sem er.

FRÁMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSKERFI 1986 - 2000

- 1986 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- "- Blönduvirkjun - Varmahlíð - Dalvík - Akureyri, 132 kV lína.
- "- Byggt upp tengivirki í Fljótsdal.
- "- Tengivirkið í Fljótsdal tengt Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- "- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 1.
- "- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 2.
- "- Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR.

- 1987
- 1988 Fljótsdalsvirkjun tengd inn á tengivirkið í Fljótsdal og spennaafl
- 1989 \ aukið.
- 1990
- 1991 Blönduvirkjun - Hrutatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
- 1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
- 1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur.
- 1994
- 1995
- 1996
- 1997 Hrauneyjafossvirkjun - Sultartangavirkjun - Geitháls 220 kV lína.
- 1998
- 1999
- 2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið II koma eftirtaldar virkjanir:

1987	Blönduvirkjun	154 MW
1990	Fljótsdalsvirkjun 1. og 2. áf.	190 MW
1994	Fljótsdalsvirkjun 3. áf.	95 MW
1997	Búrfellsvirkjun II	155 MW
2000	Sultartangavirkjun	120 MW

1986 - 1989. Fyrsti áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði kemur í gagnið árið 1986. Það ár eru byggðar tvær 220 kV línur frá fyrirhuguðu virkjunarstæði við Fljótsdal að Reyðarfirði. Við Fljótsdal rís einnig tengivirki, þar sem spennt er úr 132 kV upp í 220 kV fyrir línurnar til Reyðarfjarðar, en frá tengivirkinu eru byggðar tvær 132 kV línur sem tengdar eru inn á Austurlínu. Stóriðjan á Reyðarfirði fær því sína orku í fyrstu um 132 kV línukerfið að Fljótsdal, þar sem spennan er hækkuð í 220 kV og orkan send eftir línunum niður að Reyðarfirði.

Kröfluvirkjun tryggir næga flutningsgetu kerfisins austur á land við eðlilegt rekstrarástand, en ef mæta á sliti á Austurlínu verður að gera ráðstafanir til að tryggja nægilega gott spennuástand á Austurlandi við slíkar bilanir. Er því þéttavirkinu á Hryggstekk breytt í thyristorstýrt virki árið 1986 auk þess sem það er stækkað í 50 MVAR. Eftir það má halda nægilega góðu spennuástandi á Austurlandi við slíkar bilanir, en þó verður að nýta allt varaafli þar auk þess að setja R/O-veitur yfir á olíu.

Blönduvirkjun kemur í rekstur árið 1987 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar. Tilkoma virkjunarinnar léttir mjög á orkuflutningum inn á byggðalínukerfið við Brennimer, sérstaklega í þeim tilvikum þegar Suðausturlína er slitin.

Annar áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði kemur í gagnið árið 1988 og er þá nauðsynlegt að auka flutningsgetu kerfisins austur á land. Það ár kemur því ný 132 kV lína frá Blönduvirkjun til Varmahlíðar og um Heljardalsheiði til Dalvíkur og áfram til Akureyrar. Frá Akureyri kemur 220 kV lína að Fljótsdal, en sú lína verur þó í fyrstu rekin á 132 kV spennu.

Eftir þessar viðbætur í kerfinu gengur rekstur kerfisins vel í eðlilegu rekstrarástandi og öllum slittilvikum má mæta, en í sumum tilvikum verður þó að nýta allt það varaafli sem tiltækt er á Austurlandi.

1990 - 1996. Fyrstu tveir áfangar Fljótsdalsvirkjunar koma í rekstur árið 1990 um leið og síðasti áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði kemst í gagnið. Fljótsdalsvirkjun sér nú um mest allan orkumarkaðinn á Austurlandi, bæði stóriðjuna og almenna markaðinn. Það sem á vantar kemur eftir 132 kV kerfinu og eru nú ekki lengur nein vandamál við að mæta sliti á línakerfinu austanlands. Kröfluvirkjun og Blönduvirkjun taka nú að sér markaðinn á Norðurlandi og flutningar verða einnig nokkrir frá Blönduvirkjun inn á Vesturland.

Árið 1992 er sett upp 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi. Tilkoma þess bætir mjög spennuástand á Geithálssvæðinu og gerir kleift að mæta sliti á Búrfellslínu I.

Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur síðan í gagnið árið 1994. Það sama ár kemur ný lína frá virkjuninni að Hryggstekk og tryggir hún orkuflutninga inn á Austurlandskerfið frá Fljótsdalsvirkjun.

Tilkoma síðasta áfanga Fljótsdalsvirkjunar breytir orkuflæðinu í kerfinu og hætta nú allir orkuflutningar inn á Austurland, en orkuflutningar frá Austurlandi hefjast í staðinn og þá aðallega inn á Norðurland. Fljótsdalsvirkjun og Kröfluvirkjun geta nú annað mest öllum markaðnum á Norðurlandi og við það fer framleiðsla Blönduvirkjunar í auknum mæli inn á Vesturland og Vestfirði. Til styrkingar þeim flutningum kemur árið 1995 ný 220 kV lína frá Blönduvirkjun að Hrutatungu og er hún rekin á 132 kV spennu.

Eftir þessar breytingar á línakerfinu þolir kerfið nú slit á hvaða meginlínu sem er, en þó er erfitt að mæta sliti á Búrfellslínu I. Með notkun alls varaafli á Reykjavíkursvæðinu og með notkun þéttavirkisins má þó halda uppi nægilega góðri spennu.

1997 - 2000. Árið 1997 kemur Búrfellsvirkjun II í rekstur og tengist inn á tengivirki eldri stöðvarinnar við Búrfell. Þetta sama ár er nauðsynlegt að auka flutningsgetu Landsvirkjunarkerfisins og kemur því ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi að Geithálsi. Þessi nýja lína verði

af sömu gerð og Hrauneyjafosslína að Brennimel og liggi um virkjunar-
svæði við Sultartanga. Við þessa framkvæmd batnar mjög rekstrarástand
Landsvirkjunarkerfisins og landskerfið þolir nú slit á hvaða línu sem
er án þess að nein teljandi vandræði verði.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Byggt upp tengivirki í Fljótsdal.
-"- Tengivirki í Fljótsdal tengt Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.
-"- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 1.
-"- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 2.
-"- Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað
í 50 MVAR.
- 1987 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
1988 Blönduvirkjun - Varmahlíð - Dalvík - Akureyri, 132 kV lína.
-"- Akureyri - Fljótsdalur, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
-"- Spennaafli aukið í Fljótsdal.
- 1989
1990
1991
1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
1993
- 1994 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
1995 Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
1996
1997 Hrauneyjafossvirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
1998
1999
2000 Sultartangavirkjun tengd inn á línuna frá Hrauneyjafossvirkjun
að Geithálsi.

4.4.3 Virkjunarleið III, stóriðja á Reyðarfirði

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið III koma eftirtaldar virkjanir:

- 1986 Sultartangavirkjun 120 MW
1988 Blönduvirkjun 154 MW
1990 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW
1992 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW
1996 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW
1999 Búrfellsvirkjun II 155 MW

1986 - 1989. Fyrsti áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði tengist inn á kerfið árið 1986, eða um leið og Sultartangavirkjun. Þar sem ekki eru nægilegar flutningslínur niður á Reyðarfjörð úr Austurlandskerfinu, er nauðsynlegt að byggja nýjar línur þangað strax. Þar sem Fljótsdalsvirkjun kemur seinna meir til með að sjá stóriðjunni fyrir raforku, miðast uppbygging kerfisins við það. Því er strax árið 1986 byggt upp tengivirki við fyrirhugaða Fljótsdalsvirkjun og tvær 220 kV línur byggðar þaðan að stóriðjunni á Reyðarfirði. Tengivirkið við Fljótsdalsvirkjun er tengt með tveimur 132 kV línunum inn á Austurlínu og spennt er upp á 220 kV í tengivirkinu.

Nauðsynlegt er að auka flutningsgetu línukerfisins til Austurlands ef viðhalda á nægilegu öryggi í raforkuflutningunum. Árið 1986 kemur því í gægnið ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi að tengivirkinu við fyrirhugaða Fljótsdalsvirkjun. Sama ár kemur Sultartangavirkjun í rekstur og tengist Hrauneyjafossvirkjun með 220 kV línu. Flutningsgeta nýju línunnar austur á land er mikil og tekur hún að mestu við flutningum til Austurlands.

Við slit á þessari nýju línu verða flutningar að aukast mikið um Suðausturlínu. Helstu vandamál við slík rekstrartilvik varða spennustýringu Austurlandskerfisins. Af þeim sökum er gert ráð fyrir því, að þéttavirki á Hryggstekk verði breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR. Þá er hægt að mæta sliti á hvaða meginlínu sem er og halda viðunandi rekstrarástandi.

Árið 1988 kemur annar áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði og um leið kemur Blönduvirkjun í rekstur. Blönduvirkjun tengist inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar.

Flutningsgeta línunnar frá Hrauneyjafossi og austur á land er það mikil, að hún getur auðveldlega bætt á sig auknum flutningum til stóriðjunnar undir eðlilegum kringumstæðum. Hins vegar er ekki hægt að mæta sliti á þeirri línu án þess að auka flutningsgetu kerfisins í austur frá Blöndu. Árið 1988 kemur því ný 132 kV lína frá Blönduvirkjun um Varmahlíð og Dalvík til Akureyrar. Með því að gangsetja varastöðvar á Norðurlandi eystra og Austurlandi ásamt því að setja R/O-veitur yfir á olíu má með þessari línufræmkvæmd tryggja viðunandi rekstrarástand á Austurlandi við slit á línunni frá Hrauneyjafossi að Fljótsdal.

1990 - 1995. Þriðji og síðasti áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði kemur síðan árið 1990. Það sama ár kemur fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar í gagnið og tengist inn á tengivirkið sem þegar er risið í Fljótsdal. Tilkoma Fljótsdalsvirkjunar kemur meira jafnvægi í reksturinn þó svo virkjunin sjái ekki um nema hluta markaðarins á Austurlandi. Ekki eru lengur nein vandamál við að mæta sliti á línunum að Austurlandi.

Á þessum árum koma fram vandamál við að halda uppi nægilega góðri spennu á Reykjavíkursvæðinu við slit á Búrfellslínu I, þó svo að vara-stöðvar séu gangsettar. Af þeim sökum kemur árið 1992 50 MVAR þetta- virki á Geithálsi.

Það sama ár kemur síðan annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar í rekstur. Virkjunin yfirtekur nú að mestu markaðinn á Austurlandi og litlir orku- flutningar verða eftir línukerfinu til og frá landsfjórðungnum.

Blönduvirkjun sér nú fyrir markaðnum á Norðurlandi og hluti framleiðsl- unnar fer inn á Vesturland og Vestfirði.

1996 - 2000. Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1996. Virkjunin sér nú algjörlega um orkumarkaðinn á Austurlandi og nokkrir tugir MW fara frá Austurlandi, aðallega um línuna að Hrauneyjafossi.

Árið 1996 kemur ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekki aðal- lega til að tryggja gott rekstrarástand á Austurlandi við slit á Austur- línu milli Fljótsdalsvirkjunar og Hryggstekks. Árið 1997 er þörf á nýrri línu á Landsvirkjunarsvæðinu frá Þjórsárvirkjunum að Geithálsi. Álag er orðið það mikið á Geithálsi að kerfið þolir nú ekki slit á annarri 220 kV línunni þangað. Því kemur ný 220 kV lína frá Sultar- tangavirkjun að Geithálsi árið 1997. Sú lína verði af sömu gerð og Hrauneyjafosslína að Brennimel.

Búrfellsvirkjun II kemur síðan í rekstur árið 1999 og tengist inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar.

Ekki er þörf á frekari aðgerðum í landskerfinu fyrir aldamót og þolir kerfið nú slit á hvaða meginlínu sem er án þess að til vandræða horfi. Þegar saman fer stóriðja á Reyðarfirði og virkjun í Fljótsdal eru orku- flutningar milli landshluta litlir.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
-"- Hrauneyjafossvirkjun - Fljótsdalur, 220 kV lína.
-"- Byggt upp tengivirki í Fljótsdal.
-"- Tengivirkið í Fljótsdal tengt Austurlínu með tveimur 132 kV línun.
-"- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 1.
-"- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 2.
-"- Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR.
- 1987
1988 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línun.
-"- Blönduvirkjun - Varmahlíð - Dalvík - Akureyri, 132 kV lína.
-"- Spennaafli aukið í Fljótsdal.
- 1989
1990
1991
1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
1993
1994
1995
1996 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
1997 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
1998
1999
2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið III koma eftirtaldar virkjanir:

- 1987 Sultartangavirkjun 120 MW
1989 Blönduvirkjun 154 MW
1992 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW
1994 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW
1998 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW

1986 - 1991. Fyrsti áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði kemur í gagnið árið 1986. Það ár eru byggðar tvær 220 kV línur frá fyrirhuguðu

virkjunarstöði við Fljótsdal að Reyðarfirði. Við Fljótsdal rís einnig tengivirki þar sem spennt er úr 132 kV upp í 220 kV fyrir línurnar til Reyðarfjarðar, en frá tengivirkinu eru byggðar tvær 132 kV línur sem tengdar eru inn á Austurlínu. Stóriðjan á Reyðarfirði fær því sína orku í fyrstu um 132 kV línakerfið að Fljótsdal, þar sem spennt er upp í 220 kV og sent eftir línunum niður að Reyðarfirði.

Kröfluvirkjun tryggir næga flutningsgetu kerfisins austur á land við eðlilegt rekstrarástand, en ef mæta á sliti á Austurlínu verður að gera ráðstafanir til að tryggja nægilega gott spennuástand á Austurlandi við slíkar bilanir. Er því þéttavirkinu á Hryggstekk breytt í thyristor-stýrt virki árið 1986 auk þess sem það er stækkað í 50 MVAR. Eftir það má halda nægilega góðu spennuástandi á Austurlandi við slíkar bilanir, en þó verður að nýta allt varaafli þar, auk þess að setja R/O-veitur yfir á olíu.

Sultartangavirkjun kemur í rekstur árið 1987 og tengist með 220 kV línu við Hrauneyjafossvirkjun. Árið eftir, eða 1988, kemur annar áfangi stóriðjunnar í rekstur. Þá er nauðsynlegt að auka flutningsgetu kerfisins austur á land og kemur því ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi að Fljótsdal árið 1988. Flutningar eftir línunni austur á bóginn verða strax miklir og sér hún stóriðjunni á Reyðarfirði fyrir raforku.

Erfiðasta rekstrarástand í kerfinu skapast við slit á hálendislinu, en þá þarf að flytja mjög mikið eftir 132 kV kerfinu, sérstaklega eftir Suðausturlínu. Með því að nota allt tiltækt varaafli og með því að setja R/O-veitur yfir á olíu má þó halda viðunandi rekstrarástandi.

Blönduvirkjun kemur í rekstur árið 1989 og bætir hún mjög rekstur kerfisins, sérstaklega í bilunartilvikum eins og því sem líst er hér að framan. Virkjunin tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar.

Þriðji og síðasti áfangi stóriðjunnar kemur í gagnið árið 1990. Þó svo flutningsgeta hálendislinu frá Hrauneyjafossi að Fljótsdal sé næg við eðlilegt rekstrarástand, þá getur kerfið ekki mætt sliti á þeirri línu. Því kemur ný 132 kV lína frá Blönduvirkjun um Varmahlíð og Dalvík til Akureyrar árið 1990, og frá Akureyri kemur 220 kV lína að Fljótsdal það sama ár. Sú lína er þó rekin á 132 kV spennu. Tilkoma þessarar

lína gerir kleift að mæta sliti á hálandislínu, en þó verður að nýta allt varaafli á Austurlandi í slíkum tilvikum.

1992 - 2000. Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1992 og tengist inn á tengivirkið sem þegar er risið við Fljótsdal. Framleiðsla virkjunarinnar fer öll inn á markaðinn á Austurlandi og við það minnka flutningar þangað úr öðrum landshlutum. Reksturinn verður nú allur betri og auðveldara er að mæta sliti á línunum í Austurlandskerfinu.

Á þessum tíma koma fram erfiðleikar við að halda nægilega góðri spennu á Geithálssvæðinu við slit á Búrfellslínu I. Þá duga varaafsstöðvar á svæðinu ekki lengur. Því kemur 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi árið 1992. Þéttavirkið bætir mjög spennuástandið í slíkum slittilvikum og má þá fresta frekari aðgerðum á svæðinu um nokkur ár.

Annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1994. Virkjunin getur nú sinnt mest öllum markaðnum á Austurlandi og flutningar þangað úr öðrum landshlutum verða mjög litlir og nýtast því illa hin miklu flutningsvirki sem þangað liggja.

Álag er nú orðið mikið á Geithálssvæðinu og verður því sífellt erfiðara að halda uppi nægilega hárrí spennu þar við slit á Búrfellslínu I. Með notkun alls varaafls á svæðinu og með notkun þéttavirkisins má þó fresta viðbótum í kerfinu fram til 1997. Þá kemur ný 220 kV lína frá Sultartanga að Geithálsi. Sú lína verður sömu gerðar og Hrauneyjafosslína að Brennimel.

Þriðji áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1998. Virkjunin getur nú séð um allan markaðinn á Austurlandi og flutningar verða einnig nokkrir inn á Norðurland. Þeir flutningar ásamt framleiðslu Kröfluvirkjunar sjá nú að mestu um orkumarkaðinn á Norðurlandi og framleiðsla Blönduvirkjunar fer því í meira mæli inn á Vesturland og Vestfirði.

Til að tryggja þá flutninga kemur árið 1998 ný 220 kV lína frá Blönduvirkjun að Hrutatungu. Sú lína verður þó rekin á 132 kV. Sama árið kemur einnig ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk og tryggir hún rekstrarástandið í Austurlandskerfinu við slit á eldir línunni frá Fljótsdal að Hryggstekk.

Flutningsgeta kerfisins er næg um aldamótin og hægt að meta sliti á hvaða meginlínu sem er án nokkurra erfiðleika. Hins vegar er áberandi á þessum tíma, að mjög lítið álag er á hálendislinunum og nýttast þær illa.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986 Byggt upp tengivirki í Fljótsdal.

"- Tengivirki í Fljótsdal tengt Austurlínu með tveimur 132 kV línum.

"- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 1.

"- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 2.

"- Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR:

1987 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafoss, 220 kV lína.

1988 Hrauneyjafoss - Fljótsdalsvirkjun, 220 kV lína.

"- Spennaafli aukið í Fljótsdal.

1989 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línum.

1990 Blönduvirkjun - Varmahlíð - Dalvík - Akureyri, 132 kV lína.

"- Akureyri - Fljótsdalur, 220 kV lína, en rekin á 132 kV.

1991

1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

1993

1994

1995

1996

1997 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

1998 Blönduvirkjun - Hrutatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

"- Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.

1999

2000

4.4.4 Virkjunarleið IV, stóriðja á Reyðarfirði

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið IV koma eftirtaldar virkjanir:

1986	Fljótsdalsvirkjun 1. og 2. áf.	190 MW
1988	Fljótsdalsvirkjun 3. áf.	95 MW
1990	Blönduvirkjun	154 MW
1994	Búrfellsvirkjun II	155 MW
1997	Sultartangavirkjun	120 MW

1986 - 1989. Fyrstu tveir áfangar Fljótsdalsvirkjunar koma í rekstur árið 1986 og sama ár kemur fyrsti áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði. Fljótsdalsvirkjun tengist inn á Austurlínu með tveimur 132 kV línunum, en auk þess koma tvær 220 kV línur frá virkjuninni að Reyðarfirði.

Virkjunin sér nú vel fyrir stóriðjunni og almenna markaðnum á Austurlandi en auk þess eiga nokkrir flutningar sér stað eftir Austurlínu inn á Norðurland og eftir Suðausturlínu upp að Þjórsárvirkjunum.

Síðasti áfangi virkjunarinnar og annar áfangi stóriðjunnar koma síðan í rekstur árið 1988. Flutningar verða nú nokkuð miklir eftir 132 kV kerfinu út frá Austurlandi og þá aðallega inn á Norðurland. Við slit á Austurlínu er nú ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu Fljótsdalsvirkjunar, þar sem flutningsgeta Suðausturlínu er ekki nægileg. Hins vegar er ekki ástæða til að auka flutningsgetu kerfisins út frá Austurlandi af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi breytir tilkoma þriðja áfanga stóriðjunnar á Reyðarfirði árið 1990 þörfinni á aukinni flutningsgetu út frá Austurlandi. Í öðru lagi er uppsett afl í virkjunum landsins það mikið, að ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á málafli, þá er ekki þörf á því að gangsetja varaafli þó Austurlína slitni.

1990 - 1993. Þriðji og síðasti áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði kemur í gagnið árið 1990. Orkuflutningar út frá Austurlandi minnka nú sem þessari viðbót nemur og dugar 132 kV kerfið vel til flutninganna.

Árið 1990 kemur Blönduvirkjun einnig í rekstur. Virkjunin tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar og

fer framleiðsla hennar að mestu inn á Vesturland. Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun skipta með sér markaðnum á Norðurlandi eystra.

Vegna hinna miklu flutninga inn á Vesturland og Vestfirði kemur ný lína frá Blönduvirkjun að Hrútatungu árið 1991. Sú lína verði byggð sem 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

Á þessum tíma koma fram erfiðleikar á Landsvirkjunarsvæðinu við að halda nægilega hárrí spennu á Geithálsi við slit á Búrfellslínu I. Dugar þá ekki lengur að gangsetja varastöðvar í þeim tilgangi. Því kemur árið 1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

Árið 1993 kemur ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekki. Sú lína bætir mjög rekstrarástand Austurlandskerfisins við línuslit á Austurlínu milli Fljótsdalsvirkjunar og Hryggstekks.

Kerfið er á þessum tíma í mjög góðu jafnvægi, orkuflutningar milli landshluta í minna lagi og kerfið þolir slit á hvaða meginlínu sem er.

1994 - 2000. Búrfellsvirkjun II kemur í rekstur árið 1994 og tengist inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar. Flutningar aukast nú nokkuð um línukerfi Landsvirkjunar og þá sérstaklega inn á Vesturland. Aðgerða í línukerfinu er þó ekki þörf fyrr en árið 1997, eða sama ár og Sultartangavirkjun kemur í rekstur.

Þá er álag orðið það mikið á Geithálsi, að kerfið þolir nú ekki að missa út eina 220 kV línu. Spennuástand verður óviðunandi þó þéttavirki og varastöðvar séu nýttar til hins ýtrasta. Því kemur ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi að Sultartangavirkjun og áfram að Geithálsi árið 1997. Sú lína verði af sömu gerð og línan frá Hrauneyjafossi að Brennimel.

Eftir þessa framkvæmd er kerfið í mjög góðu standi og ekki þörf frekari aðgerða fyrir aldamót.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.

-"- Byggt upp 220 kV tengivirki í Fljótsdal.

-"- Fljótsdalsvirkjun - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 1.

-"- Fljótsdalsvirkjun - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 2.

1987

1988 Spennaafli aukið í Fljótsdal.

1989

1990 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.

1991 Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV.

1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.

1994

1995

1996

1997 Hrauneyjafossvirkjun - Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

1998

1999

2000

b) Krafla vex í 60 MW árið 1986

Í virkjunarleið IV koma eftirtaldar virkjanir:

1987 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 95 MW

1988 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 95 MW

1990 Fljótsdalsvirkjun 3. áf. 95 MW

1991 Blönduvirkjun 154 MW

1997 Búrfellsvirkjun II 155 MW

2000 Sultartangavirkjun 120 MW

1986 - 1990 Fyrsti áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði kemur í gagnið árið 1986. Það ár eru byggðar tvær 220 kV línur frá fyrirhuguðu virkjunarstæði við Fljótsdal að Reyðarfirði. Við Fljótsdal rís einnig tengivirki, þar sem spennt er úr 132 kV upp í 220 kV fyrir línurnar til Reyðarfjarðar, en frá tengivirkinu eru byggðar tvær 132 kV línur sem tengdar eru inn á Austurlínu. Stóriðjan á Reyðarfirði fær því

sína orku í fyrstu um 132 kV línukerfið að Fljótsdal, þar sem spennt er upp í 220 kV og sent eftir línunum niður að Reyðarfirði.

Kröfluvirkjun tryggir næga flutningsgetu kerfisins austur á land við eðlilegt rekstrarástand, en ef mæta á sliti á Austurlínu verður að gera ráðstafanir til að tryggja nægilega gott spennuástand á Austurlandi við slíkar bilanir. Er því þéttavirkinu á Hryggstekk breytt í thyristor-stýrt virki árið 1986 auk þess sem það er stækkað í 50 MVAR. Eftir það má halda nægilega góðu spennuástandi á Austurlandi við slíkar bilanir, en þó verður að nýta allt varaafli þar auk þess að setja R/O-veitur yfir á olíu. Þessi leið sem hér er farið, þ.e. endurbætur á þéttavirkinu á Hryggstekk, reyndist ódýrari en flýting Fljótsdalsvirkjunar um eitt ár og var því valin.

Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1987 og tengist inn á tengivirkið sem þegar er risið í Fljótsdal. Rekstur kerfisins batnar mjög við tilkomu virkjunarinnar og annar hún nær öllu álagi á Austurlandi.

Árið 1988 kemur annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar í rekstur og um leið kemur einnig annar áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði. Fljótsdalsvirkjun gerir nú meir en að anna allri notkun á Austurlandi og verða nú nokkrir flutningar þaðan bæði eftir Suðausturlínu upp á Þjórsársvæðið og eftir Austurlínu inn á Norðurland.

Þriðji og síðasti áfangi stóriðjunnar og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar koma í gagnið árið 1990. Auk þeirrar framleiðslu sem fer á markaðinn á Austurlandi aukast nú orkuflutningar inn á Norðurland. Erfiðasta slit í landskerfinu er nú slit á Kröflulínu. Aukast þá til muna orkuflutningar eftir Suðausturlínu inn á Landsvirkjunarsvæðið við Þjórsá, en þó er ekki hægt að nýta nema lítinn hluta af framleiðslugetu Kröfluvirkjunar. Orkuflutningar inn á byggðalínukerfið við Brennismel verða miklir, en hægt er að halda góðu rekstrarástandi vestanlands og norðan, ef R/O-veitur eru settar yfir á olíu og varaafli á Norðurlandi notað.

1991 - 1996. Blönduvirkjun kemur í rekstur árið 1991 og tengist í fyrstu með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar. Þar sem Kröfluvirkjun og Fljótsdalsvirkjun anna stórum

hluta markaðarins á Norðurlandi, verður framleiðsla Blönduvirkjunar að fara að mestu leyti inn á Vesturland og Vestfirði. Til að tryggja þá flutninga kemur árið 1992 ný 220 kV lína frá Blönduvirkjun að Hrutatungu, en línan verði þó í fyrstu rekin á 132 kV spennu.

Árið 1992 yrði ekki lengur hægt að halda viðunandi spennu á Geithálsi við slit á Búrfellslínu I, þó varastöðvar væru nýttar að fullu. Það ár kemur því 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi. Tilkoma þéttavirkisins bætir mjög spennuástandið í slíkum rekstrartilvikum og frestar línubyggingu um nokkur ár.

Árið 1993 kemur ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk. Sú lína tryggir raforkuflutning inn á Austurlandskerfið gagnvart sliti á eldri línunni frá Fljótsdal að Hryggstekk. Að öðrum kosti hefði þurft að fjárfesta í spennustýringu á Austurlandskerfinu við slíkt slit.

Eftir þessar viðbætur í kerfinu þolir það nú slit á hvaða línu sem er.

1997 - 2000. Árið 1997 kemur Búrfellsvirkjun II í rekstur og tengist inn á tengivirki eldri stöðvarinnar við Búrfell. Þetta sama ár er nauðsynlegt að auka flutningsgetu Landsvirkjunarkerfisins og kemur því ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi að Geithálsi. Þessi lína verði af sömu gerð og Hrauneyjafosslína að Brennimeil og liggja um virkjunarsvæðið við Sultartanga. Við þessa framkvæmd batnar mjög rekstrarástand Landsvirkjunarkerfisins og landskerfið þolir nú slit á hvaða línu sem er án þess að nein teljandi vandræði verði.

Sultartangavirkjun kemur í rekstur árið 2000 og tengist inn á línuna frá Hrauneyjafossi að Geithálsi.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986 Byggt upp tengivirki í Fljótsdal

-"- Tengivirki í Fljótsdal tengt Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.

-"- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 1.

-"- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 2.

-"- Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR.

- 1987
- 1988 Spennaafli aukið í Fljótsdal.
- 1989
- 1990
- 1991 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- 1992 Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
- "- 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
- 1993 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
- 1994
- 1995
- 1996
- 1997 Hrauneyjafossvirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
- 1998
- 1999
- 2000 Sultartangavirkjun tengd inn á línuna milli Hrauneyjafossvirkjunar og Geitháls.

4.4.5 Virkjunarleið V, stóriðja á Reyðarfirði

a) Krafla = 0

Í virkjunarleið V koma eftirtaldar virkjanir:

1986	Sultartangavirkjun	120 MW
1988	Búrfellsvirkjun II	155 MW
1990	Blönduvirkjun	154 MW
1993	Fljótsdalsvirkjun 1. áf.	95 MW
1996	Fljótsdalsvirkjun 2. áf.	95 MW
1999	Fljótsdalsvirkjun 3. áf.	95 MW

1986 - 1992. Fyrsti áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði tengist inn á kerfið árið 1986, eða um leið og Sultartangavirkjun. Þar sem ekki er fullnægjandi flutningsgeta niður á Reyðarfjörð frá Austurlandskerfinu, er nauðsynlegt að byggja nýjar línur þangað strax. Þar sem Fljótsdalsvirkjun kemur seinna meir til með að sjá stóriðjunni fyrir raforku, miðast uppbygging kerfisins við það. Því er strax árið 1986 byggt upp tengivirki við fyrirhugaða Fljótsdalsvirkjun og tvær 220 kV línur byggðar þaðan að stóriðjunni á Reyðarfirði. Tengivirkið við Fljótsdalsvirkjun er tengt með tveimur 132 kV línunum inn á Austurlínu og spennt er upp á 220 kV í tengivirkinu.

Nauðsynlegt er að auka flutningsgetu línukerfisins til Austurlands ef viðhalda á nægilegu öryggi í raforkuflutningunum. Því kemur árið 1986 ný 220 kV lína frá Hrauneyjafossi að tengivirkinu við fyrirhugaða Fljótsdalsvirkjun. Sama ár kemur Sultartangavirkjun í rekstur og tengist Hrauneyjafossvirkjun með 220 kV línu. Flutningsgeta nýju línunnar austur á land er mikil og tekur hún að mestu við flutningum til Austurlands.

Við slit á þessari nýju línu verða flutningar að aukast mikið um Suðausturlínu. Helstu vandamál við slík rekstrartilvik verða spennustýringu Austurlandskerfisins. Af þeim sökum er gert ráð fyrir því, að þéttavirki á Hryggstekk verði breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR. Þá er hægt að mæta sliti á hvaða meginlínu sem er og halda viðunandi rekstrarástandi.

Árið 1988 kemur annar áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði í gagnið og um leið kemur Búrfellsvirkjun II í rekstur og tengist inn á tengivirki eldri Búrfellsstöðvarinnar. Flutningsgeta línunnar frá Hrauneyjafossi og austur á land er það mikil, að hún getur auðveldlega bætt á sig auknum flutningum til stóriðjunnar undir eðlilegum kringumstæðum. Hins vegar er ekki hægt að mæta sliti á þeirri línu án þess að auka flutningsgetu kerfisins að Austurlandi. Hægt er að fara ýmsar leiðir við kerfisstyrkingu, en hér var farin sú leið að byggja nýja 220 kV línu frá Hrauneyjafossi yfir Sprengisand að Akureyri. Flutningsgeta Austurlínu frá Akureyri og Suðausturlínu er næg ef sterk innmötun á orku er á Akureyri. Þá má mæta sliti á línunni austur á land án teljandi vandræða. Þessi nýja lína að Akureyri tryggir einnig rekstur kerfisins á Norðurlandi og gerir hann auðveldari.

Árið 1990 kemur Blönduvirkjun í rekstur og um leið kemur þriðji áfangi stóriðjunnar á Reyðarfirði. Álag á Austurlandi að meðtalinni stóriðjunninni er nú orðið rúm 200 MW. Þar sem engin umtalsverð virkjun er komin í landshlutann, þá þarf mjög öflugar flutningslínur þangað, ef tryggja á lágmarksrekstraröryggi kerfisins. Við slit á línunni frá Hrauneyjafossi dugur 132 kV kerfið ekki lengur fyrir þá orkuflutninga sem nauðsynlegir eru. Árið 1990 kemur því, auk tengingar Blönduvirkjunar inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar, ný 220 kV lína frá Blönduvirkjun að Akureyri og þaðan áfram að tengivirkinu við fyrirhugaða Fljótsdalsvirkjun. Eftir þessar framkvæmdir er komið mjög öflugt

220 kV flutningskerfi um norðanvert og austanvert landið með tengingum inn á Þjórsársvæðið.

Auðvelt er að flytja orku að stóriðjunni á Austurlandi og hægt að mæta sliti á hvaða línu sem er.

Árið 1992 þarf að setja upp 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi til að tryggja nægilega góða spennu á Reykjavíkursvæðinu við slit á Búrfellslínu I því þá duga varastöðvar ekki lengur til þess, á tímum mesta álags við slíkar kerfisbilanir.

1993 - 2000. Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í gagnið árið 1993. Virkjunin tengist inn á tengivirkið sem þegar er risið í Fljótsdal og tekur við hluta markaðarins á Austurlandi. Flutningar minnka nú mikið eftir 220 kV línukerfinu að Austurlandi og verða óverulegir eftir að annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í gagnið árið 1996. Notagildi 220 kV línanna austur á land er þá orðið lítið og eru þær oftast undir litlu álagi.

Árið 1997 kemur síðan ný 220 kV lína frá Sultartangavirkjun að Geithálsi. Sú lína er nauðsynleg ef takast á að mæta sliti á Búrfellslínu I. Álag á Geithálsi er þá orðið það mikið, að þéttavirkið ásamt öllum varastöðvum þar duga ekki til að halda uppi viðunandi spennu við slit á Búrfellslínu I. Þessi nýja lína verði af sömu gerð og Hrauneyjafosslína að Brennimeil.

Þriðji og síðasti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur síðan í gagnið árið 1999. Flutningar verða þá nokkrir út frá Austurlandi og þá aðallega inn á Norðurland. Framleiðsla Blönduvirkjunar fer þá í meira mæli inn á Vesturland. Ekki er þó þörf á að styrkja flutningskerfið frá Blöndu inn á Vesturland, því við slit milli Laxárvatns og Hrutatungu er hægt að flytja alla framleiðslu Blönduvirkjunar eftir 220 kV kerfinu um Akureyri að Þjórsársvæðinu og þaðan eftir línunum Landsvirkjunar inn á Vesturland.

Árið 1999 kemur ný 132 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Hryggstekk til að tryggja rekstrarástand á Austurlandi við slit á Austurlínu milli Fljótsdalsvirkjunar og Hryggstekks. Eftir þessa framkvæmd er landskerfið mjög vel í stakk búið til að sinna sínu hlutverki, en einkennandi fyrir það eru illa nýttar 220 kV línur.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLJUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.
-"- Hrauneyjafossvirkjun - Fljótsdalur, 220 kV lína.
-"- Byggt upp tengivirki í Fljótsdal.
-"- Tengivirkið í Fljótsdal tengt Austurlínu með tveimur 132 kV línum.
-"- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 1.
-"- Fljótsdalur - Reyðarfjörður, 220 kV lína nr. 2.
-"- Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR.
- 1987
- 1988 Hrauneyjafossvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.
-"- Byggt upp 220 kV tengivirki á Akureyri.
-"- Spennaafli aukið í Fljótsdal.
- 1989
- 1990 Blönduvirkjun tengd inn á Norðurlínu með tveimur 132 kV línum.
-"- Blönduvirkjun - Akureyri, 220 kV lína.
-"- Byggt upp 220 kV tengivirki við Blöndu.
-"- Akureyri - Fljótsdalur, 220 kV lína.
- 1991
- 1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
- 1993
- 1994
- 1995
- 1996
- 1997 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
- 1998
- 1999 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
- 2000

4.5 Þróun flutningskerfisins fyrir mismunandi borárangur við Kröflu. Virkjunarleið I, almenn notkun, án nýrra dísilstöðva

Í tilvikunum hér á eftir, 4.5.1 til 4.5.8, er gerð grein fyrir þeim aðgerðum í flutningskerfi, sem nauðsynlegar eru, ef þróun Kröfluvirkjunar verður samkvæmt því sem um getur í hefti II, kafla 4. En þar er lagt fjárhagslegt mat á mismunandi borárangur við Kröfluvirkjun. Í öllum tilvikum er gengið út frá virkjunarleið I og engri nýrri stóriðju.

4.5.1 Tilvik 01, Krafla vex í 30 MW árið 1985 og er 33,3 MW árið 2000.

Í virkjunarleið I, tilviki 01, koma eftirtaldar virkjanir:

1988	Blönduvirkjun 1. áf.	90 MW
1989	Blönduvirkjun 2. áf.	90 MW
1994	Sultartangavirkjun	120 MW
1998	Fljótsdalsvirkjun 1. áf.	82,5 MW
1999	Fljótsdalsvirkjun 2. áf.	82,5 MW

1986 - 1993. Þó Krafla sé aðeins um 30 MW þá gerir hún rekstur 132 kV byggðalínakerfisins auðveldari. Fyrst um sinn verður því ekki þörf á styrkingu flutningskerfisins til Akureyrar, þar sem Kröfluvirkjun getur séð fyrir mestöllum markaðnum á Norðurlandi við slit á línunum norðan Hrutatungu og flutningsgeta Suðausturlínu verður ekki takmarkandi í slíkum tilvikum fyrr en síðar. Einnig bætir Kröfluvirkjun rekstrarástandið á Austurlandi við slit á Suðausturlínu. Má segja að Kröfluvirkjun sé mjög vel staðsett í kerfinu og nýtist vel bæði Norðurlandi og Austurlandi.

Fyrri áfangi Blönduvirkjunar kemur í rekstur árið 1988 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar. Seinni áfangi Blönduvirkjunar kemur síðan í gagnið árið eftir. Í eðlilegu rekstrarástandi, með Blönduvirkjun á fullum afköstum, skiptist framleiðsla hennar nokkuð jafnt til austurs og vesturs.

Landskerfið þolir nú orðið slit á hvaða línu sem er, en þó er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu Blönduvirkjunar ef línan vestur frá Blöndu

slitnar. Ef hægt er að keyra aðrar virkjanir á málafli er ekki þörf á að setja varastöðvar í gang.

Árið 1992 er nauðsynlegt að setja upp 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi til að tryggja nægilega háa spennu þar við slit á Búrfellslínu I.

Árið 1993 er þéttavirkið á Hryggstekk stækkað og breytt í thyristorstýrt þéttavirki. Á þann hátt má tryggja gott og stöðugt spennuástand á Austurlandi í slittilvikum.

1994 - 2000. Sultartangavirkjun tengist kerfinu árið 1994 með 220 kV línu að Hrauneyjafossi.

Hættulegasta bilun í landskerfinu er nú slit á línunni austur frá Blöndu, en þá þarf að flytja mjög mikið afl um Suðausturlínu til Austfjarða og þaðan áfram til Norðurlands. Það verður því að styrkja flutningsgetu kerfisins til Akureyrar og er það gert hér með því að byggja nýja 132 kV línu frá Blöndu til Varmahlíðar árið 1995 og þaðan um Heljardalsheiði til Dalvíkur og síðan áfram til Akureyrar árið 1996.

Árið 1997 kemur ný 220 kV lína frá Sultartangavirkjun að Geithálsi. Álag er þá orðið það mikið á Reykjavíkursvæðinu og Reykjanesinu að kerfið þolir ekki slit á Búrfellslínu I, þó varastöðvar séu gangsettar.

Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur í rekstur árið 1998. Virkjunin tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Austurlínu og ný 132 kV lína kemur ári seinna frá virkjuninni að Hryggstekk.

Framleiðsla Blönduvirkjunar þarf nú að fara meira vestur á bóginn inn á Vesturland og Vestfirði. Er þá álag á línuna vestan Blöndu orðið mjög mikið þar sem framleiðsla Blönduvirkjunar (180 MW) fer að mestu um þá línu. Erfitt er orðið að halda uppi nægilega góðri spennu, þar sem spennufall og launaflstöp í línunni eru mjög miklir. Einnig myndi Blönduvirkjun nýtast illa við slit á þessari línu. Af þeim sökum er gert ráð fyrir því, að árið 1999 verði byggð ný lína frá Blönduvirkjun að Hrútatungu. Sú lína er byggð fyrir 220 kV en rekin á 132 kV.

Flutningar verða nú nokkrir frá Austurlandi og kemur því 220 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Akureyri árið 2000, en línun er rekin á 132 kV til að byrja með.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986

1987

1988 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.

1989

1990

1991

1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

1993 Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR.

1994 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun 220 kV lína.

1995 Blönduvirkjun - Varmahlíð, 132 kV lína.

1996 Varmahlíð - Dalvík - Akureyri, 132 kV lína.

1997 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

1998 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.

1999 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.

-- Blönduvirkjun - Hrutatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

2000 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

4.5.2 Tilvik 02, Krafla vex í 30 MW árið 1983 og í
60 MW árið 1993

Í virkjunarleið I, tilvik 02 koma eftirtaldar virkjanir:

1988 Blönduvirkjun 1. áf. 90 MW

1990 Blönduvirkjun 2. áf. 90 MW

1995 Sultartangavirkjun 120 MW

1999 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 82,5 MW

2000 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 82,5 MW

1986 - 1994. Kröfluvirkjun gerir allan rekstur 132 kV byggðalínukerfisins mun auðveldari. Ekki er nú lengur þörf á að styrkja flutningskerfið að Akureyri, þar sem Kröfluvirkjun getur vel séð fyrir markaðnum á Norðurlandi við slit á línunum norðan Hrutatungu og flutningsgeta Suðausturlínu verður ekki takmarkandi í slíkum tilvikum. Einnig bætir Kröfluvirkjun rekstrarástandið á Austurlandi við slit á Suðausturlínu. Má segja að Kröfluvirkjun sé mjög vel staðsett í kerfinu og nýtist vel bæði Norðurlandi og Austurlandi.

Fyrri áfangi Blönduvirkjunar kemur í rekstur árið 1988 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar. Seinni áfangi Blönduvirkjunar kemur síðan í gagnið árið 1990.

Blönduvirkjun sér nú að mestu fyrir markaðnum á Norðurlandi, en stór hluti framleiðslunnar fer inn á Vesturland og Vestfirði. Framleiðsla Kröfluvirkjunar fer nú aðallega til Austurlands. Við slit á línunum vestan Blöndu er ekki hægt að fullnýta framleiðslugetu virkjunarinnar, þar sem flytja þarf stóran hluta framleiðslu hennar ásamt framleiðslu Kröfluvirkjunar austur á land og þaðan um Suðausturlínu upp á Þjórsársvæðið.

Fyrstu árin eftir tilkomu Blönduvirkjunar er þó uppsett afl það mikið í landskerfinu, að ef keyra má aðrar virkjanir á málafli þá er notkun varastöðva ekki þörf við slík línuslit. Ný lína frá Blönduvirkjun að Hrutatungu kemur því ekki fyrr en árið 1994. Sú lína verði byggð fyrir 220 kV spennu, en rekin á 132 kV.

Árið 1992 kemur 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi. Er þá ekki lengur hægt að halda viðunandi spennu þar við slit á Búrfellslínu I, þó varastöðvar séu í gangi.

Árið 1993 er þéttavirkið á Hryggstekk stækkað og breytt í thyristorstýrt þéttavirki. Á þann hátt má tryggja gott og stöðugt spennuástand á Austurlandi við slit á Austurlínu.

1995 - 2000. Sultartangavirkjun kemur í rekstur árið 1995 og tengist við kerfið með 220 kV línu að Hrauneyjafossi.

Ekki er þörf á frekari styrkingu línukerfisins fyrr en 1997 þegar ný 220 kV lína kemur frá Sultartangavirkjun að Geithálsi. Þá er álag orðið það mikið á Reykjavíkursvæðinu að kerfið þolir ekki slit á Búrfellslínu I. Þessi lína verði af sömu gerð og Hrauneyjafosslína að Brennimeil.

Fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar kemur síðan í rekstur árið 1999. Virkjunin tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Austurlínu og ný 132 kV lína kemur árið 2000 frá virkjuninni að Hryggstekk. Það ár kemur annar áfangi Fljótsdalsvirkjunar í rekstur. Flutningar verða nú nokkrir frá Austurlandi og kemur því 220 kV lína frá Fljótsdalsvirkjun að Akureyri árið 2000. Línan er þó rekin á 132 kV spennu í fyrstu.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986
1987
1988 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línnum.
1989
1990
1991
1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
1993 Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkuð í 50 MVAR.
1994 Blönduvirkjun - Hrutatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
1995 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun 220 kV lína.
1996
1997 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
1998
1999 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línnum.
2000 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
-- Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

4.5.3 Tilvik 03, Krafla vex í 30 MW árið 1983 og í 60 MW árið 1989

Í virkjunarleið I, tilviki 03, koma eftirtaldar virkjanir:

- 1990 Blönduvirkjun 1. áf. 90 MW
1991 Blönduvirkjun 2. áf. 90 MW
1995 Sultartangavirkjun 120 MW
1999 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 82,5 MW
2000 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 82,5 MW

Hér er tímasetning virkjana sú sama og í 4.1.1 með Kröflu. Krafla kemst í fullt afl 3 árum síðar, en það hefur ekki áhrif á tímasetningu flutningsvirkja og er því vísað til 4.1.1b).

4.5.4 Tilvik 04, Krafla vex í 30 MW árið 1982 og í
60 MW árið 1991.

Í virkjunarleið I, tilviki 04, koma eftirtaldar virkjanir:

- 1989 Blönduvirkjun 1. áf. 90 MW
- 1991 Blönduvirkjun 2. áf. 90 MW
- 1995 Sultartangavirkjun 120 MW
- 1999 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 82,5 MW
- 2000 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 82,5 MW

Fyrri áfangi Blönduvirkjunar kemur í rekstur árið 1989 og tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Norðurlínu milli Laxárvatns og Varmahlíðar. Að öðru leyti eru tímasetningar þær sömu og í 4.1.1 með Kröflu.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

1986

1987

1988

1989 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.

1990

1991

1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.

1993 Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR.

1994 Blönduvirkjun - Hrútatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

1995 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.

1996

1997 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.

1998

1999 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línunum.

2000 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.

-"- Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

4.5.5 Tilvik 05, Krafla vex í 60 MW árið 1986.

Tímasetningar þær sömu og í kafla 4.1.1 með Kröflu.

4.5.6 Tilvik 06, 07, 08 og 09, Krafla vex í
60 MW árið 1985

Tímasetningar eru þær sömu og í kafla 4.1.1 með Kröflu.

4.5.7 Tilvik 11, Krafla vex í 30 MW árið 1985 og er orðin
33,3 MW árið 2000. Næstu virkjun ekki frestað

Í virkjunarleið I, tilvik 11, koma eftirtaldar virkjanir:

- 1986 Blönduvirkjun 1. áf. 90 MW
- 1987 Blönduvirkjun 2. áf. 90 MW
- 1994 Sultartangavirkjun 120 MW
- 1998 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 82,5 MW
- 1999 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 82,5 MW

Hér er Blönduvirkjun flýtt um tvö ár miðað við 4.5.1 vegna óvissu um Kröflu. Blönduvirkjun tengist með tveimur 132 kV línunum inn á Norður-línu, árið 1986. Að öðru leyti eru tímasetningar flutningsvirkja þær sömu og í 4.5.1.

FRAMKVÆMDIR VIÐ FLUTNINGSVIRKI 1986 - 2000

- 1986 Blönduvirkjun tengd Norðurlínu með tveimur 132 kV línunum.
- 1987
- 1988
- 1989
- 1990
- 1991
- 1992 50 MVAR þéttavirki á Geithálsi.
- 1993 Þéttavirki á Hryggstekk breytt fyrir thyristorstýringu og stækkað í 50 MVAR.
- 1994 Sultartangavirkjun - Hrauneyjafossvirkjun, 220 kV lína.

- 1995 Blönduvirkjun - Varmahlíð, 132 kV lína.
- 1996 Varmahlíð - Dalvík - Akureyri, 132 kV lína.
- 1997 Sultartangavirkjun - Geitháls, 220 kV lína.
- 1998 Fljótsdalsvirkjun tengd Austurlínu með tveimur 132 kV línum.
- 1999 Fljótsdalsvirkjun - Hryggstekkur, 132 kV lína.
- "- Blönduvirkjun - Hrutatunga, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.
- 2000 Fljótsdalsvirkjun - Akureyri, 220 kV lína, en rekin á 132 kV spennu.

4.5.8 Tilvik 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18 og 19, Krafla = 60 MW
árið 2000. Næstu virkjun ekki frestað

Í virkjunarleið I, tilvikum 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18 og 19, koma eftirtalðar virkjanir:

- 1986 Blönduvirkjun 1. áf. 90 MW
- 1987 Blönduvirkjun 2. áf. 90 MW
- 1995 Sultartangavirkjun 120 MW
- 1999 Fljótsdalsvirkjun 1. áf. 82,5 MW
- 2000 Fljótsdalsvirkjun 2. áf. 82,5 MW

Hér er Blönduvirkjun flýtt, miðað við tilvik 01 - 09 eða 4.5.1 - 4.5.6. Þessi tímasetning er vegna óvissu um Kröflu. Blönduvirkjun tengist með tveimur 132 kV línum inn á Norðurlínu, árið 1986. Að öðru leyti verður uppbygging kerfisins eins og í tilvikum 03 - 09 eða 4.5.3 - 4.5.6.

5.1 Grunnkerfi

Athugun þessi á að skýra mismunandi uppbyggingu raforkukerfisins eftir hinum ýmsu virkjunarleiðum. Ljóst er, að stór hluti raforkukerfisins er óháður öllum virkjunarleiðum. Þar er um að ræða flutnings- og dreifikerfi innan einstakra landssvæða og héraða. Þannig er ekkert af flutningskerfinu á Suðurlandi inni í þessum samanburði, þar sem hægt er að byggja það upp óháð landskerfinu. Þar vega þyngst virkjanirnar við Sog og á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu.

Nú þegar eru ákveðnar ýmsar framkvæmdir í línukerfi landsins næstu árin. Er þar fyrst að nefna tengingu Vesturlínu í haust (1980), byggingu 132 kV línu frá Hryggstekk um Djúpavog til Hafnar á árinu 1981 eða 1982, svo og bygging Hrauneyjafosslínu frá Hrauneyjafossvirkjun að Brennimel árið 1982. Segja má, að þetta séu einu línuf framkvæmdir í meginkerfinu sem þegar eru ákveðnar. Næsta framkvæmd á eftir þessum yrði síðan lagning 132 kV Suðausturlínu frá Sigöldu til Hafnar í Hornafirð. Nauðsynlegt er að sú lína komi í gagnið árið 1983, verði Krafla ekki í rekstri, og er þá einungis miðað við rekstur kerfisins með allar 132 kV línurnar í lagi. Ef miða á við (n-1)-regluna varðandi línukerfið er nauðsynlegt að tvöfalda 132 kV línuna yfir Holtavörðuheidi strax þar á eftir. Það er hægt að gera með lagningu nýrrar línu frá Brennimel í Vatnshamra og þaðan vestur á Snæfellsnes um Heyðali og síðan að Glerárskógum. Þá fyrst er hægt að segja að aðalckerfið uppfylli (n-1) regluna.

Verði Krafla í rekstri og nái smám saman fullum afköstum má hugsa sér að fresta lagningu Suðausturlínu um einhver ár, ef aðeins er litið til rekstursins með allar línur í lagi.

Hins vegar eru Austfirðingar þá mjög illa staddir gagnvart bilun á Austurlínu og þar sem miðað er við (n-1)-regluna í þessari athugun er ekki hægt að fresta Suðausturlínu þó Krafla komist í rekstur. Sama máli gegnir um Heydalalínu, en tilvist Kröflu getur hugsanlega haft áhrif á þá línubyggingu. Þó verður rekstur kerfisins mjög erfiður, ef línur norðan Brennimels slitna, einkum að því er varðar spennuástand á Vesturlandi og Vestfjörðum. Því er í þessari athugun gert ráð fyrir, að Heydalalína komi í rekstur óháð Kröfluvirkjun.

Í Hrauneyjafosslínu verður mun gildari vír heldur en í öðrum 220 kV línunum Landsvirkjunar. Það þýðir, að straumþol hennar er mun meira. Það eitt sér er þó ekki nægilegt í samtengdu kerfi með samhliða línunum til að nýta flutningsgetu hennar. Álagið skiptir sér milli samhliða lína í öfugu hlutfalli við samviðnám línanna og þar er launviðnámíð ráðandi. Þetta veldur því m.a. að við slit á Búrfellslínu II getur Búrfellslína I fengið á sig yfirálag, en Hrauneyjafosslína að Brennimel verið langt frá þeim mörkum. Ástæða þessa er hve leiðin Hrauneyjafoss - Brennimelur - Geitháls er miklu lengri en leiðin Búrfell - Sog - Geitháls. Spennufall í kerfinu yrði einnig mjög mikið og því ekki hægt að halda viðunandi spennu í aðveitustöðvum. Til þess að bæta úr því er gert ráð fyrir að settur verði 30 Ω seriúþéttir í Hrauneyjafosslínu fyrir 1986.

Verði Kröfluvirkjun ekki í rekstri er þörf á spennustýringu á Norður- og Austurlandi. Gert er ráð fyrir því, að sett verði upp thyristorstýrt þéttavirki (SVS) á Akureyri af stærðinni 50 MVAR og á Hryggstekk 30 MVAR þéttavirki í þrem þrepum. Ef Kröfluvirkjun er í rekstri, er ekki þörf á spennustýringu þar sem virkjunin sér um hana, en gert er ráð fyrir 30 MVAR þéttavirkjum í þrem þrepum á Akureyri og Hryggstekk, sem nota má í bilunartilvikum. Koma þau að gagni bæði við línuslit og bilanir á Kröfluvirkjun.

Meginflutningskerfið er því með eftirtöldum viðbótum árið 1986:

Vesturlína 132 kV

Hryggstekkur - Djúpvogur - Höfn 132 kV

Sigalda - Klaustur - Höfn 132 kV

Hrauneyjafoss - Brennimelur 220 kV

Brennimelur - Vatnshamrar - Glerárskógar 132 kV

Seriúþéttir 30 Ω í Hrauneyjafoss - Brennimel 220 kV

Þéttavirki eru eftirfarandi:

Án Kröflu:

Akureyri: Thyristorstýrt þéttavirki 0-50 MVAR

Hryggstekkur: 3 x 10 MVAR

Með Kröflu:

Akureyri: 3 x 10 MVAR

Hryggstekkur: 3 x 10 MVAR

5.2 Grundvallaruppbygging flutningskerfisins

Gerð raforkuflutningskerfis ræðst einkum af eftirtöldum þáttum:

- a) Legu aflstöðva og notenda innbyrðis ásamt stærð þeirra.
- b) Nauðsynlegum rekstrarhætti vinnslukerfis svo að hagnaður af samrekstri aflstöðva nýtist sem best.
- c) Kröfum um rekstraröryggi.
- d) Stærð og staðsetningu varaafls í varmaorkuverum og R/O-veitum.
- e) Kröfum um efri og neðri mörk spennu.

Skal nú í stuttu máli gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða fyrir sig.

Liður a) skýrir sig að mestu sjálfur. Flutningskerfið verður að vera þannig úr garði gert, að unnt sé að koma öllu afli virkjana frá þeim til aðalaðveitustöðva dreifikerfa svo og beint til stórnotenda. Augljóslega ræður því innbyrðis lega aflstöðva og notenda miklu um nauðsynlegan fjölda flutningslína og gerð þeirra, þ.e.a.s. rekstrarspennu og gildleika víra.

Liður b). Hér er átt við að komið geti til umtalsverðra árstíða-bundinna orkuflutninga milli landshluta vegna ólíkra vatnafræðilegra skilyrða og mismunandi miðlunarstiga uppistöðulóna á svæðunum. Einnig geta jarðgufuvirkjanir í samrekstri við vatnsaflsstöðvar valdið slíkri flutningsþörf.

Liður c). Þær kröfur sem gerðar eru til rekstraröryggis flutningskerfis hafa að sjálfsögðu mikil áhrif á gerð þess. Í athuguninni var við það miðað að unnt væri að sjá notendum fyrir öllu afli á mesta álagstíma með einhverja eina línu ekki í rekstrarhæfu ástandi. Nánari grein er gerð fyrir rekstraröryggi í kafla 5.3

Liður d). Bilanir á línukerfi standa venjulega stutt yfir, oft aðeins nokkrar klukkustundir, en geta staðið nokkra daga ef bilunarstaður er slæmur og illviðri geysa. Það getur því verið hagkvæmt að grípa til varaafls varmaorkuvera, þegar svona stendur á, vegna þess að kostnaður við orkuvinnsluna er mun minni en þau útgjöld sem línur, reistar eingöngu sem varasambönd, hefðu í för með sér. Oliúkatla R/O-veitna má einnig nota í sama tilgangi.

Liður e). Eitt af meginatriðum í rekstri landskerfisins er að halda spennunni innan leyfilegra marka þótt álag breytist og orkuver skipti vinnslunni hlutfallslega ójafnt á milli sín. Oft er nauðsynlegt að hafa áhrif á launaflsflæðið í kerfinu af þessum sökum. Miðað var við að nota til þess föst og stýranleg þéttavirki auk þess að beita orkuverum á sem hagkvæmasta máta.

Ofangreind atriði voru höfð í huga við áætlanir um framtíðargerð flutningskerfisins. Miðað var við að haldið yrði áfram lagningu 132 kV byggðalína og hringnum lokað með línu frá Sigöldu um Kirkjubæjarklaustur og Höfn í Hornafirði að Hryggstekk. Sá 132 kV hringur, sem þá skapast, gegnir í raun tvíþættu hlutverki. Í fyrsta lagi er hann flutningsleið fyrir raforku milli landshluta og í öðru lagi öflug dreifilína fyrir landsvæði þau er hringurinn fer um. Kostnaður við aðveitustöðvar frá 132 kV kerfi er mun lægri en t.d. frá 220 kV kerfi og er af þeim sökum unnt að hafa stöðvarnar fleiri og auka þannig flutningsgetu til notenda.

Þegar 132 kV hringurinn er orðinn ónógur fyrir flutningsþörfina er áætlað að hann verði styrktur með 220 kV línunum, þar sem þörf krefur. Venjulega er hér um takmarkanir á hluta hringsins að ræða, sem orsakast af mikilli flutningsþörf milli landshluta vegna nýrra stórvirkjana, sem þjóna eiga landinu öllu. 220 kV kerfið er þannig fyrst og fremst flutningskerfi og línur þess hafa tiltölulega fáa viðkomustaði. 132 kV kerfið fær hins vegar æ meira hlutverk dreifikerfis er álag vex og virkjunum fjölgar.

Við áætlanagerðina var ekki beitt bestun, heldur var leitast við að finna kerfi með lágmarksstofnkostnaði er jafnframt uppfyllti áður nefndar kröfur. Þetta er sú aðferð sem notuð hefur verið víðast hvar fram til þessa.

5.3 Rekstraröryggi

Með rekstraröryggi er hér átt við öryggi notenda gagnvart truflunum á orkuafhendingu vegna bilana á flutningslínunum. Lína er skilgreind sem tengiliður tveggja rofavirkja og er minnsta eining, sem rofnað getur úr flutningsleið.

Ef rekstraröryggi flutningskerfis er aukið krefst það meiri fjárfestingar, en algerlega öruggt flutningskerfi er fjarstæða, því slíkt myndi hafa í för með sér óendanlega háan stofnkostnað. Það er því ljóst, að ein af grundvallarforsendum áætlana um flutningskerfi hljóta að vera þau mörk, sem kallast mega nauðsynlegt rekstraröryggi. Hafi þau verið skilgreind nægjanlega, er áætlanagerðin í því fólgin að finna kerfisgerð með lágmarkskostnaði, sem uppfyllir jafnframt öryggiskröfurnar. Þetta er sú aðferð, sem beitt hefur verið víðast hvar fram til þessa (IEEE Committee Report No 3 1980 og Glende, I. 1980).

Engin algild neðri mörk rekstraröryggis eru þó viðurkennd. Nægir að minna á ólík sjónarmið þeirra, sem annast daglegan rekstur og hinna, sem að áætlanagerð vinna.

Algennt er að gera þá kröfu til línukerfis, að unnt sé að sjá notendum fyrir öllu afli á mesta álagstíma með einhverja eina línu ekki í rekstri. Þetta er oft nefnt (n-1)-reglan, sem merkir, að hver og ein af n línum kerfisins megji bila, þó aldrei nema ein í senn, án þess að til takmarkana á orkuafhendingu komi.

Kosturinn við notkun (n-1)-reglunnar er sá, að hún er einföld og auðskilin og kerfst ekki mikilla útreikninga ef línufjöldi kerfisins er ekki því meiri. Galli hennar er hins vegar einkum sá, að hún tekur ekkert tillit til fjárhagslegrar hagkvæmni. Eins og áður var drepið á, kallar aukið öryggi á meiri fjárfestingu en á móti kemur lækun útgjalda vegna orkuskortis. Það er því þjóðhagslega hagkvæmt að eyða fé í aukið rekstraröryggi á meðan ávinningurinn er meiri en útgjöldin (Munasinghe & Gellerson 1979 og Munasinghe 1980). Einnig má benda á að reglan hentar illa við kerfi, sem eru gerð úr þáttum með mjög mismunandi bilunartíðni og viðgerðartíma, t.d. loftlínunum, jarð- og sæstrengjum.

Í þessari athugun var við það miðað að línukerfið uppfyllti (n-1)-regluna, en jafnframt var þó varaafli kerfisins bæði dísilstöðvar og oliukatlar R/O-kyndistöðva nýtt, ef á þann hátt var unnt að komast hjá því að reisa línur sem einungis væru til vara. Engar varastöðvar voru þó reistar í þeim tilgangi einum að tryggja öryggi notenda gagnvart línubilunum, heldur aðeins nýttar þær dísilstöðvar, sem ákveðið var að hafa í kerfinu, til þess að auka orkuvinnslugetu vatnsaflsstöðvanna svo

og fyrirhugaðar kyndistöðvar R/O-veitna. Í samtengdu orkukerfi skiptir ekki máli hvar dísilstöðvar eru staðsettar ef hlutverk þeirra er að auka orkuvinnslugetuna.

Þessi staðreynd var hagnýtt á þann hátt að koma þeim fyrir þar sem hagkvæmt er til þess að uppfylla áður nefndar öryggiskröfur. Þannig er t.d. við það miðað að á Vestfjörðum sé ætíð nægjanlegt varaafli til þess að íbúar þess héraðs búi við sama öryggi og aðrir landsmenn þótt til Vestfjarða liggi aðeins ein lína og orkuflutningur þangað stöðvist ef hún bilar.

5.4 Álag

Álag á aðveitustöðvar flutningskerfisins er samkvæmt orku- og aflsspá Orkuspárnefndar, útg. í jan. 1978, en í skýrslu hennar er að finna skiptingu álags eftir landssvæðum þau ár, sem athugunin tekur til. Í aflspánni er miðað við aflþörf við stöðvarvegg og er hún því hærri en ef miðað er við aflþörf hjá notendum, sem er sú stærð er gengur inn í aflflæðisreikninga. Ekki þótti ástæða til þess að leiðrétta þetta mismæmi, enda lítið, og óvissa aflspárinnar mun meiri.

Í orku- og aflsspá er ekki við það miðað að stóriðjunotkun aukist umfram þá notkun sem nú er. Eigi að síður þótti rétt að kanna hver áhrif slíks álags væru á framtíðarkerfið. Í því skyni var bætt við 150 MW stórnotanda á tímabilinu í þremur áföngum 50 MW árið 1986, 50 MW árið 1988 og loks 50 MW árið 1990. Könnuð voru áhrif staðarvals fyrir slíkan notanda á flutningskerfið, þ.e. að hann yrði á Grundartangasvæðinu, í Eyjafirði eða á Reyðarfirði.

Aflstuðull almennrar notkunar með húshitun var áætlaður 0,85 en 0,95 fyrir stóriðju.

Húshitunarmarkaði samkvæmt orkuspá Orkuspárnefndar (jan. 1978) var skipt í tvennt, annars vegar beina rafhitun og hins vegar R/O-veitur. Í töflu 5.4.1 er skrá yfir afl- og orkuþörf R/O-veitna eftir landshlutum og árum. Sjá nánar í hefti II.

TAFLA 5.4.1

Orku- og aflsspá R/O-veitna

Ár	Vesturland		Vestfirðir		Austurland		Samtals	
	GWh/a	MW	GWh/a	MW	GWh/a	MW	GWh/a	MW
1979	0	0	0	0	0	0	0	0
1980	24	4,7	14	2,8	31	6,3	69	13,8
1981	29	5,8	17	3,4	38	7,6	84	16,8
1982	34	6,7	20	4,0	44	8,9	98	19,6
1983	39	7,7	23	4,6	51	10,3	113	22,6
1984	43	8,7	26	5,1	58	11,6	127	25,4
1985	48	9,7	29	5,7	65	13,0	142	28,4
1986	52	10,3	30	6,1	68	13,6	150	30,0
1987	54	10,8	32	6,4	72	14,4	158	31,5
1988	57	11,4	33	6,7	76	15,1	166	33,2
1989	60	11,9	35	7,0	79	15,9	174	34,8
1990	62	12,5	37	7,3	83	16,6	182	36,4
1991	64	12,9	38	7,6	86	17,1	188	37,6
1992	66	13,3	39	7,8	89	17,3	194	38,8
1993	68	13,6	40	8,0	91	18,2	199	39,8
1994	70	14,0	41	8,3	94	18,7	205	41,0
1995	72	14,5	43	8,5	96	19,2	211	42,2
1996	74	14,8	44	8,8	99	19,8	217	43,4
1997	77	15,4	45	9,0	102	20,4	224	44,8
1998	79	15,8	46	9,2	105	21,0	230	46,0
1999	81	16,2	48	9,6	108	21,6	237	47,4
2000	83	16,6	49	9,8	111	22,2	243	48,6

5.5 Leyfilegt spennufall og töp

Gerð var sú krafa að spenna í aðveitustöðvum færi hvergi niður fyrir 90% og ekki upp fyrir ca 110% af málspennu í bilunartilvikum. Á þennan hátt er tryggt að spennuástand hjá notendum sé ætíð eðlilegt ef þess er gætt að aðveituspennar hafi nægjanlegt spennustillingarsvið.

Í aflstöðvum var við það miðað að unnt væri að halda 110% af málspennu á háspennuteinum tengivirkja.

Til þess að unnt væri að uppfylla spennukröfurnar var nauðsynlegt að veita launafli inn á kerfið utan aflsstöðva með þéttavirkjum. Nánari grein er gerð fyrir þessu atriði í kafla 4 og kafla 5.1.

Ekki var lagt neitt fjárhagslegt mat á afltöp í kerfinu eða gerð tilraun til bestunar með tilliti til þeirra. Hins vegar verður að líta svo á, að þau kerfi, sem áætluð hafa verið séu lágmarkskerfi, tæknilega og kostnaðarlega, en uppfylli að sjálfsögðu þau skilyrði, sem sett voru.

Afltöp eru á bilinu 3-4% af heildarálagi þegar kerfið er í eðlilegum rekstri, en 5-7% þegar það er rekið með línusliti á versta stað.

5.6 Varaafl

Til að uppfylla þær kröfur um rekstraröryggi, sem gerðar eru til kerfisins, með sem minnstum kostnaði var reynt að nýta allt það varaafli sem tiltækt er og kemur að gagni á hverjum tíma. Á það bæði við um þær varmaafilstöðvar, sem notaðar eru til raforkuframleiðslu og oliúkatla R/O-veitna. R/O-veiturnar eru það varaafli sem hefur minnstan breytilegan kostnað, en framleiðsla þeirra er bundin við þann hitunarmarkað sem þær annast á hverjum tíma. Vegna hins lága breytilega kostnaðar við notkun oliúkatla R/O-veitna eru þeir það varaafli sem fyrst er nýtt þegar erfiðleikar verða á rekstri kerfisins vegna bilana, enda er hagkvæmni veitnanna einkum fólgin í því svigrúmi sem þær veita við uppbyggingu raforkukerfisins, bæði varðandi virkjanir og flutningskerfi. Um frekari upplýsingar um R/O-veitur vísast í kafla 5.4, þar sem rætt er um álagsforsendur.

Þær varastöðvar til raforkuframleiðslu, sem miðað var við í þessari áætlun eru núverandi stöðvar auk ákveðinnar viðbótar af svartolíustöðvum. Þessar nýju varastöðvar eru til komnar vegna orkuöflunarkerfisins, en leitast var við að halda sama hlutfalli milli vatnsafls og olíustöðva og er nú í dag. Af þeim sökum koma inn á kerfið nýjar 15 MW svartolíustöðvar eftirtalin ár: 1984, 1988, 1992, 1996 og árið 2000. Staðsetning

Þessara varastöðva skiptir ekki máli fyrir orkuöflunarkerfið að öðru leyti en því, að flutningskerfið verður að leyfa fullnýtingu vélanna, þegar það er í eðlilegu ástandi.

Þær kröfur um rekstraröryggi kerfisins, að þjónusta við notendur skerðist ekki við bilun á einum hlekk þess, setur skorður varðandi staðsetningu þessa varaafls. Ekki er gert ráð fyrir nema einni línu inn á Vestfirði og til að uppfylla kröfur um rekstraröryggi verða því þrjár fyrstu varastöðvarnar að vera þar. Eru því aðeins þær svartolíustöðvar sem koma árin 1996 og 2000 sem eru til ráðstöfunar. Á þeim tíma er kerfið orðið svo þróað, að tilkoma einnar 15 MW svartolíustöðvar hefur lítil áhrif á landskerfið. Hins vegar gæti slík stöð, með rétttri staðsetningu, orðið til sparnaðar í þeim hluta flutningskerfisins sem ekki er tekinn með í athuguninni.

Með því að koma upp auknu varaafli á réttum stöðum á tímabilinu 1986-1990 mætti spara flutningsvirki, einkum ef ráðist yrði í nýja stóriðju. Þegar líða tekur að aldamótum hafa virkjanir verið reistar í flestum landshlutum og varaafllspörf flutningskerfisins því orðin minni.

5.7 Kostnaðarútreikningar

Ljóst er, að stór hluti kerfisins er algjörlega óháður þeirri virkjunarleið sem farin er og byggist upp óháð henni. Þessi athugun beinist fyrst og fremst að þeim hluta kerfisins sem kalla má landskerfi er gerð þess er mjög háð virkjunarleiðum. Þetta kerfi skilar raforku til notenda inn á helstu aðveitustöðvar landsins, þaðan sem því er dreift um einstök landsvæði og þá gjarnan á lægri spennu. Því er það aðeins kostnaður við þetta landskerfi sem tekinn er með í samanburðinum. Skilin á milli geta þó verið óljós þegar línur í sumum virkjunarleiðum, sem auk þess að sinna sínum þætti í landskerfinu, gegna hlutverki sem héraðskerfi, sinna í öðrum virkjunarleiðum. Sem dæmi um slíka línu má nefna línuna frá Varmahlíð um Heljardalsheiði til Dalvíkur og þaðan til Akureyrar. Er þá aðeins tekinn kostnaður við sjálfa línuna og endabúnað við hana, en ekki tekinn með kostnaður við aðveitustöð á Dalvík. Hvenær sú aðveitustöð er byggð skiptir litlu máli fyrir landskerfið og er háð því kerfi sem þjónar utanverðum Eyjafirði og stendur utan við landskerfið.

Á sama hátt var ekki tekinn með kostnaður við stækkanir og viðbætur á aðveituspennum, þegar um er að ræða niðurspenningu fyrir héraðsdreifingu. Slíkar framkvæmdir eru óháðar landskerfinu og því eins í öllum tilvikum.

Kostnaður við flutningskerfin fyrir hinar ýmsu virkjunarleiðir er að lokum borinn saman á grundvelli nógildis fyrir þær framkvæmdir sem koma á árunum 1986 - 2000 á júliverðlagi 1979.

Gengið er út frá 8% ársvöxtum og nógildið gert upp um mitt ár 1979 og miðað við 35 ára líftíma á flutningslínunum, 20 ára líftíma aðveitustöðva og rekstrarkostnað 0,5% á ári. Kostnaður við flutningsvirki er endurheimtur með jöfnum greiðslum á afskriftatíma flutningsvirkjanna. Í nógildisreikningunum eru aðeins teknar þær greiðslur sem falla á tímabilinu til aldamóta.

6 NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður kostnaðarreikninga fyrir þau tilvik sem athuguð voru má sjá í töflu 6.1. Þar er sýndur kostnaðurinn sundurgreindur fyrir virkjanir, og flutningskerfi.

Eins og auðsætt er við lestur töflu 6.1 sýnir hún mismun kostnaðar miðað við ódýrustu kosti, annarsvegar ef Krafla er ekki í rekstri og hins vegar ef hún gengur með 60 MW afli. Í fyrra tilvikinu er núvirði virkjanakostnaðar 44000 Mkr og línukostnaðar 2720 Mkr í því seinna eru samsvarandi tölur 23970 Mkr og 1530 Mkr.

Ef skoðaðar eru kostnaðartölur fyrir flutningskerfið við hinar ýmsu virkjunarleiðir kemur í ljós, að munur milli leiða getur verið mjög mikill. Hár kerfiskostnaðurinn verður í tilvikum sem krefjast mikilla flutningsvirkja snemma og einnig þegar virkjað er í einum landshluta fyrir orkumarkað í öðrum.

Fyrir almennan markað og Kröfluvirkjun ekki í rekstri er kostnaðarmunur dýrasta og ódýrasta flutningskerfisins 3000 Mkr í núgildi. Á þessu er einföld skýring. Í dýrasta tilvikinu, sem er kerfið í virkjunarleið IV, er byrjað á 330 MW virkjun í Fljótsdal. Álagið á Austurlandi er aðeins um 50 MW þegar virkjunin kemur í rekstur og vex í 80 MW á tímabilinu til aldamóta. Þetta þýðir að flytja verður stærsta hlutann af framleiðslu virkjunarinnar á markað í öðrum landshlutum og veldur það hinum mikla kostnaði við flutningskerfið. Litlu ódýrara er að einbeita sér áfram að virkjunum á Þjórsársvæðinu eins og í virkjunarleið V, þar sem þá er nauðsynlegt að efla ennfrekar flutningskerfið þaðan og norður í land.

Það hefur hins vegar minnstan kostnað við flutningskerfið í för með sér að velja virkjuarleið VI með minni virkjunum sem hæfa vel markaðnum í þeim landshluta, þar sem þær eru. Byrjað er á 64 MW Bessastaðárvirkjun og því næst Blönduvirkjun, en endað á Þjórsársvæðinu. Orkuflutningar milli landshluta eru í lágmarki í þessari virkjunarleið og því minni þörf á nýjum flutningslínunum en ella.

Ef litið er á samanlagðan kostnað fyrir virkjanir og flutningskerfi kemur í ljós að tvær virkjunarleiðir skera sig úr með lágan heildar-

kostnað, þ.e. virkjunarleiðir I og II. Í báðum tilvikum er byrjað á Blönduvirkjun en síðan farið í Sultartangavirkjun og því næst Fljótsdalsvirkjun í leið I, en farið beint í Fljótsdalsvirkjun í leið II. Þó að Sultartangavirkjun sé ekki jafn hagkvæm og Fljótsdalsvirkjun þá er ódýrara að ráðast í hana strax á eftir Blönduvirkjun, þar sem sparnaður í flutningskerfinu verður mikill. Með því að hefjast handa við Sultartangavirkjun strax á eftir Blönduvirkjun og síðan Fljótsdalsvirkjun má fresta dýrum línunum frá Fljótsdal þangað til um og eftir aldamót.

Í virkjunarleið III er fyrst ráðist í Sultartangavirkjun, því næst Blönduvirkjun og að síðustu Fljótsdalsvirkjun. Þarna er búið að víxla Blönduvirkjun og Sultartangavirkjun, sé miðað við leið I. Þessi rök á virkjunum hefur meiri kostnað við flutningskerfið í för með sér en leið I og veldur því umfangsmeiri styrking á línukerfinu á Norðurlandi árið 1989 heldur en í leið I. Virkjunarkostnaður er einnig meiri og því verður virkjunarleið III mun óhagkvæmari en virkjunarleið I.

Þó að virkjunarkostnaður í leið IV sé lægri en í leið I, þá gerir hinn mikli kostnaður við flutningsvirki, sem fyrr var minnst á, þessa leið mun óhagkvæmari en leið I.

Í leið V er byrjað á virkjun Sultartanga, því næst farið í Búrfellsvirkjun II og þá Blönduvirkjun. Kerfiskostnaður við þessa leið er nokkuð hár vegna lagningar 220 kV háspennulínu frá Hrauneyjafossi um Sprengisand og Bárðardal árið 1989. Virkjunarkostnaður við þessa leið er einnig nokkuð hár og verður því þessi leið rúmum þremur milljörðum dýrari í núgildi en sú ódýrasta.

Virkjunarleið VI sem hefur lægsta kerfiskostnað í för með sér, er með hæsta virkjunarkostnaðinn, og verður því sú óhagkvæmasta þegar á heildina er litið.

Aðeins fjórar fyrstu virkjunarleiðirnar voru athugaðar með Kröfluvirkjun í rekstri. Almennt má segja að tilvist Kröflu hafi þrenns konar áhrif. Í fyrsta lagi minnkar hún þörfina á aukinni flutningsgetu kerfisins til Norðurlands frá virkjunum í öðrum landshlutum. Í öðru lagi jafngildir Kröfluvirkjun að nokkru leyti stækkun á Fljótsdalsvirkjun sem nemur einum áfanga, séð frá kerfinu utan Austurlands og flýttir því línuframkvæmdum frá

Fljótsdalsvirkjun á þann hátt, að línuframkvæmdir sem voru áður nauðsynlegar við tilkomu þriðja áfanga virkjunarinnar verða nú nauðsynlegar við tilkomu annars áfanga o.s.frv. Í þriðja lagi seinkar Kröfluvirkjun í rekstri öllum virkjunarframkvæmdum um nokkur ár og þar með þeim línuframkvæmdum sem óhjákvæmilega fylgja virkjununum. Þetta endurspeglast í þeim kostnaðartölum sem má sjá í töflu 6.1. Virkjunarleið I er enn ódýrust, virkjunarleið III er nú orðin álíka dýr og virkjunarleið II. Umframkostnaðurinn við leið IV hefur lækkað lítillega ef lítið er á kerfiskostnaðinn, en það er þó lítið sé tekið mið af hinum almennu seinkunum framkvæmda vegna Kröfluvirkjunar.

Niðurstöður kostnaðarreikninga við virkjunarleiðir án nýrrar stóriðju benda til þess, að hagkvæmast sé að virkja Blöndu næst á eftir Hrauneyjafossi hvort sem Krafla verður í rekstri eða ekki, en virkjun númer tvö skuli vera Sultartangavirkjun.

Ef gert er ráð fyrir nýjum orkufrekum iðnaði sem bætist við í þremur 50 MW áföngum árin 1986 - 1990 þá er hagkvæmni virkjunarleiða mjög háð staðsetningu þessa nýja iðnaðar. Virkjanir í einum landshluta samfara uppbyggingu stóriðju í öðrum landshluta geta leitt til mjög mikilla og hraðra fjárfestinga í flutningskerfinu. Ef lítið er yfir kostnað fyrir þær virkjunarleiðir og þá þrjá stóriðjustaði, sem athugaðir voru, kemur í ljós, að tvö atriði skera sig úr að því er kostnað áhrærir. Í fyrsta lagi er kerfiskostnaður við stóriðju á Grundartanga yfirleitt lítill og gætir þar áhrifa þess að 220 kV línurnar frá Geithálsi og Hrauneyjafossi hafa þegar verið reistar. Í öðru lagi getur kerfiskostnaður vegna stóriðju á Reyðarfirði verið mjög lítill ef samfara uppbyggingu stóriðjunnar verður ráðist í Fljótsdalsvirkjun.

Stóriðju á Akureyri fylgir alltaf nokkur kerfiskostnaður. Ástæða þess er fyrst og fremst sú, að Akureyri er nokkuð langt frá þeim virkjunum sem hér voru athugaðar auk þess sem línukerfi að Akureyri fyrir almenna notkun þolir ekki svo stórfellda álagsaukningu, sem af stóriðju hlýst. Verða því alltaf talsverðar línubyggingar til Akureyrar samhliða því sem stóriðja kemur í rekstur. Skiptir hér ekki megin máli hvort Kröfluvirkjun er í rekstri eða ekki, þó svo tilvist hennar gefi að sjálfsögðu meira svigrúm í framkvæmdum. Af þeim virkjunum sem athugaðar voru, er Blönduvirkjun

næst Akureyri og er vegalengdin rúmir hundrað km. Að Fljótsdalsvirkjun eru tæpir tvö hundruð km og rúmir tvö hundruð að Hrauneyjafossvirkjun. Til að uppfylla þær kröfur um rekstraröryggi kerfisins, sem lagðar voru til grundvallar, er nauðsynlegt að tvær 220 kV línur séu komnar að Akureyri um leið og síðasti áfangi stóriðjunnar kemur í rekstur. Hvaðan þessar tvær línur koma er háð þeirri virkjunarleið sem um er að ræða í hvert skipti.

Ef litið er á stóriðju á Grundartanga sérstaklega, þá verða þær virkjunarleiðir ódýrastar þar sem fyrstu tvær virkjanirnar eru Blönduvirkjun og Sultartangavirkjun. Vegna þess hve stuttur tími er milli þess sem þær koma í rekstur, eða tvö ár, skiptir litlu máli út frá kostnaði við flutningskerfi hvor kemur á undan. Hins vegar er rekstur kerfisins mun auðveldari ef Blönduvirkjun er fyrr á ferðinni eins og í virkjunarleið I. Ástæðan er sú, að tilkoma Blönduvirkjunar stöðvar að mestu orkuflutninga út úr Landsvirkjunarkerfinu við Brennifel og veitir því svigrúm til að auka stóriðjuálag á Brennifel án þess að rekstur kerfisins verði lakari. Síðan sér Sultartangavirkjun um aukningu í stóriðjunni og ekki þarf að gera nema minniháttar endurbætur á flutningskerfi Landsvirkjunar til þess að anna þeim markaði fyrstu árin.

Fljótsdalsvirkjun tekur síðan við aukningu í almennri notkun til aldamóta ásamt Búrfellsvirkjun II. Uppbygging á þeim tíma er mun hægari en á meðan stóriðjan var í vexti.

Í virkjunarleið II kemur Fljótsdalsvirkjun næst á eftir Blönduvirkjun. Vegna þess hve orkueftirspurnin eykst hratt þau ár þegar stóriðjan bætist við, þurfa áfangar Fljótsdalsvirkjunar að koma með stuttu millibili. Vegna hinnar dýru flutningsvirkja sem fylgja Fljótsdalsvirkjun verður kostnaður við flutningsvirki hár þessi ár og þar með verður kerfiskostnaður vegna þessarar virkjunarleiðar nokkuð mikill.

Í virkjunarleið III er víxlað röðinni á Blöndu og Sultartanga miðað við virkjunarleið I. Vegna þess hve stutt er á milli þess að virkjanir koma í rekstur hefur þessi víxlun lítil áhrif á kerfiskostnaðinn.

Í virkjunarleið IV kemur Fljótsdalsvirkjun fyrst í rekstur. Vegna þess hve markaðurinn vex hratt er Fljótsdalsvirkjun fullbyggð árið 1988, og

fylgir því mjög hröð uppbygging línakerfisins frá virkjuninni. Kerfis-
kostnaður verður því mjög hár í þessu tilviki.

Í virkjunarleið V er byrjað á Sultartangavirkjun, en því næst farið í
Búrfellsvirkjun II. Þessi framkvæmdaröð flýttir styrkingu á Lands-
virkjunarkerfinu, ekki aðeins til að tryggja orkuflutninga að nýju
